



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. janúar 2008 – 19. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

Skrifar um smákrimma

Söngvarinn og hönnuðurinn Karl Örvarsson hefur skrifað kvikmyndahandrit um íslenska smákrimma.

FÓLK 38



Bakkus erfiður andstæðingur

Þrjátíu ár eru frá stofnun áfangageimilisins Ris. Guðlaugur Sveinsson hefur veitt heimilinu forstöðu frá upphafi.

TÍMAMÓT 14



Pólítískar ráðningar

„Þetta snýst ekki um þann sem er ráðinn, heldur um hina sem ekki fá að njóta sannmælis“, skrifar Ellert B. Schram.

Í DAG 11


Spillti fyrir Keegan

Grétar Rafn Steinsson var í byrjunarliði Boltón í ensku úrvalsdeildinni í gær.

ÍPRÓTTIR 32



VEÐRIÐ Í DAG



LÆGIR Á LANDINU - Minnkandi norðanátt, 3-10 m/s, stífastur austan til. Snjókoma eða él á norðan- og austanverðu landinu, annars fremur bjart. Hiti nálægt frostmarki.

VEÐUR 4

MENNTADAGUR IÐNAÐARINS 2008

Ráðstefna um námsefnisgerð fyrir iðn- og starfsnám

Miðvikudaginn 23. janúar frá kl. 9.00 til 12.00 í nýju Íþrótt- og sýningarhöllinni Laugardal

Skráning á www.si.is



Samtök iðnaðarins

Vilja að Fischer verði grafinn á Þingvöllum

Þeirri hugmynd að Bobby Fischer fái að hvíla í þjóðargrafreitnum á Þingvöllum hefur verið varpað fram í RJF-hópnum. Hann myndi þá hvíla við hlið þjóðskáldanna Einars Benediktssonar og Jónasar Hallgrímssonar.

SAMFÉLAGSMÁL „Við höfum varpað fram þeirri hugmynd að hann verði jarðaður í þjóðargrafreitnum á Þingvöllum,“ segir Einar S. Einarsson, einn forsvarsmanna RJF-stuðningshópsins.

Einar segir að hópurinn hafi fundað um það hvernig skuli að útförinni staðið og hafi allir verið sammála um að hann fengi að hvíla í íslenski jörð. „Það verður náttúrulega að huga að því að það þarf gott aðgengi að legstað jafn frægs manns og Fischer var og það er ekki ólíklegt að þangað muni ferðamenn leggja leið sína um ókomin ár.“ Einar leggur þó áherslu á að

ekkert hafi verið ákveðið. Hann segir einnig að rætt hafi verið um að útförin verði að hluta opinber.

Unnusta Bobbys Fischer er væntanleg til landsins í byrjun næstu viku. „Hann átti líka systurdætur í Bandaríkjunum sem hafa sitt að segja í þessu líka en við höfum enn ekki heyrt neinar óskir frá þeim.“

Kristján Valur Ingólfsson Þingvallaprestur segir að málið þyrfti fyrst að fara til umfjöllunar hjá Þingvallanefnd en síðar yrði að taka ákvörðun um það á Alþingi. „Það tók nú engan tíma að útvega Bobby Fischer ríkisborgararétt

þannig að það þyrfti sennilega ekki svo langan tíma að ákveða hvar hann ætti að liggja ef það verður gert hér á landi,“ segir Þingvallaprestur. En hvernig list honum á hugmyndina? „Mér finnst svona í fljótu bragði ekki líklegt að Bobby Fischer hefði sjálfur viljað liggja á Þingvöllum og við prestarnir reynum fyrst og fremst að taka mið af því sem hinn látni hefði valið. En ég væri vissulega til í að koma að þessu ef til þess kæmi.“

Ef að þessum hugmyndum verður mun Fischer hvíla við hlið þjóðskáldanna Einars Benediktssonar og Jónasar Hallgrímssonar. - jse



FYRIRLIÐINN FÓR FYRIR LIÐINU Guðjón Valur Sigurðsson tók við fyrirlíðabandinu af Ólafi Stefánssyni og leiddi íslenska handboltalandsliðið til sex marka sigurs á Slóvakíu á EM í handbolta í gær. Guðjón Valur fagnar hér einu af sjö mörkum sínum. Íslenska liðið er komið með annan fótinn í milliriðil eftir sigurinn en liðið mætir Frökkum í lokaleik riðilsins í kvöld. Sjá síðu 34-35

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Mikil gróska í dagskrárgerð hjá íslensku sjónvarpsstöðvunum:

Aldrei meira af leiknu efni

SJÓNVARP Íslenskir sjónvarpsáhorfendur eiga á næstu misserum von á mun meira framboði af leiknu íslensku sjónvarps efni en hingað til hefur verið. Að minnsta kosti fimm leiknir sjónvarpsþættir eru í bígerð og fleiri á teikniborðinu.

Stöð 2 sýndi Næturvaktina fyrri hluta vetrar við góðar undirtektir og nú standa yfir sýningar á Pressunni. Á teikniborðinu er svo Dagvaktin, framhald Næturvaktarinnar.

Þá undirbýr stöðin réttardrama sem kallast Réttur og þriðja leikna þáttaröðin sem búið er að taka ákvörðun um að framleiða er gamanþáttaröðin Sylgja með Ilmi Kristjánssdóttur í aðalhlutverki. Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri á Stöð 2, segir ætlunina að leggja um 300 milljónir í leikna innlenda þætti á næstu misserum.

Í Sjónvarpinu verða Mannaveiðar frumsýndar um páskana en þætt-

irnir byggja á Aftureldingu, sögu Viktors Arnar Ingólfssonar. Þá eru á komandi hausti fyrirhugaðar sýningar á þáttaröðinni Svörtum englum sem byggir á sögum Ævars Arnar Jósefssonar. Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri á RÚV, gerir ráð fyrir að á næstu misserum verði á vetrardagskrá leikið innlent efni í rúmar tuttugu vikur af þeim rétt þrjátíu sem vetrardagskráin varir. sjá Menningarblað

Stefán Máni í útrás: Slegist um útgáfu Skipsins

FÓLK Gengið hefur verið við samninga um útgáfu á Skipinu,

bók Stefáns Mána, við helstu forlög í Evrópu. Má þar nefna hið þýska Ullstein, franska forlagið Gallimard og sænska forlagið Albert Bonnier en áður hafði

STEFÁN MÁNI

útgáfurisinn Gyldendal keypt útgáfurétt bókarnar í Danmörku.

- jbg / sjá síðu 38

Björn Ingi Hrafnsson: Íhugar stöðu sína í Framsókn

STJÓRNMÁL „Ég tel að ef við losnum ekki undan þeirri áþjón að þurfa að eiga í deilum innan okkar eigin raða þá treysti ég mér varla til að halda þessu áfram,“ segir Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins.

Nýverið sendi Guðjón Ólafur Jónsson, fyrrum þingmaður flokksins, bréf þar sem hann sagði flokksstarfið einkennast af áhugaleysi og nefndi gróusögur um misnotkun forystumanna flokksins. Guðjón Ólafur segist hafa sent bréfið í stað jólakorta sem hann gat ekki gert vegna annríkis. „Þetta eru einhverjar skrítnustu jólakveðjur sem ég veit um,“ segir Björn Ingi.

- jse / sjá síðu 4

Nýir pennar hjá Fréttablaðinu: Valgerður og Árni Páll takast á

UMRÆDA Valgerður Sverrisdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, og Árni Páll Arnason, þingmaður Samfylkingarinnar, bætast í hóp fastra penna hjá Fréttablaðinu í dag. Þau skiptast á skoðunum í þættinum Bitbein á leiðarasíðu, annan hvorn sunnudag.

Árni Páll ríður á vaðið og spyr hvort breyta eigi reglum um heimildir fyrirtækja til að gera upp í erlendri mynt. - bs / sjá síðu 10

Hjólhýsasýning

Við frumsýnum 2008 árgerðina af stórglæsilegum Polar hjólhýsum helgina 19.-20. janúar í verslun okkar að Fosshálsi 5-7. Léttar veitingar í boði!

Lau kl. 10.00-17.00
Sun kl. 12.00-16.00

Útilegu maðurinn

OPÍÐ FRÁ 13 TIL

Á SUNNUDÖGUM

SPURNING DAGSINS



Guðjón Ólafur, skapa fótin flokkinn?

Karnabær og co, pottþétt!

Guðjón Ólafur Jónsson segir í bréfi, sem hann sendi framsóknarmönnum í Reykjavík, frá grúsögum um forystumenn flokksins sem hefðu notað sjóði Framsóknarflokksins í fatakaup fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar.

Þjófar á ferð á skemmtistað: Tollgæslumenn stálu veski

LÖGREGLUMÁL Tveir starfsmenn Tollgæslunnar eru grunaðir um að hafa stolið veski af konu á skemmtistað í Reykjavík í fyrrinótt. Frá þessu er greint á fréttavef Vísis.

Mennirnir tveir viku sér að konunni og sögðust vera að sinna fíkniefnaeftirliti á vegum Tollgæslunnar. Þeir vildu fá að skoða í veski hennar en áður en hún vissi af hlupu þeir á brott með veskið. Konan og vinir hennar náðu að handsama annan manninn og kalla á lögreglu sem handtók manninn.

Lögreglan rannsakar málið og staðfestir að mennirnir hafi verið með einkennisbúnað merktan Tollgæslunni. Fíkniefnaeftirlit í miðborginni er ekki í höndum Tollgæslunnar.

- þo

Borgarstjórnin í New York:

Sagður búa sig undir framboð

BANDARÍKIN, AP Michael Bloomberg, borgarstjóri í New York, er sagður velta því fyrir sér af fullri alvöru að sækjast eftir að verða forsetaefni Repúblikanaflokksins í kosningunum í nóvember, þrátt fyrir að forkosningar séu þegar hafnar.



MICHAEL BLOOMBERG

Sjálfur hefur hann ítrekað sagst ekki vera í framboði, en lætur þó stöðugt kanna hvaða möguleika hann hefði á sigri. Nýjustu áform hans um að lækka fasteignagjöld í New York um 65 milljarða króna eru sögð auka líkur hans á að ná til kjósenda. Í næstu viku fer hann til Texas og Flórída, sem eru meðal fjölmennustu ríkja Bandaríkjanna.

- gb

Fjórtán meintir hryðjuverkamenn handteknir í Barcelona:

Ótti við hryðjuverkaöldu

SPÁNN Spænska lögreglan handtók í gær fjórtán meinta hryðjuverkamenn í Barcelona. Efni til sprengjugeðar fundust við húsléit á heimilum þeirra. Lögregla lagði hald á tölvur mannanna, farsíma og fleira sem talið er að geti varpað ljósi á fyrirætlanir þeirra. Tólf mannanna eru frá Pakistan en tveir frá Indlandi.

Spænska leyniþjónustan hefur varað Portúgala, Frakka og Breta við því að hryðjuverkaöld sé yfirvofandi. Málið er enn í rannsókn og ekki er útilokað að fleiri verði handteknir.

Alfredo Perez Rubalcaba, innanríkisráðherra Spánar, segir

margt benda til þess að hinir handteknun hafi lagt á ráðin um hryðjuverk í landinu og að þeir tengist alþjóðlegum hryðjuverka-samtökum.

Á síðastliðnum fjórum árum hafa um þrjú hundruð meintir hryðjuverkamenn verið handteknir í landinu. Tuttugu og einn hryðjuverkamaður situr inni fyrir aðild að hryðjuverkunum sem framin voru í Madríd árið 2004.

- ve

EINN HINNA GRUNUÐU Spænska lögreglan handtók fjórtán menn eftir að efni til sprengjugeðar fundust við húsléit. NORDICPHOTOS/AFP



Bresk persónuvernd skoðar Facebook

Bretar hafa áhyggjur af því að óparfa persónuupplýsingar séu vistaðar á netþjónum Facebook. Forstjóri hinnar íslensku Persónuverndar segir að fólk þurfi að vera meðvitað um hvaða upplýsingar það setur á netið.

PERSÓNUVERND Breska persónuverndarstofnunin ICO (The Information Commissioner's Office) hyggst kanna hvernig persónuupplýsingar eru geymdar og varðar á vef Facebook. Rannsóknin kemur í kjölfar athugasemda frá breskum notanda Facebook sem lokaði Facebook-síðunni sinni en komst að því að hann gat ekki eytt að fullu upplýsingum um sig sem hann hafði skráð þar. Dótt upplýsingarnar séu ekki lengur sýnilegar öðrum Facebook-notendum eru þær ennþá vistaðar á netþjónum Facebook.



SIGRÚN JÓHANNESDÓTTIR FORSTJÓRI PERSÓNUVERNDAR

Samkvæmt upplýsingum frá Facebook geta notendur eytt öllum sínum upplýsingum af netþjónum Facebook með því að skrá sig inn og eyða upplýsingunum lið fyrir lið sem kann þó að reynast seinlegt. „Eitt af því sem við höfum áhyggjur af er að ábyrgðin virðist vera notendanna að eyða sínum gögnum,“ sagði Dave Evans, sérfræðingur hjá ICO, í viðtali við BBC.

Facebook-vefurinn er vistaður í Bandaríkjunum en Evans telur engu að síður að bresk lög kunni að eiga við. Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, segir að stofnunin hafi ekki í hyggju að skoða Facebook-vefinn þótt hundruð Íslendinga séu þar með síður. „Jafnvel þótt við hefðum skoðun á meðferð persónuupplýsinga á Facebook þá er það ekki okkar hlutverk að hafa afskipti af því. Dómstólar meta hvort menn fari yfir strikið og íslensk lög ná ekki yfir vefi sem vistaðir eru erlendis,“ segir Sigrún og bætir því við að lög um persónuvernd í Bretlandi séu talsvert frábrugðin því sem þekktist hér á landi.

Sigrún bendir á að það sé ekkert einsdæmi að upplýsingar sem fólk telji sig hafa eytt leynist lengi á veraldarvefnum. „Þetta er vissulega áhyggjuefni og hlutur sem fólk verður að vera meðvitað um. Norðmenn hafa til dæmis farið þá leið að gefa út kynningarefni fyrir ungt fólk þar sem það er hvatt til þess að hugsa betur um það hvaða upplýsingar það setur á netið. Við höfum hugleitt svipaðar leiðir,“ segir Sigrún en aukin fræðsla er eitt af meginmarkmiðum Persónuverndar á árinu 2008.

thorgunnur@frettabladid.is



VINSÆLL VEFUR Bretar hafa áhyggjur af því að netþjónar Facebook geymi áfram persónuupplýsingar sem fólk telur sig hafa eytt.

HVAÐ ER FACEBOOK?

Facebook er netsamfélag eða tengslanet á veraldarvefnum þar sem fólk getur skráð inn upplýsingar um sig og tengst öðrum notendum víða um heim. Vefurinn er tilvalinn fyrir þá sem vilja endurnýja kynni við gamla vini eða leita uppi gamla skólafélaga og samstarfsmenn.

Facebook var stofnað í Bandaríkjunum árið 2004 og náði fljótt gríðarlegum vinsældum. Árið 2007 var Facebook vinsælasti vefurinn meðal bandarískra ungmenna.

Virkir notendur Facebook eru fleiri en 60 milljónir og talið er að á hverjum degi bætist 250.000 nýir notendur í hópinn.

Árás á lögregluþjóna:

Fimm menn settir í farbann

LÖGREGLUMÁL Fimm erlendir karmenn, sem réðust á lögreglu-menn við skyldustörf aðfaranótt 11. janúar síðastliðins, hafa verið úrskurðaðir í farbann til 1. febrúar. Áður höfðu mennirnir setið í gæsluvarðhaldi í viku.

Mennirnir, sem eru á aldrinum 19 til 25 ára, veittust að hópi lögregluþjóna sem voru við fíkniefnaeftirlit í miðborginni. Lögreglumennirnir höfðu ekki haft afskipti af mönnum. Fjórir lögregluþjónar leituðu sér aðhlyningar á slysaðeild eftir árásina og er einn þeirra enn frá vinnu.

- þo

Sæti losnaði í flugvél: Skoðuðu vélar í kjölfar slyssins

SLYS „Þetta er í rannsókn hjá okkur en að svo stöddu er ekki vitað hvað gerðist eða hvers vegna sætið losnaði,“ segir Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands, en sæti í Dash 8-100 flugvél flugfélagsins losnaði í ókyrrð í aðflugi til Egilsstaða á föstudag.

Árni segir að í kjölfar slyssins hafi sæti í dash-vélum flugfélagsins verið skoðuð. Svandís Svavarsdóttir borgarfulltrúi sat í sætinu sem losnaði. Hún fékk höfuðhögg og tagnaði á hálsi. „Þetta var óskemmtileg lífsreynsla en mér líður ágætlega,“ sagði Svandís í samtali við Fréttablaðið í gær.



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Árni segir að í kjölfar slyssins hafi sæti í dash-vélum flugfélagsins verið skoðuð.

Svandís Svavarsdóttir borgarfulltrúi sat í sætinu sem losnaði. Hún fékk höfuðhögg og tagnaði á hálsi. „Þetta var óskemmtileg lífsreynsla en mér líður ágætlega,“ sagði Svandís í samtali við Fréttablaðið í gær.

- þo

LÖGREGLUFRETTIR

Fartölvu stolið af heimili

Brotist var inn á heimili í austurborginni síðdegis í gær og stolið þaðan fartölvu. Gluggi hafði verið spenntur upp meðan húsráðendur voru að heiman. Þjófurinn er ófundinn.

Stöðvaður tvær nætur í röð

Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði tvo ökumenn í fyrrinótt sem grunaðir eru um akstur undir áhrifum fíkniefna. Annar mannanna, 18 ára piltur, hafði einnig verið stöðvaður nóttina á undan grunaður um sama athæfi.

Brutust inn í Eden

Brotist var inn í Eden í Hveragerði í fyrrinótt. Að sögn lögreglunnar á Selfossi fóru innbrotspjófanir inn um glugga á salerni. Unnið er að endurbótum á húsinu um þessar mundir og því var lítið um verðmæti þar. Þjófanir eru ófundnir.

Kjaraviðræðurnar einkennast af karpi um samningslengd:

Viðræðurnar nuddast áfram

VINNUMARKAÐUR Rafiðnaðarmenn féllust á að leggja til hliðar fram yfir helgi fullbúinn kjarasamning sem þeir lögðu fram og kröfðust að skrifað yrði undir á fundi með Samtökum atvinnulífsins (SA) fyrir helgi. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, segir að viðræðurnar „nuddist áfram.“

Í samningnum er gert ráð fyrir að lægstu taxtar hækki um 20 þúsund, almenn launahækkun verði 3,5 prósent og að orlofsdögum fjölgi um tvo. Samningurinn gildi fram í nóvember eða janúar á næsta ári.

Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segir að atvinnurekendur grátbiðji rafiðnaðarmenn um að fara inn á sömu braut og áður en ríkisstjórnin hafnaði skattatillögum ASÍ. Rafiðnaðarmenn dragi í ega að þeim sé alvara og hafi því farið

fram á að þeir leggi eitthvað fram sem geti vakið traust. Samningurinn hafi verið lagður til hliðar meðan atvinnurekendur safni saman gögnum.

Vilhjálmur Egilsson segir að fundað hafi verið sitt á hvað síðustu daga og uppbyggilegar og nauðsynlegar viðræður átt sér stað. Umræðurnar snúist um samningslengd.

„Ef einhver samstaða næst um lengri samning þá vona ég að menn fari að ræða þetta í stærri hóp. Við höfum alltaf sagt að við viljum gjarnan leysa láglaunamálin eins og kostur er og eyða öllu púðrinu sem við höfum í það. Þá þurfum við að sjá fram á að stöðugleiki sé fram undan og að við séum að komast inn í umhverfi þar sem verðbólgan fer niður. Það er okkar óskastaða,“ segir Vilhjálmur.

- ghs



PIRRADIR OG PREYTTIR Atvinnurekendur grátbiðja rafiðnaðarmenn að fara inn á sömu braut og áður, að mati Guðmundar Gunnarssonar, formanns Rafiðnaðarsambandsins.

AIR FRANCE, KLM

frábær verð um veröldina
- bókaðu í dag!

Kairó	frá ISK 68.900
Dubai	frá ISK 85.400
Bankok	frá ISK 101.500
Manila	frá ISK 110.700

kimiceland.is

The Reliable Airline

Verð eru flug fram og til baka frá Reykjavík (4 flug á viku) og fela í sér þjónustugjöld, skatta og flugvallargjöld. Einn smellur á www.kimiceland.is fyrir besta miðaverðið, bókun á netinu, upplýsingar um flug, flugpunkta og þar fram eftir götunum. Rafræn miðakaup gera ferðalagið þitt auðveldara.



markmaður

R. Elmfelss



lína

Þjáfar #7



vinstri skytta

Jóni Lárusson #30



hægri horn

Þjáfar



lína

Þjáfar #5



hægri skytta

Þjáfar

Í öruggum höndum

Það borgar sig að hafa mikilvægustu hlutina í öruggum höndum. Nú þegar spennan fyrir EM er að ná hámarki treystum við á kraft og samtakamátt strákanna okkar. Við hjá VÍS erum sérstaklega stolt af því að vera einn af aðalstuðningsaðilum íslenska landsliðsins í handknattleik.



vinstri skytta

Þórarinn Atlason



vinstra horn

Þórarinn Atlason



leikstjórnandi

Stefán Pálsson



leikstjórnandi

Þannófríður Jónsdóttir



hægri skytta

Ólafur Stefánsson



markmaður

Þjáfar #2



hægri skytta

Einar



hægri horn

H. Elmfelss



markmaður

Króddar Leifur Guðmundsson



lína

Hólmur Ólafsson



vinstri skytta

Jónleikur Einarsson



þjálfari

Þórir Jónsson

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	65,1	65,42
Sterlingspund	127,54	128,16
Evra	95,14	95,68
Dönsk króna	12,761	12,835
Norsk króna	11,884	11,954
Sænsk króna	10,098	10,158
Japanskt jen	0,605	0,6086
SDR	102,76	103,38

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
125,6062
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Óvissa ríkir um framkvæmdir Arnarfells við Kárahjúka:

Enn ósamið við lánadrottina

FRAMKVÆMDIR Sigurður Arnalds, talsmaður Kárahjúkavirkjunar, segir Landsvirkjun vilja ná lendingu í máli Arnarfells í næstu viku en verktakafyrirtækið hefur umsjón með gerð Hraunaveitu á Kárahjúkum. Fyrirtækið hefur átt í fjárhagserfiðleikum og standa viðræður yfir við stærstu lánadrottina sem eru Landsbankinn og Lýsing. Ef málið leysist ekki verður að sögn Sigurðar leitað á náðir annarra verktakafyrirtækja. „Þetta snýst um fjárhagsstöðu Arnarfells og afkomu fjármögnunaraðila í framhaldinu,“ segir Sigurður. Hann segir verkið hafa



SIGURÐUR ARNALDS Fljótlega þarf að komast að niðurstöðu.

verið á áætlun um áramótin. „Við gátum því leyft tímanum að líða og andað rólega en fljótlega þurfum við að komast að niðurstöðu. Fyrsti kosturinn er að leysa málið

til að komast sem mest hjá töfum en ef það gengur ekki verðum við að leita á önnur mið.“

Tæpar tvær vikur eru síðan um 100 erlendir starfsmenn Arnarfells áttu að koma til landsins en komu þeirra hefur tvívegis verið frestað vegna stöðu mála. Eins þurfti Arnarfell að fá lán hjá Landsvirkjun í vikunni til að geta borgað starfsmönnum laun. Sigurður segir svipaða erfiðleika hafa komið upp síðastliðið sumar en það mál hafi verið leyst, meðal annars með aðstoð Landsvirkjunar. Sigurður segir um það bil einn þriðja eftir af öllu verkinu sem samið var um.

- ve

Pútín Rússlandsforseti:

Semur um gas til Búlgaríu

BÚLGARÍA, AP Vladímír Pútín, forseti Rússlands, kom til Búlgaríu í fyrradag þar sem hann fékk þarlenda ráðamenn til að semja um nýja gasleiðslu, sem styrkir stöðu Rússa gagnvart Evrópuríkjum og Bandaríkjunum.

Gasleiðslan á að liggja frá Rússlandi undir Svartahafi til Búlgaríu og þaðan áfram til Evrópulanda. Rússar þurftu þó að gefa eftir í samningum, því þeir höfðu krafist þess að eiga 51 prósent í gasleiðslunni um Búlgaríu, en niðurstaðan varð sú að Búlgarar ætту 50 prósent og Rússar 50 prósent.

- gb

Héraðsdómur Reykjavíkur:

Saga Capital áfrýjar

DÓMSMÁL Saga Capital fjárfestingabanki hefur ákveðið að áfrýja dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem hafnaði kröfu bankans um að verða skráður eigandi allra hluta í fjárfestingafélaginu Insolidum ehf., til Hæstaréttar. Félagið er í eigu Daggar Pálsdóttur, varþingmanns Sjálfstæðisflokksins, og Páls Ágústssonar.

„Ég tel mjög þarft að fá dóm Hæstaréttar í þessu máli,“ segir Gísli Guðni Hall, lögmaður Saga Capital. „Við munum leggja fram kærú í byrjun næstu viku og samkvæmt reglum fá varnaraðilar vikufrest til að skila greinargerð á móti. Síðan er von á dómi Hæstaréttar og á ferlið að taka tiltölulega skamman tíma.“

LÖGREGLUFRETTIR

Mikið um óhöpp í snjónum

Bill valt á Hellisheiði um miðjan dag í gær en þar var hálka og skafrenningur. Engin slys urðu á fólki en bifreiðin skemmdist nokkuð. Að sögn lögreglunnar á Selfossi hefur verið mikið um útafakstra í umdæmi hennar undanfarna daga. Enginn þeirra hefur þó valdið slysum.

Ölvun í Miðborginni

Tvær líkamsrásir komu til kasta lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt. Að sögn lögreglu voru þær minni háttar og enginn var handtekinn. Þá stöðvaði lögreglan sjö öikumenn sem grunaðir eru um ölvunarakstur.

ALPINGI

Ríkið aðstoði sveitarfélög

Þingmenn fjögurra flokka vilja að ríkið aðstoði Langanesbyggð og Vopnafjörð við að undirbúa og kanna þörf á starfrækslu þjónustumiðstöðvar sem gæti annast helstu þjónustu við skip sem leita olíu á Drekasvæðinu. Tillaga þess efnis liggur fyrir Alþingi.

Guðjón Ólafur sendi bréfið í stað jólakorta

Stjórn Kjördæmasambands Framsóknarflokksins í Reykjavík segir í yfirlýsingu að bréf Guðjóns Ólafs Jónssonar sé vanhugsað. Guðjón Ólafur segir að bréfið komi í stað jólakorta. Guðni Ágústsson formaður vísar innihaldi þess á bug.

STJÓRNMÁL Trúnaðarbréfið sem Guðjón Ólafur Jónsson, fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins, sendi framsóknarmönnum í Reykjavík, er vanhugsað og er þeim sem vinna að framgangi flokksins síður til framdráttar. Þetta segir í yfirlýsingu sem stjórn Kjördæmasambands Framsóknarflokksins í Reykjavík sendi frá sér í gær.

Í bréfinu segir Guðjón Ólafur að flokksstarfið einkennist af uppgjöf og áhugaleysi en einnig tæpir hann á því að gróusögur gangi fjöllum hærra um að forystumenn flokksins í borgarstjórn hafi keypt sér fót fyrir hundruð þúsunda króna á kostnað flokksins fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar. Einnig segir hann í bréfinu að „fleiri og fleiri hafi gefist upp, hætt að starfa og sumir jafnvel sagt sig úr flokknum.“

Guðjón Ólafur segist hafa fengið mikil viðbrögð við bréfinu. „Það hafa fjölmargir haft samband við mig og þakkað mér fyrir að ljá máls á þessu en einnig hafa sumir sagt hafa orðið fyrir vonbrigðum með það,“ segir hann.

„Við verðum ekkert varir við það að framsóknarmenn séu að gefast upp. Mér finnst frekar vera sóknarhugur í mönnum,“ segir Guðni Ágústsson, formaður flokksins. „Það eru tólf þúsund manns í flokknum um allt land og ekki ber á því að menn séu að segja sig úr honum þannig að ég veit ekkert hvert Guðjón Ólafur er að fara með þessum málflutningi.“



GUÐNI ÁGÚSTSSON Formaður Framsóknarflokksins segist ekki skilja hvað Guðjóni Ólafi hafi gengið til með því að senda bréfið.



GUÐJÓN ÓLAFUR JÓNSSON

eins og tíðkast um áramót,“ segir hann. „Hins vegar var ég svo upptekinn um hátíðirnar að ég gat ekki sent jólakort svo þessi

leið varð fyrir valinu.“ Hann segist ekki vera að fara fram með neinar ásakanir í bréfinu og óttast ekki að staða sín í flokknum muni veikjast eftir ritun þess.

Aðspurður um fatakaup flokksmanna sem ber á góma í bréfinu segir Guðni. „Framsóknarflokkurinn sem slíkur hefur ekki komið að neinum fatakaupum svo ég viti. Ég veit hins vegar ekki hvað menn gera í hverju framboði fyrir sig. Sjálfsagt ræða menn fatnað og útlit í Framsókn eins og í öðrum flokkum.“

jse@frettabladid.is

Gott á sunnudegi

998 kr.

Laxafiðrildi 33% afsláttur

NÓATÚN

MIKIÐ ÚRVAL AF SPENNANDI FISKRETTUM Í NÓATÚNI

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

um hádegi »

Kaupmannahöfn	6°C hálfskýjað	London	15°C skúrir	Friedrichshafen	7°C hálfskýjað
Billund	7°C léttskýjað	Paris	14°C skúrir	Lúxemborg	11°C skúrir
Oslo	2°C hálfskýjað	Amsterdam	12°C skúrir	Alicante	19°C heiðskirt
Stokkhólmur	4°C heiðskirt	Frankfurt	13°C rigning	Róm	14°C heiðskirt
Gautaborg	7°C hálfskýjað	Berlin	8°C rigning	Las Palmas	22°C heiðskirt

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

4x4

SÝNING KIA UM HELGINA

Opið í dag 12-16



Tveir góðir 4x4

Kynnum frábæru jeppana frá KIA, Sorento og Sportage, sem hafa hlotið einróma lof gagnrýnenda og henta einkar vel við íslenskar aðstæður. Sorento jeppinn er einn vinsælasti jeppi landsins og Sportage fylgir honum fast á eftir. **Sýnum nýtt og breytt útlit á Sportage með 7 ára ábyrgð.**

Komdu á 4x4 sýningu og reynsluaktu frábærum jeppum við ekta íslenskar aðstæður hjá KIA Laugavegi.

KJÖRKASSINN



Ert þú á vetrardekkjum?

Já	79%
Nei	21%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fylgist þú með Evrópumótinu í handbolta?

Segðu skoðun þína á visir.is



Á ÍSLANDI Nicholas Burns ásamt Carol van Voorst sendiherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aðstoðarráðherra hættir:

Burns vísar úr ráðuneyti Rice

BANDARÍKIN, AP Nicholas Burns, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, er á förum úr ráðuneytinu. Þetta tilkynnti Condoleezza Rice utanríkisráðherra í Washington í fyrradag.

Það var Burns sem fyrir hönd Bandaríkjastjórnar hringdi í Geir Haarde, þáverandi utanríkisráðherra, í mars 2006 til að tilkynna um brottför varnarliðsins. Burns hefur ráðið sig til starfa hjá fyrirtæki í einkageiranum.

William Burns, sendiherra í Moskvu, tekur við af Burns. - aa

Skopmyndadeila misnotuð:

Fangelsi fyrir endurbirtingu

AUSTURRÍKI, AP Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu hefur sent stjórnvöldum í Hvíta-Rússlandi andmæli gegn fangelsun fyrrverandi aðstoðarráðgjafa dagblaðsins Zhoda.

Aðstoðarráttgjafi, Alexander Zdvizhkov, hlaut nýverið þriggja ára fangelsisdóm fyrir að hafa endurbirt í blaðinu skopmyndir af Múhamed spámanni, sömu myndir og áður höfðu vakið mikið fjaðrafok eftir að þær birtust í danska Jótlandspóstinum.

Miklos Haraszti hjá ÖSE segir stjórnvöld í Hvíta-Rússlandi hafa notfært sér skopmyndadeilurnar til að losna við gagnrýnisróð úr fjölmiðlum. - gb

Fangelsisvist erlendra ríkisborgara sem brjóta af sér hérlendis:

Skynsamlegt að senda fanga út

DÓMSMÁL „Ég tel að það sé mjög skynsamlegur kostur,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, um að vísa erlendum brotamönnum, sem fengið hafa refsisdóm hér, til afplánunar í heimalandinu.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í fyrradag er hafin vinna að þessu markmiði í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Nokkur hópur erlendra ríkisborgara er í rannsóknarmeðferð og ákærustigi á höfuðborgarsvæðinu vegna ætlaðra brota.

„Þetta er meðal annars spurning um að vera ekki að auka og efla tengsl milli innlendra og



JÓHANN R. BENEDIKTSSON Margfaldur ávinningur.

erlendra brotamanna, sem óhjákvæmilega gerist þegar menn dvelja í lengri tíma saman í

fangelsi,“ segir Stefán enn fremur.

Jóhann R. Benediktsson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, tekur í sama streng, en þar sætir einnig hópur erlendra ríkisborgara rannsókn lögreglu.

„Ég tel að það sé margfaldur ávinningur af slíku fyrirkomulagi,“ segir Jóhann. „Í fyrsta lagi höfum því miður reynslu af því að sambönd hafa myndast í fangelsi, sem menn hafa nýtt sér. Þetta er mjög fyrirbyggjandi ráðstöfun hvað það varðar. Í öðru lagi er þetta spurning um útgjöld ríkisins. Ég fagna þessu frumkvæði ráðherra mjög.“ - jss

Íbúarnir saka verk-taka um þvinganir

Íbúar á Baldursgötureit krefjast þess að Reykjavíkurborg gæti hagsmuna þeirra. Verktakinn bíður þess að málið ljúki sínum ferli hjá borginni.

SKIPULAGSMÁL „Hér í reitnum hefur ríkt hin svokallaða dógrenndar- aðferð byggingaverktakans, þar sem slíku lýð er leigt húsnæði öðrum nágrönnum til skelfingar og lífsraunar meðan verktakinn bíður þess átekta að óskir hans verði uppfylltar í kerfinu,“ segir í harðorðu mótmælabréfi íbúa á Baldursgötureit til Skipulags- og byggingasviðs Reykjavíkurborgar en nýlega kynnti sviðið tillögu að deiliskipulagi Baldursgötureits.

Vilja íbúarnir meina að tillagan sé runnin undan rifjum verktaka sem keypt hefur tvö hús á svæðinu með þau áform að rífa þau og byggja ný. Í bréfinu krefja íbúarnir borgaryfirvöld um að þau gæti hagsmuna þeirra en þeim finnst að borgin meti fjárfestingar verktakans meira en þeirra eigin.

Þá er í bréfinu farið yfir mótmæli íbúanna lið fyrir lið og gera þeir meðal annars athugasemdir við að húsakönnun hafi ekki farið fram á vegum borgarminjavarðar eins og þeir telja að eigi að gera.

„Ég held að þarna sé einhver tóm þvæla á ferðinni,“ segir Arnar Sigtryggsson, framkvæmdastjóri Baldursgötu ehf. sem á umrædd hús, um gagnrýni bréfsins á verktakafyrirtækið. Hann segir að búið sé í öðru húsinu en hitt standi autt enda ónýtt.

Aðspurður hvort þeir hafi orðið varir við óánægju íbúanna segir hann þá hafa reynt að bregðast við henni jafn óðum, til dæmis með því að loka auða húsinu þegar inn í það hefur verið brotist. „Það hefur verið hringt nokkrum sinnum í mig út af þessu.“ Hann segir engar kvartanir hafa borist sér vegna



BALDURSGATA 34 OG 32 Hús í eigu Baldursgötu ehf. sem styrinn stendur um en íbúar á reitnum segja deiliskipulagstillögurnar komnar frá eigendum húsaanna sem beiti brögðum við að koma málinu í gegn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYVÖR

leigjenda í hinu húsinu og vísar því á bug að leigjendur séu einhverjir vafasamir karakterar. „Þetta er bara í ferli hjá borginni,“ segir hann um framhaldið.

Hjá lögreglu fengust þær upplýsingar að einu sinni hefði borist kvörtun vegna húss númer 34 og var það vegna hávaða. Tvær kvartanir hefðu svo borist vegna innbrota í auða húsið.

Nokkur hópur íbúanna átti fund með Svandísi Svavarsdóttur, for-

manni Skipulagsráðs Reykjavíkurborgar og segir Harpa Þórsdóttir, íbúi á Þórsstötu, fundinn hafa verið ágætinn. „Við fórum yfir velflest þau atriði sem óánægja okkar elur á og skoðuðum mjög vel þær teikningar sem við höfðum, sem og umsagnir um reitinn frá Skipulags- og byggingasviði,“ segir Harpa en „það voru ákveðin vonbrigði að hún sagðist engu geta lofað.“

olav@frettabladid.is

Sextán ára stúlka sakfelld: Skvetti gosbjór yfir lögreglu

DÓMSMÁL Sextán ára stúlka hefur verið sakfelld í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir að skvetta gosbjór yfir lögregluþjón. Vegna aldurs var henni ekki gerð sérstök refsing, og fellur hún niður ef stúlkan kemst ekki í kast við lögina á næstu tveimur árum.

Skvettan átti sér stað við Geislagötu á Akureyri í maí í fyrra þegar hópur fólks gerði aðsúg að lögregluþjóni með tveimur lögregluþjónum. Þegar þeir reyndu að skakka leikinn greip rúmlega títugur maður utan um annan lögregluþjóninn og hélt honum á meðan stúlkan skvetti yfir hann bjórnum. - sps



ALLSHERJARGÖÐI Skemmtigarður um ásátrú er í burðarlíðnum.

Dulheimar opna Auga Óðins:

Hvergerðingar fá ásátrúarsafn

SÖFN Bæjarstjórn Hveragerðis hefur samþykkt samkomulag við einkahlutafélagið Dulheima um uppbyggingu á skemmti- og fræðslugarði um ásátrú.

Að því er segir í fundargerð bæjarstjórnar mun garðurinn bera nafnið Auga Óðins. Þar verði forn heimsmynd germanskra manna, ásátrú, gerð ljóslifandi með nútímatækni. Samstaða var um málið í bæjarstjórn og munu forsvarsmenn Dulheima halda kynningarfund fyrir bæjarbúa á næstunni.

Auga Óðins hefur verið valinn staður undir Hamrinum í Hveragerði. - gar

ÁTVR Á SEYÐISFIRÐI

Vill vita um verndunaráform

Arnbjörg Sveinsdóttir, Sjálfstæðisflokki, hefur lagt fram fyrirspurn til fjármálaráðherra um hvaða áform séu uppi um innréttingarnar í fyrrum verslun ÁTVR á Seyðisfirði. Vill hún vita hvort fyrirtækið eða ráðuneytið hyggt beita sér fyrir verndun innréttinganna.

SJÁVARÚTVEGUR

Aflaverðmæti eykst milli ára

Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 68,5 milljörðum króna á fyrstu tíu mánuðum ársins 2007 samanborið við 64,3 milljarða á sama tímabili 2006. Aukningin nemur 4 milljörðum króna eða 6,5 prósentum milli ára. Aflaverðmæti í október var 6 milljarðar sem er sambærilegt við október 2006.

Starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar munu verða enn um sinn á Srí Lanka:

Endurskoðað ef stríð brýst út

UTANRÍKISMÁL Starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar (ÞSSÍ) sem nú starfa á Srí Lanka verða ekki kallaðir heim að sinni, þrátt fyrir að vopnahlé sé runnið úr gildi og íslenskir og norskir friðargæsluliðar búnir að yfirgefa landið.

Þetta kom fram í máli Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra á fundi með fréttamönnum um ástandið á Srí Lanka í kjölfar brotthvarfs friðargæsluliða frá landinu.

Tveir íslenskir starfsmenn ÞSSÍ eru í landinu auk fjögurra heimamanna. Ingibjörg segir stöðu mála í landinu í dag ekki kalla á það að þessari starfsemi verði hætt, en ef landið fari í „stríðsham“ verði staðan endurmetin.

Átta íslenskir friðargæsluliðar af þeim níu sem voru í landinu eru nú farnir þaðan, aðeins yfirmaður friðargæslunnar þar í landi varð



ERFIÐ STAÐA Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra ræddi stöðuna á Srí Lanka við fréttamenn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

eftir ásamt tíu Norðmönnum til að sinna frágangi.

Ingibjörg segir að á fundi með þeim friðargæsluliðum sem nú séu komnir heim hafi þeir látið í ljós áhyggjur af ástandinu í landinu, ekki síst lífi og aðbúnaði almennra borgara.

Á næstunni verða verkefni Íslensku friðargæslunnar metin. Ingibjörg segir að brotthvarfið frá Srí Lanka gæti opnað fyrir möguleika á því að taka við nýjum verkefnum eða að styrkja verkefni sem þegar eru í gangi.

- bj

GEGGJUÐ RÝMINGARSALA

Allir pottar árgæro 2007 á hrikalegu verði!
Rýmum fyrir árgæro 2008

Allir fyrir spilaherbergið!
Pókerborð, Billiardborð, spílastólar, berir o.fl.

Arctic Spas - Kanadískir gæðapottar, þola allt niður að -50 gráður frosti!

Arctic Spas Faxaleni 9 Sími: 554 7755 www.arcticspas.is



Alvöru dísil jeppar fyrir íslenskar aðstæður...



Nýr KYRON kostar aðeins **3.590.000,-**
sjálfskiptur

...upplifðu ósvikinn kraft og fegurð

Hinn nýi KYRON er fullvaxinn sjálfskiptur dísil jeppi með hátt og lágt drif.

Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: Turbo dísil Intercooler

- 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 girum aftur á bak
- 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvvirk tölvustýrð miðstöð
- Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður
- Leðurvelstýri og leðurgírstöng • Álfelgur
- Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
- Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn • Þakbogar
- Hiti í speglum, framrúðu og í sætum
- 6 hátalarar • Þokuljós • Linsuaðalljós

Eyðsla í blönduðum akstri aðeins **8,7 l á 100 km.**



Glæsileg og sérlega þægileg innrétting



Byggður á grind með hátt og lágt drif



TOYO TIRES
Umhverfisvænn valkostur í stað nagladekkja

**Bílltö
Benna**

Tangarhöfða 8-12 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opíð virka daga frá kl. 09:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Reykjanesbær

Bílahornið hjá Sissa
Brekkestig 38
sími 420 3300

Borgarnes

Bílasala Vesturlands
Sólbakka 2
sími 437 2100

Akureyri

Bílasalan Ós
Njarðarnesi 1
sími 462 1430

Egilsstaðir

Bílasala Austurlands
Fagradalsbraut 21
sími 471 3005

NÁMSSTYRKUR Í GLERHÖNNUN OG GLERBLÆSTRI



Kaupþing og Hönnunarsafn Íslands í Garðabæ auglýsa eftir umsóknum um tvo 500.000 króna styrki til grunnnáms í glerhönnun og glerblæstri við glerlista-deild háskólans í Växjö í Svíþjóð veturinn 2008-2009. Prófessor er Erika Lagerbielke glerlistamaður.

Umsækjendur þurfa að hafa lokið BA-námi í myndlist eða listhönnun eða ígildi þess og hafa gott vald á a.m.k. einu Norðurlandamáli fyrir utan íslensku.

Umsóknir, ásamt ferilskrá, ljósmyndaefni og meðmælum berist Hönnunarsafni Íslands, Lyngási 7-9, 210 Garðabæ, fyrir 17. febrúar nk.

Dómnefnd er skipuð fulltrúum frá Kaupþingi, Hönnunarsafni Íslands og Myndlistaskólanum í Reykjavík.

Frekari upplýsingar veitir Aðalsteinn Ingólfsson, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands, sími 544 2225 / 898 8466.

Óvissa um byggingu fangelsis:

Flugvöllur tefur borgarfangelsi

ALÞINGI Hugmynd um flugvöll á Hólmsheiði hefur sett áform um byggingu fangelsis á heiðinni í uppnám.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra upplýsti þetta á Alþingi í vikunni í svari við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur, þingflokksformanns framsóknarmanna, um nýtt fangelsi og nýja lögreglustöð. Greindi Björn jafnframt frá því að til athugunar væri að nýjar höfuðstöðvar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og nýtt fangelsi yrðu í einu og sama húsinu. Enn fremur upplýsti hann að samningar um sölu á landi í grennd við Litla-Hraun væru í farvatninu og að andvirðið yrði



BJÖRN BJARNASON Dómsmálaráðherra segir að verið sé að kanna möguleikann á því að hafa höfuðstöðvar lögreglunnar og fangelsi í sama húsinu.

notað til að reisa móttökuhús við fangelsið þar.

- bps



LANDSBANKINN Ríkiskaup hafa hafnað öllum tilboðum í greiðslukort fyrir ríkisstofnanir eftir að kærufnd sagði verulegar líkur á að samningar þeirra væru ólöglegir.

Stöðva korta-samning við Landsbanka

Kærufnd útboðsmála segir verulegar líkur á að samningar Ríkiskaupa við Landsbankann um greiðslukort séu ólöglegir. Kreditkort hf. kærðu samninginn við Landsbankann á gamlársdag.

STJÓRNSÝSLA Kærufnd útboðsmála hefur stöðvað samninga Ríkiskaupa og Landsbanka Íslands um innkaupakort fyrir ríkið.

Kreditkort hf. kærðu á gamlársdag þá ákvörðun Ríkiskaupa að taka tilboði sem Landsbankinn gerði í útboði fyrir innkaupakort ríkisins. Krafðist Kreditkort hf. að gerð samnings við Landsbankann yrði stöðvuð þar til endanleg ákvörðun lægi fyrir hjá kærufndinni um lögmæti útboðsins og tilboðs Landsbankans.

Kærufndin hefur nú stöðvað gerð samninga Ríkiskaupa við Landsbankann á þeim grundvelli að verulegar líkur séu á að samningurinn sé ólöglegur. Í kjölfar þessa höfnuð Ríkiskaup öllum þremur tilboðunum sem bárust. Auk áður nefndra fyrirtækja sendi Kaupþing inn tilboð.

Kærufndin segir að bjóðendur í útboðinu hefðu átt að geta áttað sig á því fyrirfram hvernig staðið yrði að mati á hagkvæmasta tilboði og hagað boðum sínum í samræmi við það. Þetta hafi hins vegar ekki verið tilfellið.

„Bjóðendum í hinu kærða útboði var ógerlegt að átta sig á því hvernig kaupandi hygðist meta tiltekna þætti í tilboðum þeirra,“ segir kærufndin.

Ítrekað er í ákvörðun kærufndarinnar að forsendur í

útboðum á vegum ríkisins megi ekki vera svo matskenndar að kaupandanum séu í raun og veru engar skorður settar við mat tilboða. „Er það nauðsynlegt til að takmarka vald þeirra til að túlka tilboðin eftir eigin höfði eftir að tilboð hafa verið opnuð,“ segir kærufndin.

Kreditkort hf., sem eru með Mastercard, hafa haft samning við ríkið um greiðslukort í sjö ár. Samningurinn rann út í fyrradag en hefur að sögn Viktors Ólasonar, framkvæmdastjóra Kreditkorta, verið framlengdur um óákveðinn tíma. Viktor segir viðskiptin lúta að um 950 greiðslukortum hjá 180 ríkisstofnunum. Veltan af þeim sé um fimm prósent af heildarkortaveltu Kreditkorta hf.

Að sögn Viktors voru öll tilboðin þrjú eins hvað varðar kortagjöld. Huglægt mat hafi síðan verið lagt á þjónustuna. „Við vorum ónægðir með að það var misræmi milli forsendna í útboðinu sjálfu og þess sem notað var til að velja úr tilboðunum,“ segir hann.

Júlíus S. Ólafsson, forstjóri Ríkiskaupa, segir ekki enn ákveðið hver verði næstu skref Ríkiskaupa. Hann neitar því að málið sé klúður af hálfu Ríkiskaupa. „Við erum að skoða það lögfræðilega hvað hægt er að gera,“ segir Júlíus.

gar@frettablaðid.is

Opnir fundir forystu Framsóknarflokksins um land allt

Þingmenn og forysta Framsóknarflokksins verða á ferð um landið á komandi vikum og munu halda opna fundi í öllum kjördæmum til að ræða stöðu landsmálanna og einstök mál þar að lútandi.



Reykjavík Framsögumenn:	mánudaginn 21. janúar Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir, Sæunn Stefánsdóttir, Björn Ingi Hrafnsson	Norræna húsið	kl. 20.00
Selfoss Framsögumenn:	miðvikudaginn 23. janúar Guðni Ágústsson, Magnús Stefánsson, Bjarni Harðarson	Hótel Selfoss	kl. 20.30
Akureyri Framsögumenn:	miðvikudaginn 23. janúar Valgerður Sverrisdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Höskuldur Þór Þórhallsson	Hótel KEA	kl. 20.30
Egilsstaðir Framsögumenn:	fimmtudaginn 24. janúar Guðni Ágústsson, Birkir Jón Jónsson, Höskuldur Þór Þórhallsson	Austrasalurinn	kl. 20.00
Reykjanesbær Framsögumenn:	mánudaginn 28. janúar Guðni Ágústsson, Bjarni Harðarson, Sæunn Stefánsdóttir	Flughótel	kl. 20.00
Ísafjörður Framsögumenn:	þriðjudaginn 29. janúar Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir, Magnús Stefánsson	Kiwanishúsið á Skeiði	kl. 20.30
Höfn í Hornafirði Framsögumenn:	miðvikudaginn 30. janúar Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir, Birkir Jón Jónsson	Hótel Höfn	kl. 20.30
Sauðárkrókur Framsögumenn:	fimmtudaginn 31. janúar Siv Friðleifsdóttir, Magnús Stefánsson, Höskuldur Þór Þórhallsson	Mælifell	kl. 20.30
Akranes Framsögumenn:	mánudaginn 4. febrúar Guðni Ágústsson, Siv Friðleifsdóttir, Magnús Stefánsson	Skrúðgarðurinn	kl. 20.00
Kópavogur Framsögumenn:	þriðjudaginn 5. febrúar Guðni Ágústsson, Siv Friðleifsdóttir, Höskuldur Þór Þórhallsson	Digranesvegur 12	kl. 20.00
Mosfellsbær Framsögumenn:	miðvikudaginn 6. febrúar Siv Friðleifsdóttir, Bjarni Harðarson, Sæunn Stefánsdóttir	Háholt 14	kl. 20.00
Húsavík Framsögumenn:	miðvikudaginn 6. febrúar Valgerður Sverrisdóttir, Birkir Jón Jónsson, Bjarni Harðarson	Skipasmíðastöðin	kl. 20.00
Reykjavík Framsögumenn:	þriðjudaginn 19. febrúar Guðni Ágústsson, Birkir Jón Jónsson, Sæunn Stefánsdóttir, Björn Ingi Hrafnsson	Hótel Borg Sérstakur málefnafundur um samgöngumál og höfuðborgina	kl. 12.00

Framsókn

**40%
afsláttur**

Þú sparar 626 kr/kg



938 kr/kg. áður 1.564 kr/kg.
Goða grísaofnsteik

**30%
afsláttur**

Þú sparar 840 kr/kg



1.959 kr/kg. áður 2.799 kr/kg.
Matfugl kjúlingabringur

**51%
afsláttur**



197 kr/kg. áður 403 kr/kg.
Ísfugl hvítlauksvængir

**27%
afsláttur**

Þú sparar 736 kr/kg



1.989 kr/pk. áður 2.725 kr/pk.
BK grísk lambalærissteik



299 kr/pk.
Chicago Town -23 cm þunnbotna

**50%
afsláttur**



249 kr/kg. áður 498 kr/kg.
Kjörís Carte Dor Toblerone 1 ltr.

**40%
afsláttur**



95 kr/stk. áður 159 kr/stk.
Egils kristall 2 ltr.

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 17. janúar til 20. janúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn

Pólitískar ráðningar

Hvar í flokki sem við stöndum, hvar í mannvirðingarráðningum sem við erum, þá vona ég að við getum öll verið sammála um að flokkspólitískar mannráðningar, úthlutun takmarkaðra gæða, vinagreiddar og mismunun, byggð á sérgæsku, klíkuskap eða geðþótta koma ekki aðeins órdi á stjórn málin, heldur eru slíkar ráðningar brot á mannréttindum. Þær eru leifar og arfurinn frá því spilla gerræði sem tíðkaðist hér á landi um ár og aldir. Meðan við vorum ennþá bananalýðveldi.

Jú, jú, það hefur vissulega dregið úr klíkuskapnum við ráðningar í opinber embætti. En því miður, verð ég að segja, gerist það enn að stjórnvöld eru ásökluð um að beita slíkum vinnubrögðum. Og mér finnst það skínhelgi ráðamanna, þegar þeir neita því, blásaklausir í framan, að vinatengsl eða pólitík hafi nokkuð með það að gera, hverjum þeir veita störf. Það sjá allir fingraförin og lygamerkið.

Gagnrýnin er ekki út í bláinn og kurrið í almenningsálitinu er ekki að ástæðulausu. Og ekki til að hundska. Fólk sér í gegnum pólitísku tengslin, venslin og vináttuna.

Og við skulum líka játa að allir flokkar, sem hafa komist til valda og komast enn til valda, eru meira og minna undir sömu sök seldir. Hver man ekki eftir því, sem kominn er til ára sinna, hvernig Alþýðflokkurinn gamli var bendlaður við bitlingatalið? Hver man ekki eftir Þormóðs ramma málinu eða þegar Síldarverksmiðjur ríkisins voru seldar? Sumir eru enn með óbragð í munninum frá þeirri episóðu þegar skipað var í Hæstarétt ekki margt fyrir löngu og ættartengslin þóttu vega þyngst. Eða flokksböndin hjá Íhaldinu.

Þá er flestum í minni þegar Framsóknarflokkurinn gerði grímulausa tilraun til að koma allsendis óreyndum og alls ókunnum manni í fréttastjórnastarf hjá Ríkisútvarpinu. Og auðvitað var úthlutun fiskikvótans og frjálsa framsalið ekki til annars en að hygla bandamönnum og viðhlæjendum þáverandi stjórnarflokka í sjávarútveginum. Sérhagsmunagæsla eins og hún getur verst orðið. Er þá enn ótalið og óupplýst hvernig staðið var að sölu ríkisbankanna og þá einkum Búnaðarbankans. Lyktin af þessu máluum öllum og mörgum öðrum angar ennþá langar leiðir. Sem undirstríkar þá staðreynd að það getur enginn kastað steinum úr sínu pólitíska glerhúsi. Stjórnarandstaðan og þá sérstaklega Framsóknarflokkurinn hefur ekki úr háum söðli að detta án þess að ég vilji sérstaklega nota smjörklípuaðferðina til að þvo hendur núverandi ríkisstjórnar. Ég er bara að minna á að það búa allir í þessu glerhúsi.

Aðför að mannréttindum

Sem betur fer hefur dregið úr þessum klíkuskap og valdriðslu í árunna rás. Þökk sé frelsinu og gegnsæinu í þjóðfélaginu, faglegum hæfniskröfum og meira aðhaldi hins almenna borgara. Þetta snýst ekki um þann sem er ráðinn, heldur um hina sem ekki fá að njóta sannmælis. Það hlýtur nefnilega að vera réttur sérhvers manns að vera metinn að verðleikum en ekki flokkspólitískum skoðunum.

Auðvitað er það stundum réttætlanlegt að velja til embættis



ELLERT B. SCHRAM
Í DAG | Embættisveitingar

eða forstöðu, fólk sem er á sömu línu í pólitík en það er þá til að hrinda einhverjum pólitískum verkefnum í framkvæmd. Það á enginn að gjalda fyrir það að vera samflokkar. Opinberar embættisveitingar, hvort heldur í dómara-

sæti, forstöðu í faglegum stofnunum eða störf innanstjórnsýslunnar eiga hins vegar að vera metnar og ákveðnar í samræmi við menntun, reynslu og hæfni, hvar svo sem viðkomandi skipar sér í flokk. Eða viljum við þurfa að kenna börnunum okkar þá lexíu að gerast höll undir tiltekinn valdamikinn stjórn mála flokk í hagsmunaskyni? Til að komast áfram? Til að fá fyrirgreiðslu í framtíðinni? Selja sál sína og jafnvel sannfæringu af ótta við að vera ella mismunad og útskúfað?

Sú spilling sem fylgir geðþótta-ákvörðunum er grímulaus aðför að mannréttindum.


Sannmæli og verðleikar

Einnmitt af því að ástandið hefur lagast og valdamenn komast sjaldnar upp með valdriðslu við embættisveitingar ber að hlusta og taka mark á almenningsálitinu þegar stöðuveitingar eru annarsvegar. Þá gagnrýni sem fram hefur komið að undanförunu ber að taka alvarlega vegna þess að hún er krafa um vönduð vinnubrögð. Gagnrýnin er krafa um að ný ríkisstjórn og nýir vindar sem blása að öðru leyti í stjórnarráðinu, láti alla njóta jafnræðis og pólitísku hlutleysis. Núverandi ríkisstjórn á að fara á undan með góðu fordæmi. Til þess er til hennar stofnað. Breyta til. Hverfa

frá bananalýðveldinu. Það er einmitt í svona máluum sem ráðamenn eru dæmdir af verkum sínum.

Vitaskuld verður hlutunum aldrei komið svo fyrir að val í stöður orki ekki tvímælis. En aðalatriðið er að rétt og heildarlega sé að þeim staðið. Reglum sé fylgt og mark sé tekið á hlutlausu mati. En fyrst og síðast er að virða þá grundvallarreglu að mannréttindi séu tekin alvarlega og hver og einn njóti sannmælis og verðleika, án þess að flokks-skírteini þurfi að vera með í farteskinu. Málið snýst nefnilega ekki um þá sem fá stöðurnar heldur hina sem eru sniðgengnir.

HUGURINN BER ÞIG
AÐEINS HÁLFA LEIÐ



Hvert viltu fara?

Halifax

á 15% afslætti í dag*

Ferðadagar
Icelandair
og Hagkaupa

frá 17.–27. jan.

4. dagur – 4. útkall

Halifax á Hagkaupsverði

Kauptu miða á www.icelandair.is í dag eða í verslunum Hagkaupa í Holtagörðum, Kringlunni, Smáralind eða á Akureyri.

50 FERÐAVINNINGAR

Allir kassastrimlar eru happdrættis-miðar. Neðst á strimlinum er 7 stafa númer. Þú ferð inn á www.icelandair.is og slærð þar inn númerið og færð samstundis svar við því hvort þú hafir dottið í lukkupottinn.

Hafið sætisólarnar spenntar

Við kynnum 24 spennandi áfangastaði Icelandair árið 2008, helgarferðir, sumarævintýri og sérferðir. Nýr ferðabæklingur Icelandair, **Mín borg**, liggur frammi í öllum verslunum Hagkaupa.

Þetta er verslunarstjórn sem talar

Full búð af spennandi Duty Free tilboðum. Duty Free tilboð á sælgæti og fleiru.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

HAGKAUP
Ein færð betra verð

* Í dag, 20. janúar, bjóðum við 15% afslátt af öllum fargjöldum á Best Price og Economy fargjaldaflökkum til Halifax. Ferðatímabil er til og með 31. desember 2008.



WWW.ICELANDAIR.IS

Hillir undir „grænan miðbæ“ á Álftanesi

UMRÆÐAN

Skipulagsmál

Hugmyndir um að hreinsa þjónustukjarna á Álftanesi hefur verið lengi í mótun. Nú hillir í að úr rætist og framkvæmdir hefjist samkvæmt skipulagstillögu að „Grænum miðbæ“.

Byggðin á nesinu hefur vaxið ört síðan áform um alþjóðaflugvöll voru slegin af 1973. Hér er gott að búa, fjöldi íbúa hefur tvöfaldað á hverjum áratug sem kallar á ýmsa þjónustu.

Opin arkitektasamkeppni um skipulag miðsvæðis 1991 skilaði tólf tillögum og var tveimur skipað í verðlaunasætið, en tími framkvæmda var ekki kominn. Megnið af svæðinu er óhentugt byggingarland, fyrrum mýri sem skiptist á marga landeigendur sem sameinuðust um framræstinguna. Áform um framkvæmdir lágu niðri þar til önnur verðlaunatillegan var útfærð í samvinnu við höfundana og samþykkt af sveitarstjórn 1999. Þar var gert ráð fyrir lágrestri, strjálly byggð með litlum afmörkuðum þjónustukjarna og góðu vegasambandi. Enn strönduðu framkvæmdirnar, m.a. á óljósri eignaskiptingu á svæðinu.

Þegar einkaaðilar náðu síðar að kaupa stærsta hluta svæðisins komst á ný skriður á undirbúning framkvæmda, en nýir eigendur þrýstu á um meira byggingarmagn. Árið 2003 var höfundur að hinni verðlaunatillegunni frá arkitektasamkeppninni 1991 fenginn til að vinna aðra skipulagstillögu. Þegar ný tillaga með þétri byggð var kynnt á íbúafundi sama ár mætti hún allharðri andstöðu. Mót-mælin risu hátt og þegar tillagan var tilbúin í formlegt kynningarferli hafði öflug grasrótahreyfing myndast. Stuttu fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar var skipulagið engu að síður samþykkt, en meirihluti bæjarstjórnar ákvað að bíða með framkvæmdarleyfi þar til úrslit kosninganna lægju fyrir.

Skemmst er frá því að segja að nýskipuð bæjarstjórn leitaði sátta og samþykkti einróma að efna til nýrrar arkitektasamkeppni, svokallaðrar framkvæmdakeppni, enda allir sammála um að draga ekki öllu lengur uppbyggingu þjónustukjarna. Undirbúningsnefnd útbjó í samvinnu við Arkitektafélag Íslands vandaða keppnislýsingu byggða á þarfagreiningum, fyrri samþykktum og væntingum Álftnesinga á íbúafingum. Dómnefndin, sem skipuð var þremur fagmönnum og einum fulltrúa frá hvoru framboði, var einróma í niðurstöðu sinni um að tillaga frá GASSA arkitekter uppfyllti best



KRISTINN GUÐMUNDSSON

þær forsendur sem gefnar voru, af þeim átta sem skilað var inn. Í áliti nefndarinnar var tillög- unni m.a. hampað fyrir góða lausn á umferðarflæði um miðsvæðið og að skólasvæðinu, að helm- ingur bílastæða verði í bílageymslum neðanjarðar og að áhersla er lögð á óhefta ferð gangandi um svæðið og um leið víkjandi umferð ökutækja.

Sérstada landslagsins er undir- strikuð með samhangandi grænu yfirbragði, sem næst fram með skipulagi sameignarlóða í stað afgirtra einkalóða og að hús standa út yfir sökkulinn, sem lyftir þeim frá fletinum. Opin stölluð vatnsrás

þvert og endilangt um miðsvæðið, með rólegu streymi grunnvatns, minnir á framræstar mýrar og tjarnir á nesinu. Tillagan gerir skýra kröfu um vandaða hönnun bygginga og forðast einhæfar staðlaðar einingar og hæfilegt rými, sem er haganlega fyrir komið við eina aðalgötu, er ætlað undir þjónustubyggingar. Syðst á svæðinu er gert ráð fyrir veglegu menningar- og náttúruasetri ásamt tengdri atvinnustarfsemi, sem væntanlega á eftir að skapa mörg tækifæri fyrir íbúa í bæjarfélaginu og stuðla að blómlegu mann- lífi, eða eins og segir í dómnefndarálitinu: „Tillagan endurspeglar sérstakar og framsýnar hugmyndir um miðsvæði, sem á trúverðugan máta sýnir hvernig móta megi

manneskjulegt umhverfi, með hliðsjón af þeim náttúrulegu gæðum sem svæðið býður upp á.“

Verðlaunatillegan hangir nú uppi til kynningar og afgreiðslu. Þrátt fyrir vandaða vinnu er vitanlega eitt og annað sem mætti óska sér öðruvísi. Eitt af þeim atriðum sem hefur eðlilega fengið sérstaka athygli er bílaumferð í námunda við skólana, enda liggja mörk skipulagsins að skólasvæðinu, þar er daglega mesta umferðaralagðið við stærsta vinnu- stað samfélagsins og vegfarendur flestir börn. En það þarf að gera ráð fyrir notkun bíla og því hefur gatan meðfram skólalóðinni verið hönnuð með það í huga að aksturs- hraði verði lítill en yfirsýnin góð. Lengi má gott bæta og til þess er

kynningarferlið að kalla eftir athugasemdemum og ábendingum um betri lausnir.

Það er ekki laust við að eftir- væntingar gæti á Álftnesi. Tillagan er óvenjuleg og miklar kröfur gerðar til allra sem að þessu koma. En nú þegar óvissa ríkir í fjár- málaheiminum eygja margir möguleika í því sem ber af og vekur athygli. Fyrirhugaður „Grænn miðbær“ á Álftanesi og áform sveitarfélagsins um friðun stórra opinna svæða, með skír- skotun til verndun Skerjafjarðar, er dæmi um bjarta framtíðarsýn heima í sveitinni sem Álftnesingar eru stoltir af.

Höfundur er formaður skipulags- og byggingarnefndar á Álftanesi.

ALLT AÐ

14,5%*

VEXTIR

* Ársvextir skv. vaxtatöflu 11.01.08: Vextir eru stighækkandi eftir innstæðu.

Grunnþrep 0–250 þús. = 9,75%	1. þrep 250–1.000 þús. = 12,35%
2. þrep 1–5 millj. = 13,00%	3. þrep 5–20 millj. = 13,50%
4. þrep 20–75 millj. = 14,00%	5. þrep 75 millj.+ = 14,50%

Sviðsett lýðræði á Íslandi

UMRÆÐAN

Forsetakosningar

Nokkur endurstokkun varð í stjórnarlíðinu við síðustu alþingiskosningar, mörg ný andlit komin á þing og í ráð- herrastölu. Á meðal nýlið- anna eru einstaklingar sem hafa talað fyrir auknu lýðræði í landinu og þróun til beins lýðræðis. Ég skora á þessa einstaklinga og íslensk stjórnvöld að standa vörð um lýðræðið og sofna ekki á verð- inum hvorki í alþingis- sveitar- stjórn- eða forsetakosningum þjóðarinnar.

Hólt væri íslensku lýðræði áður en stjórnvöld böða aftur til forsetakosninga að fá óhlutdræga skýrslu unna af Öryggis- og Sam- vinnustofnun Evrópu um aðdrag- anda kosninganna 2004. Því miður óttast ég að þá renni tvær grímur á þessa ágætu eftirlitsstofnun. Leiðarhöfundar íslenskra fjöl- miðla hafa lýst áhyggjum yfir



ÁSTÞÓR MAGNÚSSON

sviðsettu lýðræði í Rúss- landi og sagt rússneskar forsetakosningar ólýð- ræðislegar vegna óhöf- legrar umfjöllunar fjöl- miðla þar um forsetann og embættisverk hans í aðdraganda kosninganna, meðan öðrum frambjóð- endum var gefinn lítinn kostur á að kynna sín stefnumál. Ég minni á göngu mína til ritstjóra Morgunblaðsins 7. maí

2004 er ég færði honum meira en mannhæðarhátt spjald þakið úrklippum blaðsins, tugi síðna um störf og baráttumál sitjandi for- seta og í hinni hendinni agnarlitla grein, nánast á stærð við gott frí- merki, sem var frétt Morgunblaðs- ins um mitt framboð til Forseta Íslands. Óhjáhvæmilega minnir þetta á „rússneskt lýðræði“. Heimsfrægur prófessor, sem kom úr Kastljósi RÚV þannig klipptur að allar tilvitnanir um mitt for- setaframboð, embætti forseta Íslands og friðarmál var horfið, líkti þessu við það sem gerðist í

Júgóslavíu undir einræðisherran- um Slobodan Milosevic.

Kosningarárið 2008 hófst með endurtekningu frá 2004 á öfgafull- um hræðsluáróðri stuðningsmanna Ólafs Ragnars Grímssonar um kostnað við kosningar. Ég fæ ekki betur séð en að forsetakosningar gætu orðið tekjulind fyrir einstök sveitarfélög því samkvæmt nýjum fjárlögum fá þau fasta upphæð kr. 430 á hvern kjörgengan mann úr ríkissjóði og 300 þús. fyrir hvern kjörstað. Sveitarfélög er gæta aðhalds í kostnaði gætu í raun hagnast á kosningum. Þar að auki fer allt kosningafé strax í umferð héraðs og kemur þannig að mestu til baka í sköttum og gjöld- um. Ekki úr vegi að Alþingi kynni sér tækniþróun samtímans með til- líti til rafrænna kosninga og þannig má í framtíðinni kjósa um forseta og önnur þjóðþrifamál með litlum tilkostnaði. Fjarstæða er að halda því fram að kosningar séu þungur baggi á þjóðarþíunni og slíkur mál- flutningur er bein aðför um undir- stöðum lýðræðisins. Ótækt er að öskurapar ljósvakans í blogg-

heimum og fjölmiðlum í eigu eða undir stjórn stuðningsmanna ein- stakra stjórnmalamanna eða skoð- ana komist upp með að éta lýðræðið til agna.

Oddviti yfirkjörstjórnar eins stærsta kjördæmis landsins, Þór- unn Guðmundsdóttir gerðist beinn þátttakandi á Stöð2 í aðför gegn íslensku lýðræði. Ég spyr oddvit- ann 9 spurninga sem ég býð eftir svörum við og vona að hún sjái sóma sinn í að svara. Eftir uppakomu Þórunnar á Stöð2 eiga spurningarnar fullt erindi til odd- vita yfirkjörstjórnar síðustu forsetakosninga.

Ég tók að mér að kynna íslensku þjóðinni nýja hugmyndafræði í friðarmálum. Ég tala af einlægni fyrir breyttum áherslum hjá emb- ætti Forseta Íslands. Nokkrar hug- myndanna hafa nú séð dagsins ljós þótt Forsetinn hafi því miður ekki ljáð málinu lið. Friðarstofnun Reykjavíkur var stofnuð af Borg- arstjóra árið 2006 og mér skilst að háskóladeild í friðarmálum rísi á Keflavíkurflugvelli.

Sitjandi forseti hefur ekki tekið

friðarmálin upp eins og hann marglofaði í kosningasjónvarpi árið 1996 að ónefndum loforðum til mín persónulega. Það er áhyggjuefni ef næstu 4 ár tapast með áframhaldandi aðgerðaley- si manns sem virðist ætla að sitja til eilífðarnóns.

Strax 1996 lýsti ég því yfir að ég sækist ekki sérstaklega eftir starfi forsetans nema til að vinna friðar- málum brautargengi. Ég hét hverjum þeim frambjóðanda stuðning sem tæki að sér baráttu- mál Friðar 2000. Tilboðið stendur enn. Ég vona að ég þurfi ekki enda- laust að ganga friðargönguna til Bessastaða og íslensk þjóð geti komið sér saman um frambjóðend- ur sem ekki tala tungum tveim og sem af einlægni taka friðarmálin uppá arma sína. Þeir sem vilja kynna sér hugmyndir okkar um breyttar áherslur hjá Forseta Íslands geta kynnt sér vefinn www. forsetakosningar.is

Höfundur er formaður Friðar 2000.

Fiskveiðistjórnun, skerðing og mótvægisáðgerðir

UMRÆÐAN

Sjávarútvegsmál

Er ekki bara allt í góðu? Sjávarútvegsráðherra vor heldur áfram að fegra allt þetta kerfi með öllum tiltækum ráðum og er trú sínum mönnum og skopast að staðreyndum frá þeim sem bera hag fólksins í landinu fyrir brjósti og afkomenda þeirra. Þetta er sama orðalagið og fyrrum formaður LIÚ viðhafði. Aldrei hafa verið færðar nokkrar sönnur á þetta. T.d. brottkast, hvað ætli dæmin séu mörg í dag þegar árið 2008 er að byrja.



JÓNAS SKAFTASON

Ætli fyrrum formaður LIÚ sé nokkuð að hugsa um þessa hluti í dag, mörgum árum seinna og mýmörgum dæmum um hluti sem hann fullyrti að ættu sér ekki stað og öllum byggðarlögum sem lepja dauðann úr skel og eiga sér ekki uppreisnar von.

Einn albesti stuðningsmaður þessa kerfis fyrir utan Hannes Hólmstein er Illugi Gunnarsson. Greinarhöfundur þurfti að marglesa grein eftir hann til að skilja hana og sjá hvað hún er fjandsamleg. Leyfi mér að vitna í grein hans. „Aðalatriðið er að nýting náttúruauðlinda sem byggð er á

séreignarétti er líklegust til þess að tryggja sameiginlega hagsmuni þjóðarinnar bæði í bráð og lengd. Séreignarétturinn og hvernig hann myndaðist er hornsteinn frjálslyndra stjórnmalaskoðana. Fyrir okkur sjálfstæðismenn er það grundvallaratriði að ekki sé grafið undan þeim gildum sem séreignarétturinn hvílir á.“

Hver fann upp séreignaréttinn á undan Illuga? Spyr sá sem ekki veit.

Skerðing er grafalvarleg. Fólki er sagt upp vinnu, þetta gerist ofaná það sem undan er gengið, kvóti seldur burtu og þessar gríðarlegu upphæðir fara í reiðhallir og aðrar hallir, bara að nefna það. Skyldu þeir

sem skerðast, sem eru jú allir kvótahafar, minnka útleigu á heimildum sem þessu nemur t.d. svo fólk héldi vinnunni á heimaslóð. 50% reglan hlýtur að skerðast sem þessu nemur og svo hlýtur veðhæfi að minnka. Hvernig ætli sé tekið á því. Sennilega ekkert mál, nóg er af ranghölum og skúmaskotum í þessu kerfi til að hagræða. Forstjóri einnar stærstu útgerðar landsins kemur helst ekki í fjölmiðil nema að kvarta yfir óöryggi og vill fá vinnufrið. Gæti verið að sá hinn sami hafi notið góðs af þessu kerfi og það styrkt hann og flýtt fyrir útrás? Nei það er ekki hann sem hefur búið við óöryggi heldur er það fólkíð úti um allt land sem veit

ekki hvort kvótinn er farinn á morgun og einhverjir verða svo ríkir að það vefst fyrir þeim hvað eigi að gera við þessi ósköp.

Mótvægisáðgerðir verða aldrei nema kák ef ekki er tekið á vandanum og hann er öllum ljós fyrir löngu síðan og líka sjávarútvegsráðherra en eins og kemur fram í grein Illuga er hann klemmdur af því sem Sjálfstæðisflokkurinn vill. Þó þörfin hafi verið brýn að breyta þessu kerfi og henda því út í hafsauga fyrir löngu er núna nauðsyn. En nú er lag reyndar vegna náttúrulegra aðstæðna sem koma til hjálpar og það er vel. 100% veiðiskylda er lífsnauðsynleg nú þegar. Þar með er leigubraskið liðin tíð, mesti skandall Íslandssögunnar, og næst kemur framsalið sem hefur þrífist vel og skal engan undra. Með 100% veiðiskyldu kemur algjört bann við framsali og skila inn ef ekki tekst að veiða, í staðinn fyrir að geyma á milli ára. Sem verður að teljast með ólíkindum þegar litið er til landsbyggðarinnar þar sem enginn má veiða nema að leigja af sægreifa sem er að leika sér einhversstaðar. Ekki þarf að hafa áhyggjur af bönkunum. Þeirra gróði er að mestum hluta erlendis og svo er bara hægt að reikna þetta sem tap. Já, vel á minnst. Hvernig kemur þetta við bankana, skerðingin. Greinarhöfundur veit hvað það þýðir ef veðhæfi er lélegt sem er viðvarandi úti á landi. Meginorsök in er vegna leigu og framsals á veiðiheimildum.

Mesti skandall einn og áður sagði, ekkert gengið eftir sem lagt var upp með en komin auðstétt sem veit varla aura sinna tal, þetta er árangurinn. Greinarhöfundur fór á fund þegar menn riðu um héruð, kynntu og dásömuðu þetta kerfi og var skýrt tekið fram að það er alltaf hægt að breyta. Svo mörg voru þau orð. En það hefur ekki gengið eftir, þess vegna er vandinn svona stór. Það þarf að taka hart á því þegar augljós skemmdarverk hafa verið unnin á lífskjörum fólks og framtíðardraumum. Kalla þarf menn til ábyrgðar rétt eins og í nágrennalöndum okkar og víðar og að þeir sýni iðrun sem er hægt að taka trúanlega. Flýtimeðferð á uppreisn æru á ekki að þekkjast. Eins og áður segir nú er lag, bankarnir halda að sér höndum, svo er sagt a.m.k. Oft er þörf en nú er bráð nauðsyn að breyta svo það nýtist öllum, ekki fámennum hópi.

Höfundur er bústjóri.

Vaxtaþrep er sparnaðarreikningur sem býður upp á háa og örugga ávöxtun.

ÖRUGG OG GÓÐ
ÁVÖXTUN

STIGHÆKKANDI
VEXTIR

VEXTIR GREIDDIR
MÁNAÐARLEGA

LÁTTU
PENINGANA
ÞÍNA VINNA!

Kynntu þér málið á www.glitnir.is, í næsta útibúi eða í þjónustuveri í síma 440 4000

GLITNIR

Heiftarleg átök í Framsókn

UMRÆÐAN

Framsóknarflokkurinn

Bókin um Guðna fyrrverandi ráðherra sem Sigmundur Ernir Rúnarsson skrifar er mjög athyglisverð. Hún er vel rituð, lýsir vel uppveiti Guðna Ágústssonar og harðri lífsbaráttu föður hans, Ágústssonar, sem átti oft ekkert að borða þegar hann var að alast upp. Bókin lýsir því vel hve stutt er síðan alþýðufólk á Íslandi átti við sára fátækt að stríða. En athyglisverðast er þó að lesa í bókinni um hin heiftarlegu átök í Framsóknarflokknunum. Menn vissu að ágreiningur innan Framsóknar var mikill en menn höfðu ekki myndunarafl til þess að reikna með slíkum heiftaráttökum og bókun lýsir.

Svo virðist sem ein aðalástæða átakanna innan Framsóknar hafi verið einræðistilburðir Halldórs Ásgrímssonar, formanns flokks-



BJÖRGVIN
GUÐMUNDSSON

ins. Hann vildi ráða öllu í flokknum, stefnunni, hverjir væru ráðherrar og hver tæki við sem formaður, þegar hann hætti. Þetta foringjaræði í Framsóknarflokknunum er ekki einstakt. Það hefur tíðkast í fleiri flokkum og er mikill blettur á lýðræðisþróun íslenskra stjórnmalá. Guðni lýsir því vel í bókinni hvernig Halldór vildi ekki aðeins

ráða því hver tæki við formennsku í Framsókn þegar hann hyrfi úr formannsstólnum heldur vildi hann einnig ráða því hver yrði varaformaður og hann gerði kröfu til þess að Guðni hyrfi úr forustunni um leið og hann. Guðni segir í bókinni að Halldór gæti ráðið því hvenær hann hætti sjálfur í stjórnmalum en hann gæti ekki ráðið því hvenær Guðni hætti.

Auðvitað er það mjög undarlegt að Halldór skyldi leggja ofurkapp á það að draga Guðna með sér út úr pólitíkinni um leið

og hann ákvæði sjálfur að hætta. Halldór var orðinn óvinsæll og búinn að fara illa með Framsókn á löngu samstarfi við íhaldið en Guðni var vinsæll og sterkur í sínu kjördæmi og gat því haldið lengi áfram enn í pólitík.

Frásögn Guðna af valdabaráttunni í Framsókn leiðir hugann að lýðræðinu í íslenskum stjórnmalaflokkum eða öllu heldur að foringjaræðinu. Það er kominn tími til þess að foringjaræðið verði afnumið ...

Þegar Halldór ákvæð að hætta sem formaður Framsóknarflokksins átti varaformaðurinn að sjálfsgöðu að taka við formennsku, samkvæmt lögum flokksins. En Halldór gat ekki hugsað sér að Guðni yrði formaður. (Halldór studdi ekki Guðna sem varaformann). Lýðræðis-

reglur voru sniðgengnar og farið að leita að einhverjum manni úti í bæ til þess að taka við formennsku flokksins. Fyrst var meiningin að fá Finn Ingólfsson til þess að taka við formennskunni en ekki náðist samstaða um hann. Síðan var Jón Sigurðsson valinn og var hann kosinn formaður. Enginn í þingflokki Framsóknar kom til greina að álit Halldórs. Ég tel, að þar hafi verið mjög hæfir menn sem hefðu getað tekið við formennsku í flokknum: Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir og Jónína Bjartmarz. En af einhverjum ástæðum taldi fráfarandi formaður þetta fólk ekki koma til greina. Guðni Ágústsson fjallar ítarlega um formannsslaginn. Það er fróðleg lesning og lýsir vel baktjaldamakki og heiftarlegum átökum í stjórnmalaflokki. Jón Sigurðsson gegndi ekki formannsembættinu nema rétt fram yfir kosningar. Þá sagði hann af sér og varaformaðurinn, Guðni Ágústsson, tók við formennsku. Þá var loks búið að uppfylla þær

lýðræðisreglur, sem hefði að réttu átt að gera strax og Halldór sagði af sér.

Frásögn Guðna af valdabaráttunni í Framsókn leiðir hugann að lýðræðinu í íslenskum stjórnmalaflokkum eða öllu heldur að foringjaræðinu. Það er kominn tími til þess að foringjaræðið verði afnumið og lýðræði taki við. Þótt einhver sé kosinn formaður í stjórnmalaflokki á hann ekki að fá neitt alræðisvald. Formaður á ekki að ráða því hverjir verða ráðherrar. Þingflokkur eða flokksstjórn á að ráða því og ekki til málamynda heldur í raun. Formaður á heldur ekki að ráða stefnu flokksins. Það eru flokksþing og flokksstjórnir og flokksfélögin, sem eiga að marka stefnuna og ákveða hana. Því fyrr sem flokksforingjar átta sig á þessu því betra. Það á að ríkja lýðræði í flokkunum en ekki foringjaræði. Bókin Guðni, af lífi og sál er góð bók. Ég mæli hiklaust með henni.

Höfundur er viðskiptafræðingur.



Okkar elskulegi eiginmaður, faðir, tengda-
faðir og afi,

Richard Svendsen (Rikki)
Suðurbólum 24, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtu-
daginn 17. janúar. Útför hans fer fram frá Frikirkjunni
í Reykjavík 24. janúar kl. 15.00.

Úlfheiður Ingvarsdóttir
Ingvar Hinrik Svendsen Þóunn Vaka Reynisdóttir
Hermann Markús Svendsen
Elisabet Alma Svendsen
og barnabörn.



Við þökkum innilega auðsýnda samúð
og vinarhug við fráfall og útför elskulegs
sonar okkar og bróður,

Jakobs Hrafn

Höskuldssonar

Bröndukvísl 14, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færur við Björgunarsveitum
Landsbjargar.

Höskuldur Höskuldsson Aðalheiður Ríkarðsdóttir
Rakel Sara Höskuldsdóttir
Lea Ösp Höskuldsdóttir



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma
okkar og langamma,

Elín Oddný Halldórsdóttir

Eirilundi 10a, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð þriðjudaginn 15. janúar.
Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn
21. janúar kl. 13.30.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim
sem vildu minnst hennar er bent á minningarkort
Öldrunarheimila Akureyrar eða önnur líknarfélög.

Svanhvít Jónsdóttir Herbert Herbertsson
Elín Anna Guðmundsdóttir Sigurður Gunnarsson
Brynja Guðmundsdóttir
Jóhann Pétur Herbertsson
Guðrún Elín Herberdsdóttir
og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma
og langamma,

Kristín Jóhannsdóttir

Árskógum 6, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Seljakirkju 21. janúar kl. 13.00.

Jóhann Sævar Erlendsson Þuríður E. Baldursdóttir
Anna Rósa Erlendsdóttir Guðni Ágústsson
Kristín Erla Guðnadóttir Brynjar Víðisson
Arnar Páll Jóhannsson
Jóhann Baldur Jóhannsson
Magnea Mjöll Ingimarsdóttir



Þökkum innilega auðsýnda samúð og
vinarhug vegna fráfalls elskulegs eigin-
manns, föður, tengdaföður, afi og langafi,

Stefáns Hermanns Eyfjörð
Jónssonar

Dalbraut 14, Reykjavík.

Hjartans þakkir færur við starfsfólki deildar H-2 á
Hrafnistu í Reykjavík fyrir góða umönnun.
Guð blessi ykkur öll.

Þórey Gísladóttir
Jón Bjarni Eyfjörð Stefánsson Svanborg Oddsdóttir
Elis Stefán Eyfjörð Stefánsson Sigríður Albertsdóttir
Jóna Gísley Eyfjörð Stefánsdóttir Geirmundur Geirmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.

IVANA TRUMP ATHAFNAKONA
ER 59 ÁRA Í DAG

„Að líta glæsilega út er
besta hefndin.“

Ivana Trump var gift millj-
arðamæringnum Donald
Trump en skildi við hann
eftir að upp komst um fram-
hjáhald hans. Núverandi
elskhugi Ivönu er 36 ára.



tímamót

timamot@frettabladid.is



FORSTÖÐUMAÐUR FRÁ UPPHAFI Guðlaugur Sveinsson segir heimilið hafa bjargað mörgum frá því að hreinlega drepast.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÖR

ÁFANGAHEIMILIÐ RIS: ÞRJÁTÍU ÁR FRÁ STOFNUN HEIMILISINS

Bakkus erfiður andstæðingur

Ris, áfangaheimili fyrir alkóhólista, var stofnað fyrir rúmlega þrjátíu árum og gaf út af því tilefni afmælisritið Ljósaskil eftir Þóri S. Guðbergsson.

„Við gáfum út þessa sögu okkar því við vildum ekki láta þennan tíma glatast,“ segir Guðlaugur Sveinsson, forstöðumaður Rissins, en hann hefur veitt heimilinu forstöðu frá upphafi.

Guðlaugur rifjar upp þegar nokkrir eldhugar tóku sig saman og leigðu hluta af húsnæði í Brautarholti fyrir þá sem hvergi gátu höfði sínu hallað. „Á þessum tíma voru menn að ræða mál þeirra sem voru hingað og þangað í afvötnun, þetta var um svipað leyti og SÁÁ var að fara af stað og það var vakning í þessum málum, nýbúið að opna afvötnunarstöð á Vífilsstöðum og þar voru nokkrir framtakssamir menn sem vildu opna stað fyrir þá sem áttu hvergi höfði sínu að halla,“ segir hann og heldur áfram. „Þetta hékk illa saman til að byrja með. Þetta var grasrótahópur og menn voru í vandræðum með fjármagn, við vorum að fara út í eitthvað sem við áttuðum okkur ekki

á að þyrfti mikla peninga til að reka. Það var til dæmis stofnað til happa-drættis með bíl í verðlaun og það var alls konar basl og vitleysa í byrjun en það var farið af stað af hugsjón,“ segir Guðlaugur.

Til að byrja með fékk heimilið inni á hóteli í Brautarholti en þyrfti að víkja þegar sumargestirnir komu. Þá lá leiðin niður á Tryggvagötu þar sem heimilið var í þrjú ár áður en það flutti upp í Stakkholt, en er nú staðsett á Snorra-braut 52. Um tuttugu manna hópur gistir heimilið og segir Guðlaugur þetta vera fastan kjarna en einn til tveir innritast hjá honum á mánuði.

„Dvalartíminn átti að vera til þriggja mánaða en það hafði bara ekkert upp á sig því menn fóru að kvíða brottfarar-
deginum strax. Þá lengdum við tímann í hálf tveimur árum og menn hafa að setja tímamörk og menn hafa í lengst hér mislengi. Það má segja að kjarninn sé árangur heimilisins í raun,“ úskýrir Guðlaugur og segir svona starfsemi forsendu þess að menn geti lifað eðlilegu lífi eftir að hafa misst allt.

„Þetta sáum við frá upphafi, menn komu úr meðferð, sátu niðri á Umferð-armiðstöð og vissu ekkert hvert þeir áttu að fara og sumir hverjir búnir að drekka frá sér allt. Þessi staður hefur bjargað mörgum frá því að hreinlega drepast. Það er ekkert flóknara en það,“ segir Guðlaugur. „Bakkus er grimur, það þýðir ekkert að semja við hann og eina ráðið er að gefast upp. Ef menn gera það ekki þá drepur hann bara,“ bætir hann við með þunga.

Hann segir framtíð heimilisins óljósa en þörfin sé fyrir hendi sem aldrei fyrr. Skilning vanti hins vegar hjá þeim sem fari með peningavöldin.

„Okkur vantar klárlega meira fjármagn enda ekki hægt að standa í þessu af eldhuga einum saman. Hins vegar höfum við verið að skila góðu starfi og eigum góða bandamenn og ætlum að reyna að halda þessu starfi áfram í einhverri mynd enda þannig mála-flokkur að hann á ekki að hafa neitt í flimtingum,“ segir Guðlaugur Sveinsson, forstöðumaður Rissins, að lokum.

heida@frettabladid.is



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þórður Jón Pálsson

kennari, Aflagranda 40,
áður Melhaga 5, Reykjavík,

sem lést 12. janúar síðastliðinn, verður jarðsöngin frá
Neskirkju kl. 13.00 þriðjudaginn 22. janúar.

Elin Þórðardóttir Reinhold Kristjánsson
Steinunn Þórðardóttir Hrafn Bachmann
Aðalsteinn Þórðarson Guðrún Jóhannesdóttir
Kjartan Þórðarson Helga Kristín Einarsdóttir
Gunnar Þórðarson Hafðís Kjartansdóttir
Barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

Svava Stefánsdóttir

frá Fáskrúðsfirði, Hjallaseli 55,
áður Mjóstræti 4,

andaðist í Seljahlíð föstudaginn 11. janúar. Útförin fer
fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 22. janúar kl.
13.00.

Snæbjörn Aðalsteinnsson Kristín Lárusdóttir
Þórdís Aðalsteinsdóttir Gísli Guðnason
Kristborg G. Aðalsteinsdóttir Rafn Guðmundsson
Stefán Aðalsteinnsson Elin Geira Óladóttir
Anna Aðalsteinsdóttir Robert Molodziejko
barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.

TÖLVUNÁM

á vorönn 2008

Innritun hafin

Computer and office courses
for beginners and advanced users



Útskrift nemenda í Tölvu- og skrifstofunámi í janúar 2008

TÖLVU- OG SKRIFSTOFUNÁM

Sérlega viðamikil og hagnýtt nám í takt við þarfir markaðarins, nám sem hentar fólki á öllum aldri, hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju eða vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstætt starfandi atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.

Hefst 28. janúar. Kennst er þrisvar í viku og er boðið upp á morgun- og kvöldhópa. Sjá stundaskrá á heimasíðu skólans.
Lengd: 260 std. - Námið er metið til eininga. Verð: 199.000,-



Útskrift nemenda í Tölvu og bókhaldsnám desember 2007

TÖLVU- OG BÓKHALDSNÁM

200 stundir. Verð kr. 153.000,- Morgun og kvöldnámskeið.
Hefst 28. janúar á Akureyri og 7. febrúar í Reykjavík.

Bókhald 1

Hagnýtt 100 std. Bókhaldsnámskeið fyrir byrjendur í bókhaldi. Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald í Navision. Hefst 3. mars. Verð kr. 94.000,- Morgun- og kvöldhópar.

Bókhald 2

32 std hagnýtt framhaldsnámskeið. Hentar þeim sem lokið hafa bókhaldsgrunni eða hafa bókhaldsreynslu. Fjárhagsbókhald upprifjun og framhald, VSK uppgjör og leiðréttingarskýrslur, launabókhald, launamiðar, launaframtal og skil til skatts. Afstemmingar og skil á bókhaldi til endurskoðenda ásamt lestri ársreikninga.
Verð kr. 36.000,-

Tollskýrslugerð

21 stund. Verð kr. 28.000,-

ALMENN TÖLVUNÁMSKEIÐ

Tölvunám byrjenda

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað í notkun tölvu.

Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga og er hægt að velja um morgun- eða kvöld námskeið. Hefst 31. janúar. Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,-

Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

Helstu kennslugreinar: Windows tölvugrunnur og skjalavarsla, Word, Excel, Internet og Outlook tölvupóstur.

Kennt er mánudaga og miðvikudaga og er hægt að velja um morgun- eða kvöld námskeið. Hefst 30. janúar. Lengd 63 std. Verð kr. 44.900,-

ECDL tölvunám

Alþjóðlegt tölvunám hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinunum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

Helstu kennslugreinar: Windows, Word, Excel, Internet, Outlook og PowerPoint.

Kennt er þrisvar í viku og er hægt að velja um morgun- eða kvöldnámskeið.

Hefst 7. febrúar. Lengd: 84 std. Verð kr. 65.000,- (Bækur og próf innifalín).

ÖNNUR NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

Vefsíðugerð I

Photoshop og Dreamweaver.

Stafrænar myndavélar

- og meðferð stafrænna mynda í heimilistölvunni.

Illustrator

Fyrir byrjendur í teikningu og hönnun. Hefst 26. jan.

Eldri borgarar 60+

30 kennslustunda byrjenda- og framhaldsnámskeið á góðu verði.

- Vefsíðugerð II
- Photoshop grunnur
- Photoshop ljósmyndun
- Myndbandavinnsla
- Excel grunnur og framhald
- Word grunnur og framhald
- Outlook
- Flash
- Office 2007 kynningar
- MCSA
- MCP XP
- MCDST
- Windows 2003 Server
- Windows 2003 Network Infrastructure
- MS Exchange Server
- Navision
- Grafísk hönnun

VAKTAVINNUFÓLK

Flest námskeið skólans geta hentað ykkur sérstaklega vel þar sem möguleiki er að skipta milli morgun- og kvöldtíma eftir vöktum án þess að missa úr.



TÖLVUSKÓLINN
ÞEKKING

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

REYKJAVÍK & AKUREYRI

Eftirspurn eftir geðveikum formanni með reynslu

Dauðaslys, líkfundir og slæmar aðstæður fatlaðra voru meðal þess sem **Sigursteinn Másson** greindi frá í greinargerð sem hann lagði fram á fundi til að rökstyðja skoðun sína og meirihluta framkvæmdastjórnar Öryrkjabandalagsins um nauðsyn þess að skipta um hússjóð bandalagsins. Tillaga hans náði ekki fram að ganga og sagði hann af sér í kjölfarið. Í viðtali við **Karen D. Kjartansdóttur** fer hann yfir ástæður uppsagnarinnar, ástandið innan Öryrkjabandalagsins og það sem er framundan í lífi hans.

Hvernig gerðist þetta?

„Þann 21. október tilkynnti ég Helga Hjörvari, þáverandi formanni hússjóðsins, að ég myndi leggja til að ný stjórn tæki við hússjóði ÖBÍ. Hússjóðurinn er séreignarstofnun en ÖBÍ skipar fjóra af fimm stjórnarmönnum og félagsmálaráðuneytið einn. Helga var þá löngu ljós óánægja mín með stjórnunarhætti sjóðsins og hvernig þjónusta hans við íbúa hefur verið, því ég hafði komið á framfæri kvörtunum og aðfinnslum í nánast hverri einustu viku frá því árið 2005 eða frá því ég var kjörinn formaður Öryrkjabandalagsins.“

Þetta átti því ekki að koma honum á óvart og meirihluti framkvæmdastjórnarinnar var mér alveg sammála um nauðsyn þess að skipta um stjórn.

Það vakti óneitanlega furðu mína hve mikil fyrirstaða virtist vera við breytingum af hálfu Helga Hjörvar og Emils Thoroddsen, sérstaklega í ljósi þess að Helgi og aðrir í stjórn sjóðsins höfðu verið þar við völd í tíu ár og einstaka menn lengur. En í framhaldi af samræðum mínum við Helga legg ég fram mína tillögu í framkvæmdastjórninni í lok nóvember. Á sama fundi leggur varaformaður Öryrkjabandalagsins, Emil Thoroddsen, sem jafnframt er stjórnarmaður í hússjóðinum, fram aðra tillögu um óbreytta stjórn. Þetta er því staðan í byrjun desember. Sjötta desember geri ég breytingartillögu við fyrri tillögu til að koma til móts við gagnrýnisráddir og var tillaga mín samþykkt í framkvæmdastjórninni mótatkvæðalaust en Emil Thoroddsen og tveir til viðbótar sátu hjá.

Ég hélt að þetta myndi ganga í gegn þótt ég vissi að andstaða væri við tillögu framkvæmdastjórnar hjá þröngum hópi fólks og þá sérstaklega hjá Emil Thoroddsen, Helga Hjörvari og svo kemur í ljós að Garðar Sverrisson, fyrrverandi



SIGURSTEINN MÁSSON Fyrrverandi formaður Öryrkjabandalags Íslands.

formaður bandalagsins, er farinn að blanda sér í þetta. Þeir þrír hafa svo samband við aðildarfélagin og reyna að gera tillögu meirihluta framkvæmdastjórnar tortryggilega og láta líta svo út að nái hún fram að ganga þýði það einhvers konar kollsteypu í málefnum bandalagsins og hússjóðsins. Það er auðvitað fráleitt í ljósi þess hverjir það voru sem var verið að leggja til að tækju við stjórnartaumum sjóðsins. Þetta voru formenn og framkvæmdastjóri virtra aðildarfélaga sem standa svo sannarlega ekki fyrir einhverja kollsteypu heldur mjög fagleg og vönduð vinnubrögð. En svo kemur að aðalstjórnarfundinum 10. janúar þar sem meðal

annars er til afgreiðslu ný stjórn í hússjóðinum. Þá veit ég ekki annað en að aðeins ein tillaga liggir fyrir og ef önnur tillaga verði lögð fram sé það tillaga um óbreytta stjórn enda hafði annað ekki verið kynnt í framkvæmdastjórn eða í aðalstjórn. Þá gerist það á fundinum að varaformaður bandalagsins kveður sér hljóðs og leggur fram tillögu að nýrri stjórn sem aldrei nokkurn tímann hafði verið rætt um í stjórn ÖBÍ. Tillagan er svo kynnt sem tillaga minnihluta framkvæmdastjórnar ÖBÍ. Þetta kom því algerlega aftan að mér og meirihluta framkvæmdastjórnar en greinilega var búið að ræða um þetta í einhverjum kreðsum innan sumra

aðildarfélaga bandalagsins enda höfðu þeir betur með eins atkvæðis mun. Þessi vinnubrögð eru fáheyrð og auðvitað vítaverð. Það sem þó undrar mig mest er hve Emil Thoroddsen og Helgi Hjörvar voru tilbúnir að ganga langt. Það vekur óneitanlega upp spurningar hveira hagsmuna þeir hafi raunverulega að gæta? Niðurstaðan er svo sú að Garðar Sverrisson fyrrverandi formaður ÖBÍ er orðinn formaður hússjóðs ÖBÍ en það er ekki að sjá að hann hafi sýnt hagsmunum leigjenda hjá hússjóði sérstakan áhuga í sinni sjö ára formannstíð hjá bandalaginu áður. Það er nú þannig að þegar varaformaður félags, hvaða félags sem það nú er, gengur fram

með þessum hætti og kemur svona aftan að formanni félagsins með tillögu sem ekki hafði verið kynnt með neinum hætti, er búin að grafa undan formanni félagsins markvisst svo mánuðum skiptir í félagi við fyrrverandi formann Öryrkjabandalagsins og alþingismann sem jafnframt var formaður hússjóðsins, þá er þeim formanni ekki sætt.“

Sigursteinn segir að þótt hússjóður Öryrkjabandalagsins sé sjálfsreignarstofnun telji hann formanni Öryrkjabandalagsins bera siðferðisleg skylda til að gæta hagsmuna íbúanna og hafa aðhald með þeim störfum sem innt eru af hendi í sjóðnum, þá sérstaklega þar sem bandalagið skipar fjóra menn í stjórn sjóðsins og ráðstafar fé til hans en getur ekki haft bein áhrif á að öðru leyti.

Þá hefur Sigursteinn margt við fyrirkomulag á stjórnskipulagi ÖBÍ að athuga. „Aðalstjórnin samanstendur af fulltrúum allra 32 aðildarfélaga Öryrkjabandalagsins. Hvert aðildarfélag á því einn fulltrúa í aðalstjórninni. Þeir hafa svo allir jafnt atkvæðavægi hvort sem félagið telur sjö þúsund manns eða tuttugu. Það hljóta allir að sjá að þetta er galli á fyrirkomulaginu og að 32 manna stjórn getur ekki tekið sjálfstæða og upplýsta ákvörðun um öll þau stóru mál sem verið er að leggja fyrir hana og af þessum sökum sitjum við m.a. uppi með þá stöðu sem nú er komin upp,“ segir hann en nú er einmitt uppi kvittum um hvort Geðhjálpi undirbúi úrsögn úr bandalaginu. Með því myndi eitt stærsta aðildarfélagið hverfa frá.

Það kemur ef til vill ekki á óvart að helstu óánægjunnar gæti helst innan hagsmunasambands þeirra sem eiga, eða hafa átt við geðraskanir að etja rétt eins og Sigursteinn sjálfur. Þær ráddir hafa þó einnig heyrst að uppsögn Sigursteins megi

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Fjármálakvöld fyrir alla

Landsbankinn kynnir „Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld“, röð fjármálanámskeiða fyrir almenning.

Á námskeiðunum fjalla sérfræðingar bankans um þætti sem lúta að fjármálum heimilanna, fjárfestingartækifærum og skattamálum. Fjármálafræðslan er öllum opin og án endurgjalds.

rekja til veikinda hans en hann hefur í tólf ár glímt við geðhvarfasýki.

Ertu ekki bara geðveikur?

„Ég hef alltaf talað mjög opinskátt um mín veikindi. Í gegnum tíðina þegar erfið mál hafa verið á döfinni hefur verið reynt að draga trúverðugleika minn í efa með því að vísa til þess hve hreinskilinn ég hef verið í tengslum við minn geðsjúkdóm. Þetta hefur verið gert og var oft gert til dæmis þegar ég vann við dagskrárgerð eða þegar ég beitti mér í málefnum Geðhjálpar. Það þykir hentugt að reyna að kasta rýrd á mig vegna veikindanna. Ef það er svo að aðilar innan Öryrkjabandalagsins ætla að freista þess sama og gert hefur verið, hvort sem það er vegna greinargerðarinnar sem ég lagði fyrir aðalstjórn um hússjóðinn eða annars sem ég hef sagt, er það lýsandi fyrir þann vanda sem komin er upp innan bandalagsins.

Þarna eru einstaklingar sem standa fyrir gamla tíma og verja núverandi fyrirkomulag í búsetumálum fatlaðra. Ef þeir kjósa að verja þetta fyrirkomulag með því að ýja að því að sá sem berst fyrir breytingum sé ekki með öllum mjalla eru þeir að beita elsta trixinu í bransanum. Það hefur verið notað á stjórnámálamenn, fjölmiðlafólk og fleiri í gegnum tíðina. Mér finnst slíkar aðdróttanir þó segja miklu meira um þá sem beita slíkum brögðum en þann sem verið er að benda á,“ segir Sigursteinn og tekur fram að hann sé mjög yfirvegaður yfir þeirri stöðu sem komin sé upp. „Ég veit þó að margir í minni stöðu væru það ekki,“ bætur hann við og brosir kímnislega og ekki verður annað séð en hann líti úr fyrir að vera sallarólegur.

Má fólk ekki bara deyta eitt?

Í harðorðri greinargerð Sigursteins um málefni þeirra sem búa í Hátúni og starf hússjóðsins, sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum, ber margt misjafnt á góma. Greint er frá því að dæmi séu um að fólk hafi legið látið inn í íbúðum sínum svo vikum skipti áður en það hefur fundist. Þá er sagt frá því að sumstaðar sé svo bágborin hreinlætisaðstaða að hreyfihamlað fólk hafi ekki komist í bað svo vikum skipti. Sagt er frá dauðaslysi sem varð eftir að maður með framheilaskaða brenndist í sturtu þar sem ekki voru hitastillar á blöndunartækjunum en úrbótum á því hafði Sigursteinn tvívegis ýtt á eftir.

Þessum aðfinnslum svaraði Garðar Sværriðsson, fyrrverandi for-

SIGURSTEINN

Sigursteinn Másson er fæddur 11. ágúst árið 1967. Hann hefur víða komið við á starfsferlinum, meðal annars unnið sem fréttamaður, við dagskrárgerð, verið formaður

Geðhjálpar og hefur nú nýlátíð af störfum sem formaður Öryrkjabandalags Íslands. Hann er giftur Caio Namur Milreu og á þrjú börn á tvíbura.

maður Öryrkjabandalagsins og núverandi formaður hússjóðsins, þannig til í Fréttablaðinu í vikunni. „Samkvæmt mínum upplýsingum var búið að skipta um hitastýrð blöndunartæki í 200 af 240 íbúðum og fjárveiting komin til að ljúka verkinu þegar þetta hörmulega slys varð síðastliðið sumar. Það breytir ekki því að ef einhver þér hér ábyrgð þá erum það við og engir aðrir,“ segir Garðar. Ummælum Sigursteins um að ekki hafi verið reynt að koma í veg fyrir að fólk lægi látið í íbúðum sínum í langan tíma svaraði Garðar: „Hvað varðar þennan líkfund þá er hann fjarri því að vera einsdæmi í okkar samfélagi en er auðvitað sorglegur eins og aðrir slíkir. En það er ekki uppbyggilegt að nota svona harmleiki til að varpa sök á leigusala sem hefur takmarkað vald til að fylgjast daglega með leigjendum sínum. Við verðum að átta okkur á að hér er um að ræða einkaheimili sjálfstæðra einstaklinga sem hafa síðasta orðið um hvort og þá hversu mikla þjónustu, eftirlit og önnur afskipti þeir kjósa.“

Á þessi rök blæs Sigursteinn. „Það er augljóst að einstaklingar í Hátúni hafa ekki verið að fá þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. Ef ég skil nýjan formann hússjóðsins rétt, sér hann ekki ástæðu til að gera miklar breytingar. Hann virðist ekki telja ástæðu til að breyta íbúasamsetningunni í Hátúni ef marka má fréttir, þar sem 300 fatlaðir einstaklingar búa í sömu fjölbýlishúsum. Það finnst mér furðulegt þar sem hann hefur til dæmis setið fundi Evrópusamtaka fatlaðra sem og fundi norrænna heildarsamtaka fatlaðra og þar hlýtur hann að hafa hlustað á skýr sjónarmið um að fatlaðir eigi skýlausan rétt á því að lifa inni í blönduðum samfélagi, taka þátt í því í stað þess að lifa einangraðir á jaðri þess. Það sé jafnrétti sem eigi að berjast fyrir en ekki fyrir því að þeir búi við útskúfun í þar til gerðum blokkum og í lélegra og minna húsnæði en aðrir gera kröfur um. Það er hugsun sem vikið var frá fyrir um þrjátíu árum annar staðar á Vesturlöndum og hefði auðvitað átt að gerast hér líka.

Það er þó rétt hjá honum að það getur komið fyrir að fólk deyi eitt og látið sé við því að gera. Það er

samt annað mál þegar slíkt kemur ítrekað upp innan húsnæðis Öryrkjabandalagsins. Þó að látið sé svo á að Hátún 10 sé fjölbýlishús verður ekki með neinu móti sagt að það sé venjulegt fjölbýlishús. Fólk er valið þar inn með allt öðrum hætti en tíðkast í öðrum slíkum húsum, það þarf að fylla út upplýsingar um sína fötlun og aðrar persónuupplýsingar, þar eru húsverðir allan sólarhringinn, þar er dyrum læst að nóttu til rétt eins og á stofnunum. Íbúðir þar eru miklu minni en gengur og gerist og færstar þeirra uppfylla reglugerðir um hollustuvernd. Flestir íbúarnir búa einir og það er ein helsta ástæðan fyrir því að meiri líkur eru á því að fólk deyi eitt og sé seinna vitjað en gerist í öðrum húsum.

Eftir að upp komst að kona hafði legið látin á herbergi sínu vikum saman árið 2005 kallaði ég alla saman og vildi láta tryggja að þessi staða kæmi ekki upp í félagslegum íbúðum. Því miður brást stjórn hússjóðsins ekki við með fullnægjandi hætti.

Mér þykir miður að núverandi formaður taki slíka atburði ekki meira alvarlega en marka má á af hans ummælum.“

En er ekki rangt að kenna hússjóðnum um allt sem miður fer innan íbúða Öryrkjabandalagsins?

„Það er alveg rétt að ábyrgðin er ekki aðeins hússjóðsins. Hann hefur tekið við einstaklingum sem kerfið vill ekki eða er ekki tilbúið að þjóna með eðlilegum hætti. Þá verður Hátúnið eins konar endastöð eins og lýst er í greinargerð þjónustuveitanda,“ segir Sigursteinn og vísar í álitgerð sem fagfólk vann um lífið í Hátúni að beiðni hans. Niðurstaða þess hóps sem vann skýrsluna var að aðstæður í Hátúni hefðu ekki góð áhrif á fólk og betra

HÚSSJÓÐUR ÖRYRKJABANDAGLSINS

Hússjóður Öryrkjabandalagsins nefnist Brynja. Sjóðurinn er sjálfs-eignarstofnun, stofnaður 22. febrúar 1966. Hlutverk sjóðsins er að eiga og reka íbúðir fyrir öryrkja. Tilgangi sínum nær sjóðurinn með því að kaupa og byggja leiguibúðir. Tekjstofn sjóðsins frá upphafi er leigu-

væri að útbúa smærri íbúðarkjarna fyrir fólk með fötlun þar sem það hefði meiri tengsl við samfélagið en gerist í Hátúni.

„Nær allt það fólk sem ég þekki hefur hrakað við að búa þarna. Það hefur ekki verið að endurhæfast, finna nýjan tilgang, heldur aðeins hrakað.“

En hvað með könnun sem sýndi mikla ánægju meðal íbúa Hátúns?

„Þessi könnun sem Félagsvísindastofnun gerði er því miður ekki marktæk nema að hluta til. Í fyrsta lagi þá er ekki hægt að leggja fram svona spurningalistakönnun sem framkvæmd er að beiðni hússjóðsins. Við skulum athuga það að fólkíð sem býr þarna á allt sitt undir hússjóðnum. Hitt er að fólkíð sem er þarna lítur svo á að það eigi alls ekkert val um neitt annað en að vera þarna eða á götunni. Svörin verður því að skoða með hliðsjón að þessu.

Það voru þó atriði í könnuninni sem mér þóttu áhugaverð. Til dæmis að 39 prósent svarenda lýstu yfir óánægju með viðhorf starfsmanna hússjóðsins gagnvart sér. Þannig að það verður nú ekki sagt að þessi könnun leiði aðeins jákvæðar niðurstöður í ljós.

Ég myndi gjarnan vilja að Félagsvísindastofnun gerði aðra könnun þar sem reynt væri að komast nær kjarnanum. Það er jú full ástæða til að kanna aðstæður eins og þær sem eru í Hátúni 10, þá sérstaklega þar sem þetta kunna að vera síðustu blokkir sinnar tegundar í Vestur-Evrópu. Alls staðar annars staðar hefur þetta fyrirkomulag verið lagt niður.“

Ýmsir hafa sagt að framganga þín í þessu máli hafi skaðað Öryrkjabandalagið?

„Ég er bundinn samvisku minni og sannfæringu og þegar svona gerist að varaformaður minn fer gegn mér með þessum hætti og þarna komast til valda aðilar sem ég hef enga ástæðu til að treysta að geri nauðsynlegar breytingar á húsnæðiskerfinu þá hlýg ég að taka þá ákvörðun sem ég tók. Ég get ekki annað ef ég hef hagsmuni fatlaðra að leiðarljósi.“

Það er alveg rétt að æðsta skylda formanns Öryrkjabandalagsins er að gæta hagsmuna þess og fatlaðra. Það kann að vera best gert með uppgjöri til lengri tíma lítið, ég mat það svo að það hefði verið óhjákvæmilegt. Ég ætla ekki að hylma yfir því sem þarna hefur verið að gerast og er að gerast. Þannig vinn ég ekki.

Ég á von á því að formenn aðildarfélaganna séu að fara yfir þá stöðu sem komin er upp og að það fólk sjái það og skilji að mér var nauðugur kostur einn að gera það sem ég gerði.

Ég geri mér þó grein fyrir því að í fljótu bragði getur það virkað sem svo að uppsögn mín hafi verið til skaða til skamms tíma lítið. Aðalatriðið er þó hvað kemur út úr þessu uppgjöri, það verður að leiða til þess að Öryrkjabandalagið gangi í gegnum endurnýjun lífdaga og fari að líta til þess sem hefur verið að gerast í nágrennalöndum okkar, til dæmis í Svíþjóð, Danmörku og Færeyjum,“ segir hann og brosir þegar síðastnefnda landið er nefnt og úrskýrir að þar hafi gríðarlega gott starf verið unnið í málefnum fatlaðra sem Íslendingar mættu taka sér til fyrirmyndar. „Nú er ég genginn út úr þessu en eins og ég segi þá vona ég að uppgjör mitt verði til þess að fólk innan bandalagsins líti yfir farinn veg og komist að þeirri niðurstöðu að breytingar á því fyrirkomulagi sem hefur verið viðhaft verði að koma til framkvæmda.“

En hvert liggur leið?

„Ég hef nóg að gera,“ segir Sigursteinn og brosir leyndardómsfullt við spurninguna. „Það eru nokkur verkefni sem ég er að skoða en of snemma er að segja frá. Það er þó ljóst að ég er ekki að fara yfirgefa málefni sjúkra og fatlaðra. Að þeim málum hef ég unnið af ástríðu og þau orðið stór hluti af mínu lífi. Ég myndi því svíkja sjálfan mig ef ég færi frá þeim verkefnum. Þau eru mörg sem bíða hér heima og erlendis. Ég finn það að það er eftirspurn eftir geðveikum formanni með reynslu. Þessa dagana hef ég verið að sinna tvíburunum mínum sem verða bráðum fjögurra ára. Þau eru reyndar börn bestu vinkonu minnar en mér finnst ég eiga mikið í þeim. Síðan var ég að fjárfesta í risa-sleggju og kúbeinum. Það vakti nokkra athygli í byggingavörversluninni þegar ég stormaði með vopnin að kassanum þar sem ég var spurður hvað ég væri nú að fara að gera af mér. Nú er sem sagt kominn tími fyrir niðurrif í bílskúrnum þannig að það rými verði í framtíðinni eitthvað annað en bara ruslaskompa!“

Efni einstakra námskeiða:

Fjárfestingartækifærin

Framtíð krónunnar, vaxtamál, útlitið á fjármálamörkuðum.

Fjármál heimilisins

Rætt er um heimilisbókhald, sparnaðarleiðir, vaxtakjör og hvaða lánamöguleikar henta hverju sinni.

Skattamál

Sérfræðingar Landsbankans í skattamálum fara yfir skattumhverfið á Íslandi, ýmis álitaefni varðandi skattlagningu fjármagnstekna og hagnýt atriði við framtalsgerð.

Skráning hafin á landsbanki.is

Skráning á fjármálakvöld fer fram á landsbanki.is eða í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000.

Verið velkomin.

Dagskrá fjármálakvölda


24. jan.	Höfðabakki	Fjármál heimilisins
7. feb.	Akranes	Fjárfestingartækifærin
21. feb.	Laugavegur 77	Skattamál
6. mar.	Mjódd	Skattamál
27. mar.	Vesturbær	Fjárfestingartækifærin
3. apr.	Ísafjörður	Fjármál heimilisins
10. apr.	Fjarðargata, Hafnarfj.	Fjárfestingartækifærin

Dagskrá fjármálakvölda hefst alltaf kl. 20.00



Landsbankinn

2008



FRÁBÆRT

Terra Nova býður ótrúlega spennandi möguleika fyrir sumarfríð 2008. Nýjungin í sumar er kanaríska ævintýraeyjan Tenerife. Frábær nýr kostur á verði sem er hreint út sagt ótrúlegt. Þjóðum einnig áfram okkar sívinsælu áfangastaði. Perla Svartahafsins, **Golden Sands í Búlgaríu**, einn vinsælasti áfangastaður Evrópu sem svo sannarlega hefur slegið í gegn hjá Íslendingum á síðustu tveimur árum. Sólarperlurnar **Salou og Pineda á Costa Dorada ströndinni** sunnan Barcelona sem er sannkölluð fjölskylduparadís. **Bibione á Ítalíu**, einnar bestu sólarstrandar Ítalíu, þar sem í boði eru glæsilegir, nýjir gististaðir og frábær aðstaða í sumarfríinu. Plantarium Village íbúðahótelíð á Bibione er hreinlega í sérflökki, býður einstaklega góðar íbúðir og aðbúnað. Gisting sem Íslendingar hafa verið sérstaklega ánægðir með. Terra Nova býður einnig beint vikulegt leiguflug í sumar til hinnar einstöku borgar Parísar, á hreint frábærum kjörum.

Nú er um að gera að bóka strax á www.terranova.is og tryggja sér sumarleyfisferð á besta verðinu!

Starfsfólk Terra Nova óskar þér góðrar ferðar hvert sem leiðin liggur í sumarfríinu!

Fyrstu **300** sætin með **10.000 kr.** afslætti

Verð sem hefur ekki sést áður á Íslandi!

NÝJUNGIN 2008
HJÁ TERRA NOVA

2 vikna ferð
Ótrúlegt verð!

Frá **38.495**

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára á Granada Park íbúðahótelinu ***, 27. maí í 2 vikur.

Tenerife



Fjölbreytt úrval gististaða í boði á hreint ótrúlegum kjörum!



☀☀☀
Granada Park
Íbúðir

Frá **38.495**
2 vikur

☀☀☀
Hacienda del Sol
Íbúðir

Frá **41.495**
2 vikur

☀☀☀☀+
Hotel Bahaiia Principe
Hótelherbergi

Frá **86.295**
2 vikur
„allt innifalið“

Bókaðu strax, þessar ferðir munu seljast upp á örfáum dögum

www.terranova.is

FERÐASUMAR 2008

Frábært verð

Frá **53.595**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, Vikuferð, 25. maí, 1. júní, 31. ágúst, 7., 14. og 21. september, Planterium Village.



Bibione

Sala hafin!



Frábært verð

– allt innifalið

Frá **52.195**

Netverð á mann með 10.000 kr. afsætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í fjölskylduherbergi í viku með „öllu inniföldu“, 26. maí eða 25. ágúst, Hotel Kristal.

Frá **59.995**

Netverð á mann með 10.000 kr. afsætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í fjölskylduherbergi í viku með „öllu inniföldu“, 2. eða 30. júní, 7. eða 14. júlí eða 18. ágúst, Hotel Kristal.



Búlgaríá

Fyrstu brottfarir að seljast upp!



Frábært verð

Frá **39.995**

Netverð á mann með 10.000 kr. afsætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku, 23. eða 30. maí, 29. ágúst, 5., 12. eða 19. sept., Cye Holiday Center.

Frá **44.995**

Netverð á mann með 10.000 kr. afsætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku, 20. eða 27. júní, 4. eða 11. júlí eða 22. ágúst, Cye Holiday Center.



Salou & Pineda



Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000 · www.terranova.is · Akureyri, sími: 461 1099





ÖRN SNÆVAR SVEINSSON Sverðið sem hangið hefur yfir þeim Erni Snævari og Erlingi hangir nú yfir stjórnvöldum. Örn Snævar hefur ekki ákveðið hvernig skaðabótakröfur hans muni hljóða en hitt er víst að fiskveiðikerfinu skal breytt og að þeir tvímenningar gefa ekkert eftir í útistöðunum við stjórnvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPÓR

Sverðið sem hékk yfir sjómönnum um hangir nú yfir stjórnvöldum

Þjóðin bíður nú eftir viðbrögðum stjórnvalda eftir að Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna ályktaði að íslenska ríkið hefði brotið gegn tveimur sjómönnum sem höfðu verið dæmdir í héraðsdómi og svo Hæstarétti fyrir að veiða kvótalausir. **Örn Snævar Sveinsson**, sem er annar sjómanna sem dæmdir voru, fór yfir málið með **Jóni Sigurði Eyjólfssyni** blaðamanni og sagði hvernig þeir tvímenningar hafa snúið vörn í sókn.

Örn Snævar Sveinsson býr nú á Reykhólum og er stýrimaður á Karlsey sem mokar upp hráefni úr Breiðafirði fyrir Þörungaverksmiðjuna þar í sveit. Hann er léttur á manninn og góður í viðkyrningu en þó þyngist svipurinn og tónninn í röddinni þegar útistöður hans við yfirvaldið ber á góma.

„Ég var skipstjóri á togaranum Tálknfirðingi þegar kvótakerfið var tekið upp árið 1984,“ segir Örn Snævar. „Svo var báturinn seldur og þá fór ég á flakk. Var til dæmis á rækjuveiðum við Nýfundnaland og þvældist meira að segja alla leið til Miðbaugs-Gíneu í Afríku. Þar varð ég svo fyrir miklum meiðslum þegar það gróf illa í sári á fætinum svo ég kom heim draghaltur og lá einhvern tíma á spítala. En þegar ég var búinn að jafna mig fór ég til sjós og leysti af hér og þar. Svo þótti mér nóg komið að þessu flakki svo ég keypti 24 tonna eikarbát ásamt þeim Erlingi Haraldssyni og Magnúsi Jóni Áskelssyni.“

Ákvörðunin örlogaríka

Báturinn sem um ræðir hét Sveinn Sveinsson og áhöfnin á honum átti heldur betur eftir að komast í kast við lög. „Ég byrjaði náttúrliga á því að sækja um kvóta og taldi mig hafa fullan rétt til þess því ég hafði verið skipstjóri áður og það voru dæmi þess að skipstjórar höfðu fengið kvóta út á sína aflareynslu. Og svona til vara sótti ég um að fá að veiða í þrjú ár og láta svo ráðast af aflahæsta árinu hvað ég fengi í



PATREKSFJÖRÐUR Það var í þessu vestfirska þorpi sem þeir Örn Snævar og Erlingur tóku ákvörðun um að róa kvótalausir á bát sínum Sveini Sveinssyni BA. Þeir létu stjórnvöld vita og fóru kvótalausir til veiða og fóru svo í einn róður eftir að hafa verið sviptir veiðileyfi. Magnús sem einnig var skipverji á Sveini dró sig út úr og tók ekki þátt í veiðunum.

kvóta. Þetta taldi ég eðlilegast því þannig hafði verið gengið frá málinum áður þegar vantaði kvóta á skip. En þessu var báðu hafnað. Þá var náttúrliga ekkert annað að gera en leigja kvóta og það var í lagi fyrst um sinn. En svo hækkaði leigan á þorski en ekki síður á kola. Hún fór upp úr öllu valdi. Á endanum voru allar tegundir kvótaskyldar og engin undankomuleið hjá himinháum leigum enda var svo komið að kvótægendurnir fengu 80 prósent af verðmætinu og þessi 20 prósent sem eftir voru dugðu skammt. Þá sagði ég við Erling og Magnús að nú væri ekkert annað að gera en tilkynna stjórnvöldum að nú ætluðum við að fara að róa kvótalausir enda hafði ég enga trú á að þessi lög gætu staðist. Magnús vildi ekki taka þátt í þessu. Ég virði það og ber alls engan kala til

hans fyrir það. Erlingur var hins vegar alveg grjótharður í þessu með mér. Við höfum staðið í þessu stappi allar götur síðan sem einn maður og þannig verður það þar til yfir lýkur.“

Hæstiréttur þurfti varla að kynna sér dóminn

Tvímenningarnir voru fyrst dæmdir í Héraðsdómi Vestfjarða og þeir áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar. „Þá leit Hæstiréttur ekki út fyrir að vera bara einkavinaklúbbur eins manns eins og nú er svo ég batt nokkrar vonir við þetta. Ég ætla ekki að nefna nein nöfn enda held ég að fólk skilji hvað ég á við. Þar þurftu menn reyndar ekki að sitja yfir málinu til að komast að niðurstöðu, ég veit ekki einu sinni hvort þeir lásu dóm héraðsdóms.“ En er Örn Snævar þar með að

→ UPPHAF OG FERILL MÁLSINS

Örn Snævar var skipstjóri á Tálknfirðingi þegar kvótakerfið er sett á árið 1984. Nokkru síðar er Tálknfirðingur seldur og Örn fer fljótlega til útlanda þar sem hann stundar sjómennsku í nokkur ár. Þegar hann kemur til Íslands aftur fer hann á sjóinn í lausamennsku en ákveður svo að kaupa bátinn Svein Sveinsson BA ásamt Erlingi Haraldssyni og Magnúsi Jóni Áskelssyni. Þeir sækja um kvóta en því er hafnað svo þeir leigja til að byrja með en þegar leigan er orðin of dýr ákveða þeir að róa kvótalausir. Þeir eru dæmdir í Héraðsdómi Vestfjarða og svo í Hæstarétti. Erlingur missir einbýlishús sitt og fær síðan dóm hjá Héraðsdómi Suðurnesja eftir að hafa flutt til Grindavíkur. Örn Snævar nær að halda eignum sínum. Hann flytur til Reykhóla eftir að hann fær pláss á Karlsey sem þaðan gerir út. Málið er sent til Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.



Lókal

Alþjóðleg leiklistar-
hátíð í Reykjavík
verður árlegur við-
burður

SÍÐA 4

janúar 2008

menning

[SÉRBLAD FRÉTTABLADSINS UM MENNINGU OG LISTIR]



SÆLL... ÁR SERÍUNNAR

Sprenging er fram undan í framleiðslu leikins sjónvarpsefnis hér á landi. Hvað er í vændum, hvað kostar að framleiða leikið sjónvarpsefni og hver borgar brúsann?

SÍÐA 8/9

BALTASAR KORMÁKUR ■ DR. GUNNI ■ AÐALSTEINN INGÓLFSSON ■ BRÚÐGUMINN ■ ERRÓ ■ ÞÓRHALLUR GUNNARSSON
■ KRISTJANA THORS ■ PÁLMI GUÐMUNDSSON ■ LAUFY GUÐJÓNSDÓTTIR ■ LOKAL ■ THE NATURAL
THEATRE OF OKLAHOMA ■ RAGNHEIÐUR SKÚLADÓTTIR ■ ELENA KRUSKEMPER ■ VIVARIUS ■ ERNA ÓMARSÓTTIR
■ THE NEW YORK PLAYERS ■ MYNDLISTARMARKAÐUR Á HEIMSVÍSU OG Í HEIMABYGGÐ ■ SIGRÚN DAVÍÐSDÓTTIR
■ STEFÁN BALDURSSON ■ NÝJAR ÍSLENSKAR ÓPERUR ■ HELGA BREKKAN ■ GRIGORY PASKO

HÚSAFRIDUNARLÖG

Páll Baldvin Baldvinsson skrifar

Vandræðagangurinn í kringum húseignirnar að Laugavegi 4-6 hefur leitt í ljós að brýnt er að taka upp lög um húsafríðun. Þau eru enda barns síns tíma og hafa í ljósi bráðafríðunar og beinna afskipta menntamálaráðherra reynst gagnslítill. Það er hárrétt hjá Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra að telji húsafríðunarnefnd nauðsyn á endurskoðun laganna er réttast að hún móti slíka beiðni til ráðherrans. Atvikin á Akureyri, Seyðisfirði og hér í Reykjavík sanna það. Enn eru sveitarstjórnarmenn svo handgengnir stundarhagsmunum í smáum og stórum byggðum að þeir skirrast ekki við að láta leifar af fyrri byggð undir kúluna. Reyndar er málflokkurinn sem þá sprettur upp til varnar skemmdarverkunum sá, að slík spellvirki séu héraðsmál og varði ekki pakkid í 101, í beinni mótsögn við freka landsbyggðarpólitíkina sem heimtar þetta og hitt til handa fámennum byggðum meðan þéttbýlli svæði mega búa við vegapengli og líða fyrir fjölmennið.

Húsafríðun hér á landi verður að komast á hærra stig. Langt er síðan menn horfðu á eftir gömlu Kaupfélagshúsunum á Selfossi, eða gömlu búðinni á Bakkanum, sem væru bæjarprýði stæðu þau enn. Vernd á eldri húsbýggingum líður ekki síst fyrir þá mismunum sem húseignendur hafa litið um langan umfram fyrirtæki að mega ekki taka viðhald sitt til gjalda. Gagngerar endurbætur eru nú taldar mönnum til tekna í framtölum. Það þarf því að líta til fleiri hluta. Þannig verður að færa nær okkur í tíma verndarskyldu sem nú tekur til bygginga fyrir 1918.

Árni Þór Sigurðsson þingmaður hefur lagt fram frumvarp til nýrra laga um húsafríðun og því von til þess að þingið taki lögina til endurskoðunar. Til verði kallaðir tilskildir aðilar og lögin fá vikt, svo ekki verði barnar niður síðustu leifar byggðar í landinu fyrir 1970. Byggingarsögulegt minni þjóðar sem man tímana tvö tvenna í húsakosti nær ekki lengra. Hún þarf því hjálptil.

Magnús líklegastur



Magnús Geir Þórðarson leikstjóri

Sjö sóttu um starf leikhússtjóra Leikfélags Reykjavíkur sem fer með stjórn Borgarleikhússins: Edda Björgvinsdóttir, Gísli Þór Gunnarsson, Graeme Maley, Hafliði Arngrímsson, Halldór E. Laxness, Magnús Geir Þórðarson og Rúnar Guðbrandsson. Stjórn LR mun funda með umsækjendum og er niðurstöðu að vænta í vikunni.

Talið er nær víst að Magnús Geir Þórðarson verði ráðinn, ekki aðeins sökum menntunar í leikstjórn og viðskiptafræði, heldur líka sökum velgengni Leikfélags Akureyrar síðari misseri. Hann var á sínum tíma í forystu Leikfélags Íslands sem var samsteypa nokkurra fyrirtækja í leiksýningarekstri og varð það fyrirtæki gjaldþrota. Hann var um skeið starfsmaður Borgarleikhússins við umjón gestastarfsemi í húsinu.

Verði Magnús Geir ráðinn losnar starf leikhússtjóra á Akureyri en þar rýmkast mjög um rekstur Leikfélagsins á næsta ári þegar Hof – menningarhús á Akureyri – verður vígt en þar er aðstaða til leiksýninga allt önnur en í samkomuhúsinu gamla.

NÝJAR ÓPERUR í undirbúningi

Íslensk tónskáld og samverkamenn þeirra sitja þessi misserin yfir óperum. Fjöldinn allur af nýjum óperuverkum er í vinnslu. Þetta flókna form sviðslistar, texta og tónlistar kallar til sín nýja og gamla krafta. Spurningin er bara hvenær áhorfendur fá að njóta þessara tónbókmennta í fullu skrúði á sviði?



Stefán Baldursson: „Það er bara svo dýrt að koma óperum á svið.“



Atli Heimir Sveinsson hefur samíð óperu um norskan málara sem er sniðin fyrir litla hljómsveit.

Það eru ekki bara listamenn Íslensku óperunnar sem eru að þessi dægrið við æfingar á La Traviata sem frumsýnd verður snemma í febrúar í Ingólfsstrætinu. Skagfirðingar voru í höfuðborginni í fyrri viku og fluttu sömu óperu í Iðnaðar, þar sem óperur voru fyrst fluttar hér á landi, en Tónlistarfélagið flutti þar í álögum eftir Dagfinn Sveinbjörnsson og Sigurð Þórðarson árið 1944. Langur tími leið áður en íslensk tónskáld réuust aftur í óperusmiðar, Þorkell Sigurbjörnsson þreifaði fyrir sér í smáóperum á sjúnda áratugnum, og þeir Atli Heimir Sveinsson og Jón Ásgeirsson glímdu síðar við formið.

Um þessar mundir eru ekki færri en átta íslenskar óperur í vinnslu, sumar á fyrstu vinnslustigum, aðrar lengra komnar. Skammt er síðan Skuggaleikur eftir Karólínu Eiríksdóttur við texta Sjón var sýndur í Óperunni. Jón Ásgeirsson lét frá sér litla gamanóperu, Eilífur og Úlfhildur, sem flutt var í fyrra á tónleikum. Hann hefur einnig greint frá því að vinnu sé að mestu lokið við Möttuls sögu sem hann hefur haft lengi í smíðum. Þorkell Sigurbjörnsson lét frá sér óperu sem hann kallar Gretti og var flutt á meginlandinu í fyrrasumar. Áskell Másson hefur í langan tíma unnið að óperu sem byggir á hinni kunnug og mögnuðu sögu Tarjee Vesaas, Klakahöllinni, sem kunn er í íslenskri þýðingu. Atli Heimir sem á að baki þrjár óperur; Silkittrommuna, Vikivaka og Tunglskinseyjuna, hefur lokið við óperu sem hann kallar Hertevig og sækir efni sitt í ævi norska málara Lars Hertevig (1830-1902) sem var hið mikla myndskáld rómantíska tímans í norskrum myndlist.

Af yngri mönnum leiðir Sigurður Sævarsson tónskáld vinnuhóp Hr. Niels í vinnu við óperuna Hel sem byggir á samnefndu verki Sigurðar Nordal. Sveinn Lúðvík Björnsson leiðir hóp sem vinnur að óperu eftir sögu William Golding, The Spire, og verður hún frumflutt á Skálholtiáttíð á sumri komanda. Þuríður Jónsdóttir tónskáld, Ásgerður Júníusdóttir söngkona,



Skuggaleikur eftir Karólínu Eiríksdóttur var einkafrankvæmd unnin í samstarfi við Óperuna og ýmsa sjóði.

Kristín Jóhannesdóttir og Ólöf Nordal myndlistarmaður vinna að óperu og Hrðómar Sigurbjörnsson er langt kominn með óperu sem hann kallar Söng hjartans.

Sum af þessum tónskáldum kynntu verk sín fyrir norrænum óperustjórnum sem funduðu hér á liönu vori. Þá hafa þau nokkur tekið þátt í Óperudeiglunni, vinnustöð sem Íslenska óperan hefur staðið fyrir um ný verk. Að sögn Stefáns Baldurssonar óperustjóra var það álit samherja hans á Nordurlöndum að tvennt væri mönnum á okkar tímum til trafala við óperusmið; veik tilfinning fyrir lengd verka og söngtextinn væri oft ekki nægilega góður, án þess að sú skoðun ætti við þau íslensku verk sem voru kynnt í vinnslu. Víða um lönd sjást þess merki að vaxandi áhugi sé á nýjum smíðum í óperutónmenntum. Formið tekur þá ekki aðeins mið af því hvað er á seyði í

tónheimum, heldur reynist formið geta tekið upp nýnæmi í frasagnarhætti og myndlýsingum. Er víða talað um nýjar óperur sem vaxtarbrodd leiksviðsverka.

Vafalítið ræður nokkru um vaxandi áhuga tónskálda á óperuforminu að menn líta til sætafjölda í nýja tónlistarhúsinu, en breytingar á Þjóðleikhúsinu drógu úr möguleikum á að hér væri hægt að koma fjárhagslegum fótum undir óperusýningar: Gamla bíó, Austurbæjarbíó og Borgarleikhúsið eru öll með of fá sæti til að hægt sé að nálgast flutningskostnað á óperuverki. Síðan hafa möguleikar aukist enn á flutningi með fyrirhuguðu óperuhúsi í Kópavogi. Það er kostnaður sem heldur aftur af tíðari sviðsetningum á óperum hér á landi og lítið framboð hefur fækkað þeim sem áhuga hafa á forminu. Ný hús og ný verk gætu læknað þann menningsjúkdóm.

Steinn og vatn eru tímanna tákn

EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL

Þjónn, það er Fönix í öskubakkanum mínum!

Um miðja síðustu öld teiknaði mikill reglumaður skýringarmynd af skáldverki og venslum þess við umhverfi sitt og fræðin. Á miðri myndinni var sjálf skáldverkið og út frá því þrjú horn; umheimur á einu, höfundur/skáld á öðru og lesandi á þriðja. Helstu kenningar um skáldskap rúmuðust þar einnig; kenning um eftirlíkingu (mimesis) leggur áherslu á tengsl skáldskapar við umheiminn, kenning um tilfinningalega tjáningu feitletrar venslin við höfund-

inn, kenning um síðalærdóm undirstrikar samband við lesanda – og kenningin um sjálfbært listrænt ágæti skáldverksins (móðernismi, formalismi, nýrýni) rýmist þar ekki síður, með því færa brennipillinn á verkið sjálft og rjúfa tengsl við heim, höfund og lesanda.

En þá kom babb í báttinn sem fleygði reglunni útbyrðis og óvíst enn hvort hún sökkvi eða troði marvaða. Skáldin misstu trúna á veruleikann og vensl hans við skáldskapinn, misstu trúna á inntak

orðsins og dómgreind mannsins, fylltust vantrú á orsakasamhengi táknmynda og táknmiðs og ótrú á tungumál sem sýnilega byggðist á tilviljunum – allt á þeirri forsendu að speglun skáldskapar og ytri veruleika umpóláðist, á spegilmýndinni urðu hausaskipti á persónu og leikendum og veruleikinn varð í vaxandi mæli eftiröpun ímyndunar, einsog nú er allsráðandi (auglýsingar eru t.d. ekki mynd af raunveruleika en mynda hinsvegar skoðun sem áhorfendur byggja veruleika sinn á). Kenning Platóus um eftirlíkingu af eftirlíkingu af eftirlíkingu öðlast þá nýtt og óvænt líf og grefur um leið undan



Eiríkur Örn Norðdahl rithöfundur

hefðbundnum skáldskap og gefur skáldinu póstrúktúralískt leyfi til að sofna frammá lykklaborðið og ota bulltexta að lesanda sínum þar sem inntakið og spennan felast í venslum (rofi) textans við samfélagslegar venjur og birta dulvitaða undirliggjandi grind sem flettir ofanaf ímynduðu samhengi hlutanna og sanna að fyrri sannleikur er blekking.

Skáldið er þá í hlutverki draumsins í sýkóanalísunni sem fullyrðir að eigin lokleysa sé lykill að vísu


og fullyrðir einnig að afbökun sé bæði óumflýjanleg og skapandi. Óttinn við áhrif og ægivald fyrri skálda er þá í senn óþarfur og uppbyggjandi, afskræming er sjálfsögð sköpun.

Því er hægt að raða bara orðum af handahófi í stafrófsróð (jafnvel með sjálfvirku tölvuforriti) og rýna í þá afhjúpun sem slíkt hefur í för með sér – einsog Barthes gerði við bækur sínar „til að forðast þematíska og lógíska reglu“. Hlutverk lesandans er þá að leysa upp öll auðkenni heildarhugmyndarinnar áður en vanafestan nær að vanskapa sanna og rétta eðlisþætti raunveruleikans. Þísofkeik.

Yfir öllu þessu hangir

síðan sú lífseiga platóska þversögn að hægt sé að sanna það með listfengi orðsins að orðlist sé vont mál, sanna það með skáldskap að skáldskapur sé einkis nýtur og verri en ekki neitt. Fönix Eiríks flýgur í þessar áttir og áttleysur bæði vísitandi og gargandi og fellur síðan sviðinn á bakkann einsog flugáætlan gerði ráð fyrir og bíður þess eins að lesandinn komi og drepi í. Dr. Johnson á lokaorðin (og þar með ábyrgur fyrir stjórnugjöf) en um fræga enska skáldsögu sagði hann fyrir 300 árum: I would rather praise it than read it – skárna að lofa hana en lesa.

Sigurður Hróarsson



Lóan er komin

The Golden Plover Has Arrived

Steingrímur Eyfjörð

Sýning Steingríms Eyfjörð sem var framlag Íslands
á Feneyjatvíæringnum í fyrra.

Hafnarhús
10. janúar – 2. mars 2008

Aðgangur
ókeypis

Free
admission



Aðrar sýningar í Hafnarhúsinu: Hreinn Friðfinnsson
Erró – yfirlitssýning
Ingirafn Steinarsson í D-7

Hafnarhúsið er opið daglega 10 – 17 og öll fimmtudagskvöld til kl. 22.

Aðgangur ókeypis.

Í dag, sunnudaginn 20. janúar, kl. 14:00 verður listmiðja fyrir alla
fjölskylduna þar sem viðfangsefni eru sótt í sýningu Hreins.

Listasafn Reykjavíkur er safnið þitt.

Listamennirnir Ingólfur Arnarson og Birta Guðjónsdóttir eru fulltrúar
ólíkra kynslóða en þau verða með leiðsögn um sýningu Hreins kl. 15.

www.listasafnreykjavikur.is

listasafn@reykjavik.is

S 590 1200

F 590 1201



Morgunblaðið



BEINT ÚR KAFKA

Nature Theatre of Oklahoma er annar leikflokkur á Lókali sem koma frá New York og lýtur stjórn hjónanna Pavol Liska og Kelly Cooper: No dice heitir sýningin og hefur nýlökkið ferli sínum á SoHo-ep og var uppselt á allar sýningarnar. Bæði eru þau hjón menntuð í Dartmoor og Liska starfaði um hríð með Richard Foreman, félagi hans og sambýliskona vann aftur á La Mama svo bæði eru þau versuð í heimi jaðarleikhússins í New York.



Augnablik úr sýningu náttúrulega leikhússins frá Oklahoma sem sækir heiti sitt í leikhúsi í sögu Kafka, Ameríku.

Textinn í sýningu þeirra er sóttur í símtöl sem Liska hljóðritaði um margra mánaða skeið. Hann er fluttur við dans og bera flytjendur skrautleg gervi en flutningsmátinn er dauflegur, eintóna.

Niðurröðun og athafnir sem virðast ekki vera fyrirfram skipulagðar voru unnar með tilviljun. Leikstjóri og höfundur gáfu vald sitt eftir og tilviljun var látin ráða, rétt eins og John Cage vann með. Margar fastar hefðir hans hefðbundna leikhúsi er samt að finna í sýningunni sem tekur á fjórðu klukkustund í flutningi og kann að reyna á þolinmæði leikhúsgesta sem verða að setja í annan gir í sætum sínum en þeir eru vanir. En efniviðurinn er þeim samt kunnuglegur, umtalsefni í símtölum, mas, þvaður og fastar klifanir í merkingu verða flytjendum efniviður. Rík áhersla er lögð á framburð og skrautlega búninga. Og svo er dansað.

Sýningin hefur farið víða um Bandaríkin og Evrópu og fer héðan til Noregs, Belgíu og Portúgals.

ERLENT VERK Á ÍSLENSKU

Franski flokkurinn sem hingað kemur, Vivarium, er með nokkur verk á verkefnaskránni og heldur sig mest í París. En Effet de Serge heitir sýningin sem hér verður flutt af hópi leikara með íslenskri þátttöku. Sýningin snýst um tiltekinn fjölda af gripum, hversdagslegum gripum sem verða uppspretta athafna. Hún gerir ráð fyrir þátttöku gesta og því verða félagar í leikflokknum að reida sig á ihlutun frá heimamönnum. Frásagnarmátanum er lýst sem hugvitslegum og atburðarásin kalli til endurskoðunar á hugmyndum okkar um leikinn, sýninguna og – lífið.



Sviðsmyndin í frönsku gestasýningunni sem hingað kemur á Lókali.

Einmana kúrekar

Leikstjórinn Peter Maxwell hefur um langan aldur verið áberandi í jaðarleikhúsi New York. Hann kemur hingað með verk sitt, Óður til mannsins sem krýpur, söngleik sem segir frá einmana sálum á reiki í hinu ímyndaða vestri með tilheyrandi söngvum og hljóðfærslætti.

Verkið var frumsýnt í haust í Performing Garage í Soho og fékk þá góða dóma gagnrýnenda en rygti Maxwell stendur á djúpum grunni þar í bæ. Sýningin er framleidd með aðilum vestan hafs og austan og flutt af fimm leikurum. Elena lýsir verkinu sem cowboy-harmleik: „Maxwell neitar að vinna með ýmis meðul sem við erum vön í leikhúsi: það er sett og búningar, handrit en enginn leikur. Hann vill þannig skapa rými fyrir áhorfendur til að geta sér til um hver sagan er. Stílnum hefur verið lýst sem „Dead Pan Acting“ sem hann þolir ekki, en heitið segir sína sögu. Það er engin túlkun í texta, engin sálfræðileg aðkoma í túlkun, enginn náttúralismi. En ef maður gefur sig á vald verkunum reynast þau mjög rík tilfinningaleg upplifun.“ Maxwell vinnur bæði með leikmönnum og leikurum. Fyrirhugaðar eru fjórar sýningar á Óðnum.



Augnablik úr Óðnum til mannsins sem kraup.

MYND: PIECE BY PIECE PRODUCTIONS/LOKAL

LÓKAL OG GLÓBAL HEIMURINN OG HEIMA

Lókali – Leiklistarhátíð í Reykjavík verður haldin í mars með alþjóðlegu sniði þar sem boðið verður upp á sýningar þriggja erlendra leikflokka auk innlendra verkefna, bæði þeirra sem hafa verið í gangi um nokkurt skeið og eins mun **Erna Ómarsdóttir** kom heim frá frumsýningu á nýju verki sínu í Brest og slútta hátíðinni þann 9. mars.

LEIKLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Alþjóðlegar leiklistarhátíðir í Evrópu og Bandaríkjunum eru vettvangur leikhúsfólks hvaðanæva að. Þar gefst listamönnum, listrænum stjórnendum og áhorfendum færi á að upplifa nýjustu strauma og stefnur í leiklist. Á hátíðum sem þessum myndast oft öflug tengsl, lögð eru drög að nýjum verkefnum og samstarfi landa á milli.

Lókali, fyrsta alþjóðlega leiklistarhátíðin á Íslandi, verður haldin dagana 6.-9. mars 2008 í miðborg Reykjavíkur. Markmiðið með hátíðinni er að kynna Íslendingum það markverðasta sem verið er að gera í leikhúslífi Evrópu og Bandaríkja-anna og tepla um leið fram frábærum sýningum íslenskra leikhúsmanna. „Nafnið felur í sér þann skilning að allt það áhugaverðasta í listum sé spröttið af þörf okkar fyrir að endurspegla okkar nánasta umhverfi,“ segir Ragnheiður Skúladóttir, leikkona og forseti leiklistardeildar Listaháskólans, en þau hjónin Bjarni Jónsson, leikskáld og þýðandi, hafa hrundið hátíðinni af stökunum.

„Hugmyndin kviknaði á Manhattan. Kunningi okkar hafði áhuga á að flytja inn sýningu, og þá fórum við að hugsa hversvegna ekki að flytja inn fleiri: hér er komið dansfestival og tónlistarhátíðir af ýmsu tagi, en ekki leiklistarhátíð. Ég er menntuð í Bandaríkjunum og hefur alltaf fundist tal um bandarískt leikhúsi einkennast af miklum sleggjúðómum og vankunnáttu hér á landi. Bjarni þekkti vel til í Evrópu og við töldum möguleika á að halda hér árlega hátíð sem kynnti það nýjasta frá Ameríku og Evrópu og víðar að. Við sáum þá möguleika að fá hingað tengla og blaðamenn svo úr yrði umfjöllun sem vekti athygli. Og tenglar sem gætu leitt til frekara samstarfs. Með því að nýta þá aðstöðu og þá þekkingu sem hér er fyrir hendi skjótum við stöðum undir leiklistarhátíð sem vekja mundi athygli langt út fyrir landsteinana.“

Til þessa hefur leikhúsiá hugafólk á Íslandi sótt til útlanda til þess að sjá nýstárlegt leikhúsi, nú mun heimurinn sækja okkur heim! Þau fengu sér til liðsinnis Elenu Kruskemper, listrænan stjórnanda, sem hefur starfað fyrir listatvíæringinn Bonn Biennale síðustu tíu árin, og Guðrúnu J. Guðmundsdóttir starfsmannastjóra Háskóla Íslands. Bak-hjarlar hátíðarinnar í ár verða Reykjavíkurborg, menntamálaráðuneytið, Glitnir, Icelandair og Ferða-



Erna Ómarsdóttir í Talking Tree en hún frumsýnir verkið í Brest meðan á Lokali stendur og kemur heim sérstaklega til að sýna verkið hér og lýkur með því hátíðinni.

MYND: FREDERIC DESMURE/LOKAL

málaráð, Iceland Naturally. Er fjárhagsáætlun vel á annan tug milljóna og enn er verið að draga að styrki svo hátíðin gangi upp.

Fyrir rétttri viku hittum við Ragnheiði og Elenu á Hressó en þar verður kaffihús hátíðarinnar þá daga sem hún stendur. Elena hefur komið hingað til lands áður á vegum hátíðarinnar í Bonn og er því orðin nokkuð kunnug svipmóti íslenskra leikflokka. Nú er brýnt að finna sýningarsal fyrir gestasýningarnar þrjár. „Hér vantar sal sem er svartur kassi,“ segir Ragnheiður. „Við verðum að finna hús sem er hrátt og rýmir vel þær sýningar sem hingað koma og teljum okkur vera búnar að finna það: gamla Frónverksmiðjan við Skúlagötu hentar vel. Þar eru að vísu gluggar en við eigum ekki að loka heiminn úti, nútímaleikhúsi vill hafa gátt til þess umhverfis sem skapar það,“ segir Elena. Frón-salina fá þær með

tilstyrk Samson Properties. Þær eru enn að skoða og meta innlendu sýningarnar sem koma til álitu, en afráðið er hverjir gestaflokkarnir verða á hátíðinni og er fjallað um þá hér á síðunni. Aðrir sýningarstaðir verða Tjarnabíó, Þjóðleikhúsi og Borgarleikhúsi auk annarra óhefðbundnari staða.

Elena segir þennan tíma ákjósanlegan: hið alþjóðlega hátíðarár stendur frá apríl fram í september og sú ákvörðun að hefja hátíðina svona snemma þýðir að margir munu hefja ferðalög sín um evrópska listahátíðahringinn hér. Elena segir áhorfendur hér á landi vera opna, „ótrúlega“ opna. Hún hefur starfað við listahátíðir síðan 1994 ef frá er talinn skammur tími sem hún vann við Schaubühne í Berlín. Hún er því þaukunnug því sem er að gerast á þessum vettvangi í heiminum og gat Lókali ekki fengið betri ráðgjafa til samstarfs.



FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Goði

EFTIR KARL ÁGÚSTULFSSON
BYGGT Á SOGU CARLO COLLODI

Laugardagurinn	26.	janúar
Sunnudagurinn	27.	janúar
Laugardagurinn	2.	febrúar
Sunnudagurinn	3.	febrúar
Laugardagurinn	9.	febrúar
Sunnudagurinn	10.	febrúar

BORGARLEIKHÚSIÐ

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



Kona skeiðar fram hjá þrískiptu málverki eftir írsku málara Francis Bacon sem hann málaði á árunum 1974-1977 í minningu ástmanns síns. Verkið verður selt á uppboði Christie's-uppboðshússins í London 7. febrúar og er talið víst að það seljist fyrir hæsta verð sem gildið hefur verið fyrir verk listmálara frá bresku eyjunum.

MYND: AFP PHOTO/JOHN ENOCH

HVAÐ RÆÐUR VERÐI LISTAVERKA:

GÆÐIN – EÐA EFNAHAGUR LANDA LISTAMANNA?

Í uppsveiflunni tóku auðugir menn að sinna söfnun og miðlun listaverka með áberandi hætti. Tengsl auðs og listsöfnunar hafa lengi verið mikil og mörg stór söfn eru til sem byggja á listaáhuga atvinnurekenda. Hér á landi má minna á safn Porvalds í Síld og fisk og Ingibjargar konu hans, safn Markúsar Ívarssonar, safn Ragnars Jónssonar í Smára og Bjargar konu hans, safn Ingibjargar Sigurjónsdóttur og Sverris Magnússonar. En hvað er nú á seyði ef litið er á heimsmarkaðinn og heimamarkað myndlistar á Vesturlöndum?

MYNDLIST SIGRÚN DAVÍÐSDÓTTIR

Er ekki orðið svo mikið af auðugum íslenskum athafnamönnum í London?“ spurði starfsmaður Christie's nýlega. „Við förum örugglega bráðum að sjá íslenska listamenn á uppboðunum hér í London.“ Og mikið rétt, það er þegar farið að gerast: verk eftir Ólaf Eliasson var boðið upp ásamt norrænum verkum í London á liönu ári. Jöklaferia hans var seld á 142 þúsund pund – metverð fyrir verk Ólafs á uppboði. Nú þegar efnahagsuppsveiflan tekur dýfu gæti orðið bið á að metið verði slegið þó það sé ekki víst: aldrei hafa jafnmargir átt mikið fé sem þeir eru fúsir að leggja í list.

Í síðustu uppsveiflu, sem lauk uppúr 1990, voru mörg met slegin – verð á uppboðum um mitt síðasta ár voru 18 prósentum hærrí en verð sem fengust 1990 þegar verð reis hæst áður en það fór að dala.

Það sem einkennir verðhækkningar listaverka undanfarin misseri er að ný lönd eru komin á listakortið. Verk eftir rússneska, kínverska, indverska og suðurameríska listamenn eru allt í einu í háum kúrsi. Skýringin er einföld: það er orðið nóg af auðmönnum frá þessum löndum til að kaupa verk landa sinna. Þá er ekki að sökum að spyrja: verðið hækkar.

Hátt verð þýðir þó ekki að list sé almennt dýr. Helmingur samtímalistar sem selst í Evrópu fer á undir 100 þúsund krónum. Og það er því ekki vonlaust að safna list þrátt fyrir fréttir um ofurverð – þá er bara að finna þá sem hafa enn ekki vakið athygli.

Nýir listasútnikkar

Nýmælið í uppsveiflu verðs á lista verkum eru tvímælalaust listamenn frá löndum sem hafa ekki verið með á landakorti samtíma-

listar. Samtímalistamenn frá Rússlandi standa á góðum grunni þar sem list eftir byltinguna hefur þegar eignast sína kafla í listasögunni. Áður voru listamenn þar aðþrengdir og ofsóttir en nú blómstrar samtímalistin þar og verðið á einstökum listamönnum hefur líka þegar þotið rækilega upp.

Moskva er önnur stærsta borg

„Margir af þeim sem hafa auðgast í síðustu uppsveiflu hafa notað peningana til að safna list.“

Evrópu, á eftir London, en þar eru hins vegar hlutfallslega fleiri milljarðamæringar en um getur annars staðar, nema kannski í Reykjavík. Listalíf Moskvu hefur þrífist margvíslega á auðnum: þrjú af fimm helstu galleríunum voru stofnuð af eiginkonum auðmanna og starfsmenn Christie's halda fyrirlestra þar um hvernig eigi að byggja upp listasafn.

Á seinni hluta 20. aldar var samtímalist litin hornauga og þreifst neðanjarðar eða listamenn urðu landflótta. Konseptlistamaðurinn Ilya Kabakov (f. 1933), sem er Íslendingum kunnur eftir sýningu á Listasafni Reykjavíkur 2006, varð reyndar ekki landflótta en flutti til New York 1992 eftir að hafa búið hér og þar á Vesturlöndum frá 1987.

Verk Kabakovs eru nú sýnd í Moskvu og margir af hans kynslóð eru í miklum metum. Það eru ekki bara landar sem kunna að meta verk hans: árið 2000 taldi ArtNews

hann í hópi tíu mætustu listamanna samtímans. Þó hann sé þekktasti núlifandi rússneski listamaðurinn og verk hans seljist fyrir hundruð milljóna króna án hjálpar rússneska markaðarins – teikningar eftir hann seljast á 400 þúsund krónur og uppúr – eru verk hans sýnd og seld í Moskvu.

Fyrsta kínverska samtímalistasafnið

Samtímalist í Kína á sér allt aðra sögu því hún hefur þróast út frá vestrænni list, sem á sér ekki hliðstæðu í kínverskri list, með tilvísunum í kínverska hefð. Hún á upptök sín á 8. áratugnum meðal listamanna sem voru í andófi við ríkjandi hugmyndafræði og voru litnir hornauga af kerfi sem gerði allt til að halda afturafsamtímalistinni. Ritskoðunar gætir í listum eins og á öðrum sviðum í Kína svo listalífið þar á undir högg að sækja þegar um er að ræða list með pólitískar skírskotanir.

Til skamms tíma var ekki neitt samtímalistasafn í Kína en nú er komið slíkt safn í Peking, kennt við Ullens. Belgíski baróninn Guy Ullens hefur auðgast á matvinnslufyrirtækjum sem hann hefur selt til að koma á fót listamiðstöð í gamalli verksmiðju sem var teiknuð af þýskum arkitekt af Bauhaus-skólanum og endurbýggð af franska arkitektinum Jean-Michel Wilmotte. Miðstöðin hýsir um 100 gallerí, bæði kínversk og útlend, auk bókaúða og kaffihúsa. Miðstöðin á að safna upplýsingum um kínverska samtímalist og koma henni á framfæri á fjölbreyttan hátt.

Áhuga Ullens má rekja til þess að faðir hann var í utanríkisþjónustunni og bjó í Kína á 4. áratugnum. Ullens byrjaði að safna gamalli kínverskri list og eldri list, átti meðal annars safn vatnslitamynda eftir enska listamanninn Turner (1775-1851) sem hann seldi á uppboði í

fyrira fyrir rúman milljarð til að leggja í listamiðstöðina sem hýsir líka safn 1.500 kínverskra nútímaverka sem Ullens og Myriam kona hans hafa safnað.

Ullens hefur lýst því yfir að hann vilji koma á framfæri breiðu úrvali af því besta sem kínversk samtímalist hafi upp á að bjóða – ekki veiti af kynningu því aðeins örfáir kínverskir listamenn hafi náð alþjóðlegri athygli og ofurverði sem gefi engan veginn mynd af hræringum þar. Ef Ullens fær að starfrækja miðstöðina í friði verður hún án efa þungamiðja kínverskrar samtímalistar og kynningar hennar heima og heiman.

Bretland: athafnaskáld og há verð

Charles Saatchi hóf að safna verkum eftir unga breska listamenn samhliða því að hann byggði upp alþjóðlega auglýsingaskrifstofu með bróður sínum Maurice. Saatchi fæddist í Bagdad 1943 en ólst upp í London og þar opnaði þeir bræður auglýsingastofu 1970. Fimmtán árum síðar var þetta orðið alþjóðlegt veldi með rúmlega 600 stofur um allan heim.

Stofan var einn af birtingarmyndum uppgangsins á 9. áratugnum og þá um leið breska samtímalistin sem Saatchi hóf að safna. Menn þreyttust ekki á að býsnast yfir milljónunum sem hann greiddi fyrir óuppþúna rúmið hennar Tracey Emin, sundurskorinn hákarl Damien Hirst og limlesta tindáta Dino og Jake Chapman. Verkunum kom hann fyrir í sýningar skála í Swiss Cottage í Norður-London og þangað þyrptust listunendur til að berja augum það nýjasta nýja í breskri list – list sem var svo ný að hún var ekki komin á söfnin. Safn Saatchis ýtti örugglega á Tate-safnið að stofna Tate Modern svo segja má að arfleifð Saatchis sé ekki

aðeins hans eigið safn. Saatchi-safnið mun bráðlega verða opnað í nýjum heimkynnum í Chelsea.

Hirst rekur nú stóra listiðju þar sem menn framleida verk undir hans leiðsögn rétt eins og á endurreisnartímanum. Saatchi læðist með veggjum og sést hvorki á mannamótum né veitir viðtöl en það er völlum á hinum lágvaxna Hirst. Hann fælist ekki sviðsljósið og það fer ekki framhjá neinum þegar hann slengist um á opnunum talandi hástöfum við vini og kunningja.

London er höfuðborg fjármálaheimsins, deilir titlinum með New York – og því engin tilviljun að Hirst starfar þar. Í fyrra bjó hann til eitt dýrasta listaverk samtímans þegar hann skreytti hauskúpu með demöntum. Hann þurfti svo marga demanta að um stund leiddu kaup hans til hækkunar á markaðsverði demanta – og úr varð verk sem kostaði 50 milljónir punda, eða um 6,5 milljarða króna.

Hirst lét lengi vel ólíklega um hvernig verkið yrði selt en á endanum keypti hópur manna kúpuna sem á að sýna um allan heim. Þegar í ljós kom að hann átti sjálfur aðild að félaginu var hann sakaður um að hafa blásið verðið út í auglýsingaskyni. Hirst lætur allt slíkt sem vind um eyru þjóta. Hann er ekki aðeins listamaður heldur frumkvöðull, sannkallað athafnaskáld sem á nú sjálfur orðið myndarlegt safn nútímalistar og vinnur að því að koma því fyrir í húsi í Kennington í suðaustur London.

Nýju safnararnir – nýju listamennirnir

„Mér finnst annar hver maður vera að safna list eða ætla að stofna gallerí,“ sagði ungur listamaður nýlega við mig í London. Hann vann nýlega eftirsótt brek myndlistarverðlaun sem hafa rækilega dregið athyglina að honum og um leið hefur hann kynnst því hve margir hafa áhuga á að opna gallerí.

Margir af þeim sem hafa auðgast í síðustu – og kannski aflokinni – uppsveiflu hafa notað peningana til að safna list. Og svo þegar safnið kemst ekki fyrir heima er spurning hvað eigi að gera – dálítið dapurlegt að hafa þetta bara í vöruhúsum. Sumir gefa stærri söfnum en margir heillast af þeirri hugmynd að skilja eftir nafn sitt með því að gera safn úr safninu. Og söfnunin beinist ekki aðeins að málverkum, skúlptúrum og innsetningum heldur einnig ljósmyndun og graffítí. Estorick-safnið er lítið safn í Islington, byggt upp af félagsfræðingnum Eric Estorick (1913-1993) sem safnaði einkum ítalskri list. Estorick er dæmi um safnara sem var ekki vellauðugur en hafði nef fyrir list og náði góðum samböndum við listamenn – nef og góð sambönd geta skipt meira máli en peningar. Og einlægur áhugi er ómissandi: flestir safnarar gefa fólki þau ráð að kaupa með hjartanu frekar en að reyna að spá í hvað muni hækka í verði.

Það er tímafrent og seinlegt að byggja upp samtímalistasafn, jafnvel þó það sé ekki mjög stórt, því það er seinlegt að finna hvar nýgræðingurinn sprettur. London er frábær vettvangur til að kynna nýjabruminu sem er að finna í galleríunum í austurborginni

Mörgum listamönnum er ann tilmál hvert verkin þeirra fara – þeir selja ekki endilega hverjum sem er af því þeim er umhugað um að verkanna sé notið í réttu samhengi af réttu fólki. Þess vegna skipta peningarnir ekki alltaf höfuðmáli og fólk sem rættar sambandið við listamennina getur hreppst verk sem aðrir bjóða meira í.

Ólafur Elíasson er gott dæmi um listamann sem gaumgæfir hvar og hvernig verkin eru sýnd og hver kaupir. Þegar hann var að hasla sér völlum um 2000 var grein í Weekendavisen þar sem hann var tekinn sem dæmi um nýja tegund listamanna sem skipulegðu feril sinn af sömu gaumgæfni og þeir sem hygðust ná langt í viðskiptalífni. Hann spáði í hvaða sýningarstjórar væru áhuga-

verðastir og líklegir til að ná inn í sali safna og listamiðstöðva, ræktað sambandið við þá og sú flétta hefði gengið upp.

Sú staðreynd að verk Ólafs eru komin á uppboð hjá Christie's er því til sönnunar – uppboðin gefa tóninn í listaheiminum hvað varðar verðmiðann á listamönnum. Ólafur og Matthew Barney eiga það sameiginlegt að búa til stór verk sem ekki eru endilega seld – Ólafur selur síðan minni verk eins og ljósmyndaseríur og Barney selur hluti sem tengjast risainnsetningum hans.

Íslenskt listalíf í augum erlendra

Undirstaðan í listalífi stórborga eins og London sem eru þekktar fyrir auðugt listalíf eru galleríin. Þau starfa eins og umboðsaðilar og er oft sagt að þau séu drifkraftur listalífsins: markvisst starf gallería skilar mönnum langt í sölu og athygli.

Gallerí sem starfa á þann hátt og fara á listamessur þar sem list er kynnt hefur vantað í íslenskt listalíf þó ið nálgist þetta. Þetta er að hluta skýringin á því að listamenn sem starfa á Íslandi eiga erfitt með að komast á framfæri utan land-

steinanna nema að erlend gallerí taki þau upp á sína arma. Yngsta kynslóð listamanna leysir það með því að búa erlendis.

Fyrir tæpum tuttugu árum sagði danskur listunandi við mig það með ólíkindum að sjá gróskuna í myndlist á Íslandi – hann þekkti ekkert land þar sem listaverk, oftast málverk, væri fastur hluti innbúsins. Honum fannst íslensk myndlist í merkilega háu verði miðað við Norðurlöndin. Það virtist nóg af kaupendum en gerði listamönnum um leið erfitt fyrir

að sýna erlendis og selja á sama verði þar – galleríin tvöfalda venjulega verð listamannsins.

Í nýríkum löndum eins og Rússlandi eru það auðmenn eða konur þeirra sem opna gallerí – listasaga er vinsæl meðal eiginkvenna rússneskra auðkýfinga. Ef eitthvað verður eftir hrunadansinn á íslenska hlutabréfamarkaðnum er áhuga-vert að sjá hvort slík gallerí spretta upp í Reykjavík og hafa þá bæði sambönd, þekkingu og fé til að fylgja íslenskum listamönnum eftir erlendis.

LEIKHÚSÍÐ

Smíðaverkstæðið

spennandi samtímaleikritun í vetur

- ✓ frábær sviðsverk eftir heimsþekkt leikskáld
- ✓ umræður, kynninga og fræðsla í tengslum við sýningar
- ✓ leikhúsbar með léttu stemmningu

Þrennutilboð

Þrjár sýningar á Smíðaverkstæðinu á **7.500 kr**
(fullt verð 9.300, ath. að einnig er hægt að kaupa miða á staka sýningu)

Konan áður e. Roland Schimmelpfennig
Vígaguðinn e. Yasminu Reza
Sá ljóti e. Marius von Mayenburg

Sjáðu og heyrðu meira á www.leikhusid.is



Atriði úr Manna-veiðum – þáttaröð sem RUV sýnir á páskum og er í fjórum hlutum sem hver er nærri 45 mínútum. Ólafur Darri Ólafsson, Atli Rafn Sigurðarson og Gísli Örn Garðarson, ásamt ungri konu í hlutverki lögglupjóns. MYND/REYKJAVÍK FILMS.

„Sæll“ ÁR SERÍUNNAR

Lengi máttu íslenskir sjónvarpsáhorfendur bíða eftir því að þáttaraðir færu í gang á íslenskum stöðvum sem væru í líkingu við leikið efni frá nálægum þjóðum. Nýir menn og breytt stefna á sjónvarpsstöðvunum þremur sem bjóða upp á slíkt efni að meginhluta varð sýnileg á þessu hausti. Í samtölum við ábyrgðaraðila í íslenskum kvikmynda- og sjónvarpsíðnaði er ljóst að ekki verður aftur snúið.

SJÓNVARP PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Íslenskt leikið efni varð fágæti í sjónvarpi hér á landi strax upp úr 1980. Þegar Stöð 2 komst í gang 1986 jókst verulega hlutur innlands efnis en minnst af því var leikið, margt leikaraskapur af ýmsu tagi: léttmeti. Þessar tvær stöðvar bitust ekki um að framleiða leikið efni, raunar var líkast því að þær forðuðust það og báru gjarnan við peningaleysi.

Tilkoma aukinnar og nýrrar samkeppni á sjónvarpsmarkaði 1996 leiddi til aukins framboðs en allt var það undir öðrum merkjum: aftur einhvers konar leikaraskapur, veruleikasjónvarpið hvolfdist yfir landsmenn.

Með nýrri öld tóku að sjást merki þess að eitthvað væri að gerast: Fóstbræður, Stelpurnar, slíkir stuttir sketsaþættir runnu slóð hins aldurhigna Spaugstofugengis og tilraunir hófust að gera íslensk sitcom: Fornbókabúðin, Kallakaffi, Reykjavíkurnætur reyndust allar falla í grýtta jörð, en voru samt mikilvægir hlekkir í keðju sjónvarps hér á landi. Höfundum tókst ekki að ná hylli sjónvarpsáhorfenda í hinu vandmeðfarna formi sitcom-þátta enda var barist við háþróaðan íðnað breskra og bandarískra framleiðanda; Seinfeld og Friends, Cheers og Frasier voru yndi sjónvarpsneytenda. Skjótur framgangur Skjásins var aftur sönnun þess að markaðinn hungraði eftir innlendu efni.

Vatnaskil

Allir litir hafsins 2006 verða að teljast einhvers konar kaflaskil í þessum efninum. Það tók fimm ár að koma

þriggja þátta röð í framleiðslu. Framleiðendurnir máttu á endanum treysta á erlent fjármagn svo hún yrði til, og til að hafa varann á var efnið klippt í bíómynd sem sýna má í sjónvarpi erlendis. Röðin var sýnd í sænska sjónvarpinu á kjörtíma og náði ágætri athygli.

Harkaleg umræða um fjölmiðla á Alþingi sem fór um allt samfélagið, og samfara því umdeilt frumvarp um breytingu á rekstrarformi Ríkisútvarpsins, hafði sitt að segja. Eigendaskipti á Íslenska útvarpsfélaginu – Stöð 2 – leiddu til stefnubreytingar þar á bæ og tók að rofa til um framleiðslu á leiknu efni. Kvikmyndaíðnaðurinn gekk enda í gegnum tæknilega endurnýjun og framleiðslutækin urðu ódýrari, ný kynslóð krafta var komin til sögunnar.

Þórhallur Gunnarsson hafði getið sér gott orð sem dagskrágerðarmaður á RÚV og Stöð 2 þar sem hann starfaði, þegar Páll Magnússon réði hann til starfa á RÚV en



Kristjana Thors dagskrárstjóri Skjás 1.

hann tók þar við starfi dagskrárstjóra innlands efnis í apríl síðastliðnum. Hann lýsti þegar yfir vilja sínum til að auka hlut leikins efnis og til að styrkja hlut sjónvarpsins í framleiðslu sjálfstæðra framleiðanda fyrir sjónvarpið leitaði hann til einkaaðila og gerði umdeildan samning við Ólafsfell, fyrirtæki í eigu Björgólfs Guðmundssonar sem mun á næstu þremur árum leggja til drjúga fjármuni til framleiðslu leikins efnis – 50 milljónir á ári næstu þrjú árin.

Hitt haustsins

Samkeppnisaðilar hjá 365 sem rekur Stöð 2 voru þá þegar teknir að undirbúa leiknar þáttaraðir: í tíð Heimis Jónassonar dagskrárstjóra þar var tekin ákvörðun um framleiðslu á Næturvaktinni, sem sýnd var fyrri hluta vetrar við frábærar undirtektir. Þættirnir voru nánast sitcom, en ekki teknir í veri heldur á raunverulegri bensinstöð í Reykjavík og höfðu því yfirbragð dýrari framleiðslu. Það var Saga Film sem vann þættina fyrir Stöð 2. Þeir komu síðan út fyrir fáum vikum á diskum og seldust í yfir tuttugu þúsund eintökum. Saga Film vann einnig í fyrrasumar sérpantaða þáttaröð, Pressuna, sem nú skemmtir áskrifendum Stöðvar 2 og hefur Ríkisútvarpið legið undir ámæli fyrir að vera seinna á ferðinni í framleiðslu leikins efnis en áskrifarstöðin.

Þriðji stóri aðilinn á markaði sjónvarpsefnis, Skjárinn, hefur farið sér hægt í framleiðslu á leiknu efni: þættirnir um Silvíu Nótt voru framleiddir í þremur syrþum og



Þórhallur Gunnarsson dagskrárstjóri. Lungann úr vetrardagskrá RÚV næstu árin verður leikið efni í hverri viku.

urðu alls 25 á árunum 2005 til 2006, Sigtíð var framleitt í tveimur syrþum og urðu þeir alls sextán árið 2006, þættirnir um Venna Páer urðu alls átta sama ár. Kristjana Thors, dagskrárstjóri á Skjá einum, segir að þar hafi verið hugsað fyrir þátttöku í þeirri miklu samkeppni sem blasi við um áhorfendur og auglýsingafé. „Við erum minnsta stöðin á þessum markaði og getum ekki keppt við þá stóru um fjölda þáttaraða á dagskránni,“ segir hún. Þar hafa menn einkum litið til þróunar á íslenskum gamanþáttum og eru fleiri en einn slíkur á teikni-borðinu. Bæði Venni Páer og Sigtíð fengu styrki úr sjóðum Kvikmynda-miðstöðvar. Kristjana segir þróun beinast að röðum sem séu 8-10 þættir, en fjármögnun sé erfið og sækja verði fjármagn í einkageirann auk opinberra styrkja. Hún gerir ekki ráð fyrir að leikið innlent efni sjáist á Skjánum fyrr en í byrjun árs 2009. „Þetta er spennandi þróun,“ segir

allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ



KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF Í LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS:

Leikskólakennarar!
Kynnið ykkur nýjar samþykktir
Kópavogsbæjar í tengslum við bókanir í
kjarasamningum Félags leikskólakennara
og Launanevndar sveitarfélaga.

Arnarsmári: 564 5380

- Leikskólakennarar

Álfatún: 564 6266

- Deildarstjóri – afleysing í ½ ár
- Leikskólakennarar

Baugur, NÝR LEIKSKÓLI: 570 4350

- Leikskólakennarar

Dalur: 554 5740

- Stuðningur/leikskólakennari/leiðbeinandi
- Matráður frá 1. febrúar 2008

Efstihjalli: 554 6150

- Leikskólakennarar

Fagrabrekka: 554 2560

- Leikskólakennari

Fífusalir: 570 4200

- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar

Hvarf: 570 4900

- Leikskólakennarar

Núpur: 554 7020

- Leikskólakennarar

Rjúpnahæð: 570 4240

- Leikskólakennarar

Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789

- Leikskólakennarar

Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og www.job.is



**Bandalag
háskólamanna**

Nýsköpunar- og þróunarstjóri hjá BHM

Bandalag háskólamanna óskar eftir að ráða
nýsköpunar- og þróunarstjóra

Starfið felst í:

- Mótun nýrra verkefna og útfærslu þeirra.
- Umsjón með heimasíðu bandalagsins og upplýsingagjöf innan þess.
- Umsjón með fræðslu á vegum BHM og undirbúningi ráðstefna og kynningarfundna.
- Stofnun starfs- og sérfræðihópa til að meta þjónustuþarfir og framkvæma umbótaverkefni.
Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuuglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Reykjavík
 Excursions
 KYNNISFERDIR

Afgreiðslumaður

Kynnisferðir ehf. óska eftir að ráða starfsmann til ferðaafgreiðslu í BSÍ. Góð íslenskukunnátta er skilyrði, auk eins annars tungumáls (ensku).

Aðrar kröfur:

Góð tölvukunnátta
 Falleg framkoma og þjónustulund
 Þekking á landi og þjóð

Um er að ræða vaktavinnu.

Umsóknir sendist til Kynnisferða ehf., Vesturvör 34, 200 Kópavogi, eða til sigrdur@re.is. Öllum umsóknum er svarað og farið er með þær allar sem trúnaðarmál.



Við leitum að öflugum starfsmanni við löggildingar

Starfið

- Starf hjá traustu og rótgrónu fyrirtæki
- Öflug nýliðafræðsla og endurmenntun
- Ferðalög um landið við löggildingar
- Góður starfsandi, starfsaðstaða og öflugt starfsmannafélag

Hæfniskröfur

- Vélfræðingur, raffræðingur eða sambærileg menntun
- Færni og þekking í notkun helstu tölvukerfa
- Almenn enskukunnátta
- Samvirksemi og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Frumherja hf fyrir 1.febrúar n.k., eða sendið umsókn merka starfsmannastjóra. Nánari upplýsingar veitir Anna María Þorvaldsdóttir s.5709135.

Öllum umsóknum verður svarað og meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Frumherji hf. var stofnað árið 1997 og er starfsemi fyrirtækisins í alhliða þjónustu á sviði ýmskonar skoðana og prófana ásamt annarri starfsemi. Fyrirtækið starfar nú á sjö mismunandi sviðum á um 30 stöðum á landinu og er stærsti hluti starfsemi fyrirtækisins rekin samkvæmt faggiltum evrópskum gæðastöðlum.

Frumherji hf
 Hesthálsi 6-8 110 Reykjavík
www.frumherji.is



Reykjavíkurborg
 Menntasvið

Ingunnarskóli

óskar eftir:

Umsjónarkennara á miðstigi

Áhugasamir hafi samband við:

Guðlaugu Sturlaugsdóttur, skólastjóra
ustur@ingunnarskoli.is 664-8265 eða
 Þuríði Sigurjónsdóttur aðstoðarskólastjóra
thuridur@ingunnarskoli.is 664-8266 eða í síma 411-7828.

Tökum vel á móti góðu fólki.

Ingunnarskóli er framsækin skóli með áherslu á sveigjanlega starfshætti, einstaklingsmiðað nám, samkennslu árganga og teymisvinnu kennara. List- og verkgreinar skipa stóran sess og eru meðal annars sambættar samfélags- og raungreinum í gegnum þemavinnu. Markvisst er unnið að því að styrkja jákvæða hegðun nemenda. Skólinn er móðurskóli í einstaklingsmiðuðu námsmati en auk þess er unnið að mörgum þróunarverkefnum. Skólahúsið er hannað með hliðsjón af hugmyndafræði skólans og styður því vel við starfið sem þar fer fram. Í skólanum er mjög góður starfsandi og vel búið að kennurum.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglji það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuuglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

SKÁLATÚN

Óskum eftir félagsliðum og stuðningsfulltrúum til starfa í búsetu á Skálatún í Mosfellsbæ

Um er að ræða kvöldvaktir eða helgarvaktir. Ýmis starfs- hlutföll í boði. Einnig vantar í vetrarafleysingu.

Upplýsingar veitir Anna Kristín sviðsstjóri í síma 5306603. Einnig er hægt að sækja um rafrænt á www.skalatun.is

Framkvæmdastjóri Fjárfestar

Ágætlega stutt fyrirtæki sem selur sérhæfðan búnað á sviði eldvarna og umhverfismála, bæði hér á landi og á hinum norðurlöndunum. Óskar eftir framkvæmdastjóra og hluthöfum sem vilja taka þátt í útrás fyrirtækisins.

Fyrirtækið er með mjög góð umboð ásamt eigin framleiðslu. Hefur góð viðskiptasambönd bæði vestan hafs og austan og er með starfsstöðvar hér á landi og í Noregi.

Áhugasamir vinsamlega sendið tölvupóst á arni@centrum.is



Laus störf hjá Oliudreifingu ehf.

Rafvirkjar

Oliudreifing ehf. óskar eftir að ráða rafvirkja til starfa á þjónustudeild í Reykjavík.

Um fjölbreytt starf er að ræða við nýlagnir, uppsetningu og viðhald á tækjabúnaði tengdum eldsneytisafgreiðslu og almenn rafvirkjastörf. Starfsvettvangur er allt landið, og því æskilegt að starfsmaður geti farið út á land þegar þannig háttar. Um framtíðarstörf er að ræða.

Allar nánari upplýsingar veita:

Árni Ingimundarsson 550 9940
Birgir Pétursson í síma 550-9957

arni@odr.is
birgir@odr.is

Oliudreifing ehf. sér um dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir N1 og Olís. Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1996.

Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.oliudreifing.is



Fræðslu- og menningar svið Dalvíkurbyggðar

Leikskólastjóri

Laus staða leikskólastjóra í leikskólanum Krílakoti á Dalvík

Leikskólinn Krílakot er 3ja deilda leikskóli. Í desember sl. var tekin í notkun nýbygging við húsið svo aðstaðan er góð. Á döfinni er stefnumótun fyrir leikskóla sveitarfélagsins sem nýr leikskólastjóri mun verða virkur þátttakandi í.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólamenntun
- Framhaldsmenntun kostur
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum og þörf fyrir að ná árangri.
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun
- Metnaður, hugmyndaauðgi og skipulagshæfni.

Upplýsingar um starfið veitir Hildur Ösp Gylfadóttir, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Umsóknnum fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið hildur@dalvik.is og verður móttaka staðfest.

Umsóknarfrestur er til og með 7. febrúar 2008.

Dalvíkurbyggð er framsækið sveitarfélag við utanverðan Eyjafjörð. Þar er blómlegt og fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf. Umhverfi er sérlega fjölskylduænt og góðar aðstæður til útivistar jafnt sumar sem vetur. Frekari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á www.dalvik.is.

SÖLUSVIÐ – SÖLUMADUR

BM Vallá hf. óskar eftir að ráða sölumenn á sölusvið fyrirtækisins.

Í starfinu felst meðal annars:

- Sala á utanhússklæðningum,
- Ýmis sérverkefni
- Önnur sölustörf

Starfið gæti hentað t.d.:

- Tæknifræðingum
- Blikksmiðum
- Húsmiðum
- Vönum sölumönnum

Við leitum að öflugum sölumönnum sem eiga auðvelt með mannleg samskipti og hafa metnað til að ná árangri í starfi. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, sýna frumkvæði, vera skipulagður og sjálfstæður í vinnubrögðum. Reynsla af sölustörfum æskileg en ekki nauðsynleg.

Umsóknir ásamt ferilsskrá óskast sendar fyrir 25. janúar til Sigrúnar Þorgeirsdóttur, starfsmannastjóra á netfangið: sigrun@bmvalla.is eða í bréfpósti á BM Vallá hf., Gylfahlöt 9, 112 Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Arnar Sigurðsson, forstöðumaður sölusviðs í síma 412 5000 eða 412 5303.



ADALSKRIFSTOFA Bíldshöfða 7 :: 110 Reykjavík

bmvalla.is

BM Vallá hf. er traust og þjónustudrifið sölu- og framleiðslufyrirtæki á byggingamarkaðnum sem leggur áherslu á að uppfylla þarfir viðskiptavina sinna á sem hagkvæmasta hátt.

Fyrirtækið er með starfsemi sína á 11 starfsstöðvum víða um landið.



BM VALLÁ

METNAÐARFULLUR MARKAÐSFULLTRÚÍ

Erum við að leita að þér?

Við leitum að kröftugum liðsmanni í markaðsdeild Íslandspóstis í 75–100% starf, eftir samkomulagi.

Fjölbreytt, metnaðarfull og skemmtileg verkefni í boði og hjá okkur fær fólk tækifæri til að vaxa af verkum sínum!

Helstu verkefni:

- innri markaðsmál og skipulagning á ýmsum viðburðum
- samvinna og samskipti við aðrar deildir og svið innan fyrirtækisins
- samskipti við auglýsingastofu, birtingahús, prentfyrirtæki o.s.frv.
- samræming á útliti afgreiðslustaða
- þátttaka í daglegu markaðsstarfi
- ýmis tilfallandi verkefni

Hvað þarf til?

- menntun í markaðsfræðum og/eða reynsla af sambærilegum störfum
- frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og ákvarðanatöku
- gott vald á töluðu og rituðu máli
- færni í samskiptum við samstarfsfólk og samstarfsaðila



PÓSTURINN

allur pakkinn

Íslandspóstur er

- Markaðsdrifið þjónustufyrirtæki
- Fyrirtæki sem keppir að því að vera leiðandi á sviði flutninga-, dreifinga- og samskiptalausna
- Fyrirtæki þar sem starfsfólkið er kjarni starfseminnar

Íslandspóstur veitir almenna og sérhæfða bréfa- pakka- og sendingaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki innanlands og utan.

Umsóknarfrestur er til 28. janúar 2008

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ágústa Hrund Steinarsdóttir.

Starfsúmsókn og ferilsskrá skal skilað á starf@postur.is merkt „markaðsfulltrúi“ í efni. Einnig er hægt að setja inn starfsúmsókn á www.postur.is



Lítill heimur – hugsum stórt

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi um allan heim.

Þjónustunet fyrirtækisins teygir sig um Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku, Eyjaálfu og Asíu.

- 14.000 starfsmenn
- 300 starfsstöðvar í um 30 löndum
- 50 skip
- 2.000 flutningabílar og tengivagnar
- 200 kæli- og frystigeymslur

Eimskip býður starfsfólki sínu upp á spennandi og fjölbreytt vinnuumhverfi.



Eimskip óskar eftir að ráða rafvélavirkja eða rafvirkja til framtíðarstarfa á rafmagnsverkstæði fyrirtækisins í Sundahöfn. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starfsumhverfi hjá traustu fyrirtæki. Unnið er á tvískiptum vöktum alla virka daga frá kl. 7.00 til 1.00. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvélavirkjun eða rafvirkjun.
- Reynsla af viðgerðum á rafvélum og raflögnum, sem og nýlögnum og viðhaldi er æskileg.
- Reynsla af viðgerðum frystivéla er æskileg.
- Íslenskukunnátta er skilyrði.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Góð þjónustulund og jákvæðni.
- Nauðsynlegt er að geta unnið undir álagi.
- Hreint sakavottorð er skilyrði.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Árni Pálsson verkstjóri á rafmagnsverkstæði, arp@eimskip.is, sími 525 7181 eða 825 7181.

Umsjón með ráðningunni hefur Guðni Sigurmundsson, gts@eimskip.is, sími 525 7162.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um á heimasíðu okkar www.eimskip.is. Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2008.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Korngörðum 2

104 Reykjavík

Sími 525 7000

Fax 525 7009

www.eimskip.is



NEMAG[®]
The Pub Management Company

Matreiðslumenn, þjónar og barþjónar óskast til starfa í Sviss.

Veitingahúsakeðjan Nemag® rekur bari og veitingahús í þýskumælandi hluta Sviss.

Ef þú hefur áhuga á að starfa með okkur og ert eldri en 21 árs, með menntun og/eða reynslu af ofangreindum störfum, góða þýsku og/eða ensku kunnáttu þá endilega hafðu samband.

Umsóknir sendist á: einarsson@nemag.ch
eða:
Nemag AG
A. Einarsson
Seestrasse 134 - 8700 Küsnacht - Schweiz



Rafeindavirki

Flugfjarskipti ehf óska eftir að ráða rafeindavirkja í tæknideild fyrirtækisins.

Starfssvið:

Tæknideild hefur umsjón með rekstri fjarskiptakerfa og annars búnaðar.

Starfið felur meðal annars í sér rekstur og viðhald á sendum og móttökum auk tölvu- og fjarskipta-búnaðar sem staðsettur er innanlands og erlendis.

Hæfniskröfur

- Próf í rafeindavirkjun eða sambærilegt.
- Þekking á uppbyggingu og rekstri almennra fjarskipta- og tölvukerfa.
- Reynsla af rekstri Windows og Linux tölvukerfa og TCP/IP samskiptum er æskileg.
- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Frekari upplýsingar um starfið gefur Björn Sigurðsson í síma 563-6536

Skriflegar umsóknir með ítarlegum upplýsingum um fyrri störf og reynslu, ásamt mynd sendist Flugfjarskiptum, Sóleyjaríma 6, 112 Reykjavík, fyrir 25. janúar. Hægt er að nálgast umsóknareyðublað á heimasíðu Flugfjarskipta www.gannet.is

Öllum umsóknum verður svarað.

Flugfjarskipti ehf er að fullu í eigu Flugstoða ohf og sinnir tal- og gagnaviðskiptum við alþjóðaflug í íslenska flugstjórnarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 45 og starfsemin er á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi. Flugfjarskipti ehf leggja áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.



„MAÐUR ER ALLTAF AÐ LEIKA SÉR Í VINNUNNI“

Frístundaheimilin í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti óska eftir starfsfólki á öllum aldri í leik og starf með 6-9 ára börnum

Í boði eru hlutastörf eftir hádegi á effirtöldum stöðum:

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað er á heimasíðu ÍTR, www.itr.is. Einnig er hægt að hafa samband við deildarstjóra barnastarfs í Árseli, s. 567 1740

Fjósið, Grafarholti s. 664-7620
Stjörnuland, Grafarholti s.695-5091
Viðisel, Selás s. 664-7622
Klapparholt, Norðlingaholti s.664-7624
Töfrasel, Árbæ s. 695-5092

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
Nánari upplýsingar á heimasíðu ÍTR, www.itr.is

Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 • Bréfsími 411 5009 • www.itr.is • itr@itr.is



0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25



Láttu okkur mæla með **pér!**

HAGVANGUR
- við ráðum

SKÓGARHLÍÐ 12 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 520 4700 • WWW.HAGVANGUR.IS

Netuppsetningar og símkerfi

Svar tækni óskar eftir að bæta við sig starfsmanni í fullt starf

Starfið felur í sér:

Uppsetning á netkerfum ásamt uppsetningu og þjónustu við IP símkerfi.

Viðkomandi mun í starfi sínu eiga samskipti við viðskiptavinum fyrirtækisins og mun hluti af vinnu fara fram utan vinnustaðar.

Hæfniskröfur:

Þekking á Windows server umhverfi og þeirri netþjónustu sem því fylgir er æskileg. Áhugi á uppsetningu og rekstri IP símkerfalausa er kostur.

Rík þjónustulund, lipurð og vilji til að læra og þroskast í starfi eru eiginleikar sem við leitumst eftir.

Svar tækni er framsækið fyrirtæki með 20 starfsmenn í fullu starfi. Hjá fyrirtækinu er öflug söludeild á fyrirtækjamarkaði ásamt því að reka verslun með raftæki. Einnig er öflug þjónustudeild og þjónustuverkstæði hjá fyrirtækinu.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í janúar/febrúar eða eftir nánara samkomulagi. **Umsóknarfrestur er til 27. janúar 2008**

Umsóknnum skal skila til:

Svar tækni ehf., Síðumúli 37, 108 Reykjavík eða á umsokn@svar.is

svar.) tækni



Vélvirki eða bifvélavirki

Lítill heimur – hugsum stórt

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi um allan heim.

Þjónustunet fyrirtækisins teygir sig um Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku, Eyjaálfu og Asíu.

- 14.000 starfsmenn
- 300 starfsstöðvar í um 30 löndum
- 50 skip
- 2.000 flutningabílar og tengivagnar
- 200 kæli- og frystigeymslur

Eimskip býður starfsfólki sínu upp á spennandi og fjölbreytt vinnuumhverfi.



Eimskip óskar eftir að ráða vélvirka eða bifvélavirka til framtíðarstarfa í vélsmiðju fyrirtækisins í Sundahöfn. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starfsumhverfi hjá traustu fyrirtæki. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Hæfniskröfur

- Sveinspróf í bifvélavirkjun eða vélvirkjun.
- Reynsla af viðgerðum á lyfturum eða vinnuvélum er æskileg.
- Íslenskukunnátta er skilyrði.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Góð þjónustulund og jákvæðni.
- Nauðsynlegt er að geta unnið undir álagi.
- Hreint sakavottorð er skilyrði.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Stefán Alexandersson verkstjóri í vélsmiðju, sal@eimskip.is, sími 525 7171 eða 825 7171.

Umsjón með ráðningunni hefur Guðni Sigurmundsson, gts@eimskip.is, sími 525 7162.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um á heimasíðu okkar www.eimskip.is. Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2008.

Öllum umsóknnum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Korgörðum 2

104 Reykjavík

Sími 525 7000

Fax 525 7009

www.eimskip.is

EIMSKIP

VILTU SKIPTA MÁLI OG NJÓTA ÞÍN Í STARFI?

Ef þú vilt starfa í samhentum og öflugum hópi sérfræðinga og ráðgjafa þá hlökkum við til að kynnast þér. Vegna aukinna verkefna óskum við eftir metnaðarfullum einstaklingum í eftirfarandi stöður:

RÁÐGJAFI

Ráðgjafi óskast til starfa í ráðgjafadeild Landsteina Strengs. Í starfinu felst verkefnastjórnun og ráðgjöf á viðskiptalausnunum Microsoft Dynamics NAV og Dynamics AX.

Hæfniskröfur: Gerð er krafa um góða reynslu af verkefnastjórnun. Æskilegt er að umsækjendur hafi háskólapróf í viðskiptafræði, tölvunarfræði eða verkfræði en einnig kemur til greina að ráða fólk með mikla reynslu á þessu sviði.

HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGAR

Hugbúnaðarsérfræðingar óskast við ráðgjöf, þarfagreiningu, forritun og innleiðingu á Microsoft Dynamics NAV (Navision), Dynamics AX (Axapta) og Dynamics XAL (Concorde). Einnig vantar til starfa hugbúnaðarsérfræðinga með reynslu af .NET forritunarumhverfinu.

Hæfniskröfur: Gerð er krafa um háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða viðskiptafræði. Reynsla af viðskiptakerfum er kostur.

ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

Við leitum eftir starfsmönnum í þjónustudeild Landsteina Strengs. Um er að ræða þjónustu og ráðgjöf á viðskiptalausnunum Microsoft Dynamics NAV og Dynamics AX. Einnig óskum við eftir starfsmönnum til að þjónusta og setja upp verslunarlausnir Landsteina Strengs.

Hæfniskröfur: Æskilegt er að umsækjendur hafi háskólamenntun á sviði viðskipta og reksturs, en einnig kemur til greina að ráða fólk með mikla reynslu á þessu sviði. Áhersla er lögð á viðtæka þekkingu á rekstrarumhverfi fyrirtækja.

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

VOTTUN HE
IST ISO 9001

IPMA

Microsoft Dynamics Regional ISV Partner of the Year 2007
Microsoft Business Solutions Global ISV of the Year 2005
LS Retail NAV - Certified for Microsoft Dynamics

Landsteinar Strengur hf. leggur áherslu á að ráða til starfa hæfasta fólkið á sínu sviði á hverjum tíma. Það skiptir okkur miklu máli að starfsmenn leggi allan sinn metnað í vel unnið verk, að þeir séu í góðu sambandi við samstarfsfólk, beri út jákvæða ímynd fyrirtækisins og njóti sín í starfi. Aðrir eiginleikar sem við leitum eftir eru skipulagshæfileikar, rík þjónustulund, nákvæmni, frumkvæði, agi til þess að vinna undir verklagsreglum og vilji til sjálfstæðra vinnubragða.

Umsóknir óskast sendar á netfangið atvinna@LS.is eða í pósti. Umsóknarfrestur er til 4. febrúar. Allar upplýsingar um ofangreindar stöður veitir Sigurður Ari Sigurjónsson í síma 550 9000.

LS

LANDSTEINAR STRENGUR

Landsteinar Strengur hf. · Ármúla 7 · 108 Reykjavík
Sími 550 9000 · Fax 550 9010 · www.LS.is · LS@LS.is

Okkar þekking - þitt forskot!

www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Þráinn skóari -skóbúð

Í skóbúð okkar að Grettisgötu 3, Reykjavík vantar okkurstafsmann sem hefur áhuga á að vinna með hágæða skófatnað.

Um er að ræða skófatnað frá Taryn Rose-Allen Edmonds-Stuart Weitzman ofl.

Stafsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Um er að ræða 50-70% starf.

Upplýsingar sendar á skoari@islandia.is



Yfiriðjuþjálfari

Það vantar áhugasaman og kraftmikinn iðjuþjálfun til að leiða iðjuþjálfun hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS). HSS er vaxandi sjúkrastofnun í markvissri sókn. Þjónusta stofnunarinnar er mjög fjölbreytt á öllum sviðum. Hér ríkir afbragðsgóður starfsandi og góðum hugmyndum og framtakssemi starfsmanna er tekið fagnandi. Iðjuþjálfunin er í nýrri og glæsilegri aðstöðu og er allur aðbúnaður til fyrirmyndar.

Yfiriðjuþjálfari sinnir öllu starfi á sviði iðjuþjálfunar hjá HSS, almennri sjúkradeild (lyflækningar, skurðlækningar, bæklun), endurhæfingardeild, fæðingardeild, heimahjúkrun og heilsugæslu þ.m.t. barna og unglingsgeðteymi. Skjólstæðingar eru á öllum aldri. Yfiriðjuþjálfari sér um stefnu-mótun og þróun iðjuþjálfunar og er faglegt sjálfstæði og ábyrgð mjög mikil.

Um er ræða 100% stöðu en möguleiki er á hlutastarfi minnst 60%. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Upplýsingar veitir Sigurður Þór Sigurðarson, yfirlæknir, sigurdur@hss.is, sími 422-0500. Umsóknir sem greina frá menntun, fyrri störfum og meðmælendum skulu berast til Bjarnfríðar Bjarnadóttur starfsmannstjóra, Mánagötu 9, 230 Reykjanessbæ eða með tölvupósti á netfangið bjarnfridur@hss.is. Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar, 2007. Öllum umsóknum verður svarað.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURNESJA

SKÓLAVEGI 6 • 230 REYKJANESSBÆ • WWW.HSS.IS • HSS@HSS.IS

► Með skilningi á þörfum fólks, alúð og góðum vörum vex hagur Brimborgar hratt. Á aðeins fjórum árum hefur fyrirtækið þrefaldast að stærð og stefnir það á að verða vinsælasta bílaumboð landsins þar sem traust og öryggi í viðskiptum er haft að leiðarljósi. Í Reykjavík og á Akureyri starfa um 190 manns við að veita viðskiptavinum Brimborgar faglega ráðgjöf og þjónustu fyrir Ford, Volvo, Citroën, Lincoln, Daihatsu,

Mazda, Volvo vörubíla, Volvo vinnuvélar, Volvo Penta bátavélar, Volvo strætisvagna og Volvo rútur. Hiab bílkrana, Pirelli og Nokian hjólbarða.

Brimborg leitar að einstaklingi sem hefur metnað til að láta hæfileika sína njóta sín í stórum hópi frábærra fagmanna sem starfa undir fána Brimborgar.

Umsóknarfrestur
er til 28. jan. n.k.

Bifvélavirki eða vélvirki á Akureyri

Við leitum að bifvélavirkja eða vélvirkja á atvinnutækjaverkstæði okkar við Tryggvabraut 5 Akureyri

Stutt lýsing á starfi

- Bilanagreining á dráttavélum, landbúnaðartækjum, vinnuvélum og vörubílum
- Viðgerðir á dráttavélum, landbúnaðartækjum, vinnuvélum og vörubílum

Hæfniskröfur

- Menntun: Bifvélavirki, vélvirki eða nemi, nokkuð langt kominn í námi
- Reynsla af viðgerðum á landbúnaðartækjum, vinnuvélum eða vörubílum
- Grunnþekking í tölvum
- Góð enskukunnátta
- Gilt bílpróf

Nánari upplýsingar

Vinnutími er frá 8:00 -16:30 mánudaga til fimmtudaga og frá 8:00 -16:00 föstudaga.

Skelltu þér á netið www.brimborg.is og sæktu um starfið. Frekari upplýsingar veitir Jón Árelíus Þorvaldsson, framkvæmdastjóri hjá Brimborg Akureyri í síma 462 2700.

Umsóknarfrestur er til 28. janúar 2008.
Þú sækir um á netinu, www.brimborg.is. Núna.



Öruggur staður til að vera á



Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is | brimborg@brimborg.is



STYRKIR TIL LISTA- OG MENNINGARSTARFSEMI

Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar auglýsir eftir styrkumsóknum til lista- og menningarstarfsemi.

1. Í umsókn skal lýsa markmiði verkefnis vel og skila kostnaðaráætlun ásamt öðrum fylgigögnum sem máli skipta fyrir viðkomandi umsóknaraðila
2. Listamenn, félagasamtök eða menningarviðburðir skulu tengjast Hafnarfirði
3. Ekki er styrkt til náms eða rekstrar (t.d. húsaleigu)
4. Nefndin áskilur sér rétt til að krefjast endurgreiðslu styrkja, komi ekki til verkefna sem sótt er til

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar er að finna á www.hafnarfjordur.is. Einnig má nálgast eyðublöðin í Þjónustuveri Hafnarfjarðar að Strandgötu 6, og á Skrifstofu menningar- og ferðamála að Vesturgötu 8.

Ef ekki er sótt um með rafrænum hætti skal merkja umsóknir **Styrkir til lista- og menningarstarfsemi 2008**, Strandgata 6, 220 Hafnarfirði. Skilafrestur er til 15. febrúar 2008.

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS



100 ÁRA AFMÆLI HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐAR

Hafnarfjarðarbær leitar eftir samstarfsaðila til að stýra undirbúningi og framkvæmd viðburða afmælishelgina 29. maí – 1. júní

Hafnarfjarðarkaupstaður verður 100 ára þann 1. júní 2008. Afmælisárið verður ein samfelld afmælishátíð með fjöldanum öllum af uppákomum og viðburðum en ætlunin er að halda veglega afmælishátíð í kringum afmælisdaginn sjálfan.

Afmælisnefnd bæjarins leitar nú að samstarfsaðila við undirbúning, stýringu og framkvæmd viðburða um afmælishelgina. Leitað er að fyrirtæki með langa reynslu af stjórnun og framkvæmd stærri viðburða og þurfa áhugasamir að senda inn yfirlit yfir þá viðburði sem þeir hafa staðið fyrir, drög að dagskrá afmælishelgarinnar, útfærslu á útitónleikum, markaðsetningu og kostnaði. Viðkomandi sér um undirbúning, framkvæmd, ráðgjöf og tæknilega útfærslu afmælishelgarinnar í samstarfi við starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar og þá aðila sem þegar hafa verið gerðir samningar við.

Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við Steinunni Þorsteinsdóttur upplýsingafulltrúa (steinunn@hafnarfjordur.is – gsm. 664 5521) eða Marín Hrafnadóttur menningar- og ferðamálafulltrúa (marin@hafnarfjordur.is – gsm. 664 5776) til að fá nánari upplýsingar og þau gögn sem liggja til grundvallar hátíðarhöldunum.

Gögnum skal skilað til Þjónustovers Hafnarfjarðarbæjar í síðasta lagi 8. febrúar 2008.

Merkt:
Hafnarfjarðarkaupstaður 100 ára
Þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður.

Hafnarfjörður fékk kaupstaðarréttindi 1. júní 1908. Sama dag var fyrsti kjörfundurinn haldinn í Góðtemplarahúsinu, hófst hann kl. 12.00 á hádegi og lauk þremur klukkutímum síðar. 25 manns komu á kjörstað en talið er að um 400 manns hafi verið á kjörskrá. Þá bjuggu 1469 manns í bænum og 109 börn voru í barnaskóla bæjarins og Ungmennafélagið 17. júní æfði og sýndi glímu að kappi. Fyrstu lögregluþjónarnir voru ráðnir – báðir heljarmenni að burðum og vöktu lögregluþjónungarnir mikla athygli. Síðan eru liðin hundrað ár og bæjarbúar orðnir hátt í 25.000 og löngu hættr að sýna glímu – sér og öðrum til skemmtunar

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS



VELLIR 5, VELLIR 6 OG ÁSLAND 3

Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í eftirfarandi lóðir:

- VELLIR 5** . . . Parhús við Kvistavelli 63 -65,
Raðhús við Kvistavelli 10 -16
Raðhús við Kvistavelli 66 -72
- VELLIR 6** . . . Raðhús við Hnoðravelli 35 -39
Klukkuvelli 23 -27
Klukkuvelli 20 -26
- ÁSLAND 3** . . . Raðhús við Furuás 23 -27

Lágmarksverð samkvæmt gjaldskrá Hafnarfjarðarbæjar er 6.300.000 miðað við 180 m² raðhús og 7.600.000 miðað við 200 m² parhús.

Skipulagsupprættir og skipulags- og byggingarskilmálar eru á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is og í Þjónustuveri bæjarins Strandgötu 6.

Einungis lögaðilar geta sent inn tilboð í lóðirnar og ber þeim að skila ársreikningi fyrir árið 2006 og/eða milliuppgjöri fyrir árið 2007 árituðum af löggiltum endurskoðendum ásamt yfirlýsingu lánastofnunar um fjármögnun byggingarframkvæmda.

Skilafrestur tilboða er 31. janúar 2008. Tilboðum skal skilað til Þjónustuvers Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6.

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS



Reykjavíkurborg
Velferðasvið

Starfsmaður með umsjón í eldhúsi

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða óskar eftir að ráða starfsmann í móttökueldhús í Félagsmiðstöðina að Vesturgötu 7.

Helstu verkefni:

- Yfirumsjón við móttöku og sölu á aðsendum mat og kaffisölu

Hæfniskröfur:

- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki

Um er að ræða fullt starf. **Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf 1. mars nk.**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Halldóra Guðmundsdóttir verkefnisstjóri í síma 535 2740, netfang: halldora.gudmundsdottir@reykjavik.is

Umsóknum skal skila í Félagsmiðstöðina að Vesturgötu 7 **fyrir 4. febrúar nk.**

Starfsmaður í móttökueldhúsi

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða óskar eftir að ráða starfsmann í 50% starf í móttökueldhúsi í Félagsmiðstöðina að Vesturgötu 7.

Helstu verkefni:

- Aðstoð við almenn eldhússtörf og frágangur í matsal og eldhúsi

Hæfniskröfur:

- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki

Um er að ræða fullt starf. **Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf 1. febrúar nk.**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Halldóra Guðmundsdóttir verkefnisstjóri í síma 535 2740, netfang: halldora.gudmundsdottir@reykjavik.is

Umsóknum skal skila í Félagsmiðstöðina að Vesturgötu 7 **fyrir 29. janúar nk.**

Leiðbeinandi í félagsstarfi

Félagsmiðstöðin við Vitatorg óskar eftir að ráða leiðbeinanda í félagsstarfi.

Helstu verkefni:

- Aðstoð við alla almenna handavinnu
- Aðstoð við almennt félagsstarf

Hæfniskröfur:

- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð handavinnuþekking
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi og samvirkusemi

Félagsmiðstöðin er opin fyrir alla aldurshópa frá kl. 9.00 til 17.00 alla virka daga, þar fer fram margbreytilegt félagsstarf.

Um er að ræða 60% starfshlutfall eða eftir nánara samkomulagi.

Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veita Edda Hjaltested forstöðumaður og Una Björk Harðardóttir deildarstjóri í síma 411 9450 eða á netföngunum: edda.a.hjaltested@reykjavik.is og una.bjork.hardardottir@reykjavik.is

Umsóknum skal skila á Félagsmiðstöðina við Vitatorg eða á ofangreind netföng **fyrir 4. febrúar nk.**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



FERÐAÞJÓNUSTA FATLAÐRA Í REYKJAVÍK

Óskar eftir áreiðanlegum og nákvæmum starfsmanni

Ferðaþjónusta fatlaðra í Reykjavík sér um akstur fyrir fatlaða einstaklinga og eldri borgara í Reykjavík.

Starfssvið:

- Starfið felst í símamóttöku ferðabeiðna og röðun ferða á þjónustubíla.
- Um er að ræða fullt starf.
- Vinnutími er kl. 8:00 – 16:00, virka daga.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Færni í mannlegum samskiptum.
- Þjónustulund og jákvætt viðmót.
- Áreiðanleiki og nákvæm vinnubrögð.

Upplýsingar veitir

Halldór Þórhallsson deildarstjóri.
Símar 540 2743 og 660 2341,
netfang: halldor@straeto.is

Einnig er hægt að sækja um starfið á straeto.is



BIFVÉLAVIRKI EÐA VÉLVIRKI

Strætó bs. leitar að áhugasömum og duglegum starfsmanni á bílaverkstæði sitt.

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Hlutverk samlagsins er að sinna almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu.

Hjá fyrirtækinu starfa um 200 manns auk undirverktaka. Velta fyrirtækisins er um 3 milljarðar á ársgrundvelli. Fyrirtækið hefur jafnframt umsjón með ferðaþjónustu fatlaðra.

Um starfið:

- Starfið felst í viðgerðum á strætisvögnum.
- Vinnutími frá kl. 7:30–15:45 mán-fim og til kl. 15:00 á föstudögum.
- Einnig eru rúllandi morgun- og helgarvaktir í boði.
- Úrvals vinnuaðstaða í nýju og glæsilegu húsnæði á Hesthálsi 14.
- Góð starfsmanna aðstaða og gott vinnuumhverfi.
- Miklir möguleikar í starfi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf í bifvélavirkjun eða vélvirkjun er æskilegt en ekki skilyrði.
- Starfsreynsla í viðgerðum og viðhaldi bíla er mikill kostur.
- Aukin ökuréttindi eru kostur.
- Áhugi og þekking á stórum bílum og/eða tækjum.
- Góð enskukunnátta er kostur.
- Almenn tölvukunnátta er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.

Nánari upplýsingar veitir

Jóhannes Jóhannesson, sviðsstjóri rekstrarsviðs. Sími 892 7800,
netfang: jo@straeto.is
Umsóknum skal skilað til Strætó bs., Pósthólf 9140, 129 Reykjavík eða með tölvupósti til Jóhannesar. Umsóknarfrestur er til 28. janúar.



Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur arkitekt - skipulagsfræðingur

Ef þú hefur menntun og reynslu á sviði skipulags og vilt vinna að fjölbreyttum, skemmtilegum og ögrandi verkefnum sem gefa tækifæri til þess að læra og bæta við starfshæfnina þá erum við hjá skipulagsstjóra Reykjavíkurborgar að leita að frjóum og skemmtilegum starfsfélaga sem hefur gaman af að vinna í góðum hópi fagmanna.

Starf

Nýr starfsmaður mun vinna að margvíslegum verkefnum, þ.m.t. verkefnisstjórnun, á sviði skipulags og öðrum verkefnum því tengdu. Næsti yfirmaður starfsmanns er aðstoðarskipulagsstjóri Reykjavíkurborgar.

Menntunar- og hæfniskröfur

Umsækjandi skal hafa menntun á sviði skipulags, s.s. arkitektúr, skipulagsfræði eða sambærilegu námi. Áhugi á skipulagsmálum er nauðsynlegur og reynsla æskileg en ekki skilyrði. Umsækjandi þarf að geta unnið sjálfstætt og átt góð samskipti við samstarfsfólk og viðskiptavini sviðsins.

Í boði

Skemmtilegt og skapandi starfsumhverfi og fjölbreytt og krefjandi starf og tækifæri til þess að taka þátt í metnaðarfullri uppbyggingu borgarinnar. Sviðið mun flytjast í nýtt húsnæði á næstu mánuðum þar sem kappkostað hefur verið að bjóða upp á góða vinnuáðstöðu.

Upplýsingar um starfið

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólöf Örvarsdóttir, aðstoðarskipulagsstjóri, netfang olof.orvarsdottir@reykjavik.is. Skriflegum umsóknum skal skilað til Ingibjargar R. Guðlaugsdóttur, mannauðsstjóra, netfang ingibjorg.gudlaugsdottir@reykjavik.is, eigi síðar en 1. febrúar 2008. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi hlutaðeigandi stéttarfélags

Upplýsingar um Skipulags- og byggingarsvið og starfsemi þess er að finna á vefsíðunni skipbygg.is.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynjanna í störfum og því að vinnustaðir borgarinnar endurspeglja fjölbreytileika reykjavíks samfélags. Atvinnuuglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar í síma 4 11 11 11 eru veittar allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og símasamband við starfsmenn einstakra sviða og deilda

Hlutverk skipulags- og byggingarsviðs er að veita borgarbúum, borgarfulltrúum, ráðgjöfum, hönnuðum, byggingarverktökum og öðrum þeim sem á þurfa að halda, góða þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar um skipulags- og byggingarmál. Sviðið er jafnframt stefnumótandi í skipulags- og byggingarmálum borgarinnar í samvinnu við skipulagsráð. Hlutverk embættis byggingarfulltrúa er m.a. að sjá um að framfylgja ákvæðum skipulags- og byggingarlaga, byggingarlögum og reglugerðum er byggingarmál varða.

STARFSFÓLK ÓSKAST BYGGINGAFRÆÐINGAR ARKITEKTAR TÖLVUMAÐUR

Í hjarta Reykjavíkur vinnur samheldinn og góður hópur fagmanna. Þessi hópur er duglegur en verkefnum fjölga hratt. Því leitum við að liðsaka. Við bjóðum upp á afbrigðsgóða vinnuáðstöðu í þægilegu umhverfi með skemmtilegu og hæfileikaríku fólki.

ARKITEKTAR & BYGGINGAFRÆÐINGAR

Við leitum að arkitektum og byggingafræðingum sem geta starfað sjálfstætt og stýrt verkefnum fyrir hönd fyrirtækisins. Reynsla af stjórnun verkefna æskileg. Einnig leitum við að arkitektum og byggingafræðingum til starfa við almenna hönnun. Reynsla í faginu æskileg.

TÖLVUMAÐUR

Leitum að tölvumanni til að sjá um uppsetningu og viðhald á notendavélum og netþjónum. Einnig felur starfið í sér almenna notendabjónustu fyrir starfsmenn. Sérfræðipækking í AutoCad er nauðsynleg.

Áhugasamir hafi samband við Þorvarð Björgvinsson í síma 822 2065, Svövu Bragadóttur í síma 867 1895, eða sendi póst á netfangið thorri@ark.is. Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál.

www.ark.is

ARKÍS

VANTAR ÞIG SMÍÐI, múrara, pípara eða járnbindingarmenn?

Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

proventus
Traust starfsmannabjónusta

Sími: 661-7000



Skóladeild
Glerárgötu 26
600 Akureyri

www.akureyri.is
Akureyri

Skíðagæslumaður - Slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður.

Hjá Slökkviliði Akureyrar er laust til umsóknar starf slökkviliðs- og sjúkraflutningamanns.

Um er að ræða 100 % starf í vaktavinnu við sjúkraflutninga, slökkvistörf og reykjöfun, björgun og neyðarflutninga sem og skíðagæslu í Hlíðarfjalli yfir skíðatímabilið.

Starf slökkviliðs og sjúkraflutningamanns, skíðagæslumanns er nýtt starf sem miðast við að sinna sjúkraflutningum úr skíðabrekkum og sinna öryggisþáttum á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli

Laun eru skv. kjarasamningi Launaneðndar sveitarfélaga og Landsambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Hæfniskröfur:

- Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði 8.gr reglugerðar nr.792/2001 um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.
- Hafa aukin ökuréttindi til að stjórna vörubifreið og leigubifreið.
- Hafa iðnmenntun sem nýtist í starfi slökkviliðsmanna eða sambærilega menntun og reynslu.
- Þeir sem ráðnir eru til starfa sem slökkviliðsmenn skulu hafa góða líkamsburði, vera andlega og líkamlega heilbrigðir, reglusamir og háttvísir, hafa góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og ekki vera haldnir lofthráðslu eða innilokunarkennd.
- Hafa jákvætt hugarfar og gott vald á mannlegum samskiptum.
- Hafa sterka skíða og /eða snjóþrettakunnáttu
- Akureyrarbær áskilur sér rétt til að óska eftir meðmælum.
- Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Framangreindum hæfniskröfum er ekki ráðað eftir mikilvægi.

Að loknum sex mánaða reynslutíma verður tekin ákvörðun um fastráðningu eftir að umsækjandi hefur gengist undir próf í þeim þáttum sem tilgreindir eru í hæfniskröfum.

Umsóknir

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum. Sækja verður um starfið rafrænt á heimasíðu Akureyrarbæjar:

www.akureyri.is/uglysingar/atvinnuumsokn/uglyst-starf

Umsóknarfrestur er til 30.janúar 2008.

Umsækjendur þurfa að skila inn eftirfarandi fylgigögnum:

Læknisvottorði, sakavottorði, prófskírteini og ljósriti af ökuskírteini og ökuferilsskrá.

Fylgigögnum má annað hvort skila inn til Slökkviliðs Akureyrar eða senda á rafrænu formi í umsóknarferli á heimasíðu Akureyrarbæjar.

Fylgigögnum verður að skila eigi síðar en 20. desember 2007.

Tekið verður tillit til jafnréttisáætlunar Slökkviliðs Akureyrar og samþykktar bæjarstjórnar Akureyrarbæjar um jafnréttismál við ráðningu í starfið.

Frekari upplýsingar veitir Þorbjörn Haraldsson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Akureyrar, Árstíg 2, á staðnum eða í síma 461-4200, fax: 461-4205.

Umsóknarfrestur er til 30.janúar 2008.

Slökkviliðsstjórnin á Akureyri.

Hlíðarfjall
Akureyri





Sólheimar óska eftir að ráða stuðningsfulltrúa:

- Viltu vinna í fallegu og notalegu umhverfi?
- Viltu vinna í góðum félagskap?
- Viltu vinna í vinnulotum, vinna í eina viku (gist á staðnum) og eiga frí í eina viku (heima)?
- Hefur þú áhuga á og færni í mannlegum samskiptum?

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi með góða almenna menntun sem vill og getur tekið að sé spennandi og krefjandi starf. Æskilegt er að viðkomandi geti byrjað sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur Valdis í síma: 480-4414 eða 861-9657 á milli kl. 8 og 17 virka daga.

E-mail: valdis@solheimar.is

Sólheimar eru sjálfbært byggðahverfi í Árnassýslu. Á Sólheimum er m.a. félagsþjónusta, garðyrkjustöð, skógræktarstöð, gistiheimili, verslun með helstu nauðsynjavörum, listhús og sex verkstæði sem vinna að listsköpun og endurvinnslu. Ennfremur kaffihús, höggmyndagarður, kirkja, sundlaug og umhverfissetrið Sesseljuhúsi.

Sólheimar ses. - 801 Selfoss
www.solheimar.is - Sími 480-4400

```
using System;
using System.Collections.Generic;
using System.Text;

namespace D3.Programming
{
    class Umsokn
    {
        //The person that reads this
        private Person Umsaekjandi = "You";
        //Skills
        if (Umsaekjandi.Programmingskills.C# || Umsaekjandi.Programmingskills.OtherSimilar)
        { //Independent && likeable
            if (Umsaekjandi == Person.Independent && a == Person.Likeable )
            { //Interested ?
                if (Umsaekjandi.Interested)
                { //Contact D3
                    Umsaekjandi.Goto ("www.d3.is" {D3});
                }
            }
        }
    }
}
```



MÓTTÖKURITARI

MOMENTUM GREIÐSLU- OG INNHEIMTUPJÓNUSTA VILL RÁÐA MÓTTÖKURITARA TIL STARFA SEM ALLRA FYRST

Umsækjandi þarf að vera kurteis og jákvæður en um leið ákveðinn, með ríka þjónustulund og vilja til að leysa úr fyrirspurnum viðskiptavina.

Móttökuritari Momentum þarf að vera reglusamur, stundvís og áhugasamur um starfið. Viðkomandi verður andlit Momentum gagnvart viðskiptavinum, bæði þeim sem hafa samband við fyrirtækið símleiðis og þeim sem leggja leið sína á skrifstofu okkar.

Í boði er líflegt starf í traustu og ört vaxandi starfsumhverfi með öflugum hópi fólks. Í starfinu felst móttaka viðskiptavina í afgreiðslu, símsvörum á skiptiborði, ljósritun og skjalafrágangur ásamt ýmsu öðru sem til fellur í daglegri starfsemi.

Frekari upplýsingar veitir Anna María Proppé, mannauðsstjóri, í s. 510 7700

Umsækjendur sendi vel fram setta ferilskrá á annamaria@momentum.is eigi síðar en föstudaginn 1. febrúar 2008.

Bent er á upplýsingar um Momentum á www.momentum.is

ARGUS 08-0037



LAUS STÖRF

Bæjarskrifstofur:

- Launafulltrúi

Tómstunda- og menningarsvið:

- Forstöðumaður Ungmennahúss

Félagsþjónusta Kópavogs:

- Félagráðgjafi, tímabundið
- Félagslíði í kvöldþjónustu
- Aðstoð við heimilisstörf

Róðasalir - sambýli og dagþjálfun

- Sjúkralíði
- Starfsmaður til aðhlyningar

Unglingasmiðjan

- Meðferðarfulltrúar

Íþróttamiðstöðin Versalir

- Afgreiðsla baðvarsla kvenna
- Laugarvarsla afgreiðsla, tímabundið

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Digranesskóli:

- Matráður á kaffistofu starfsmanna 100%

Kársnesskóli:

- Náttúrufræðik. í 10. bekk 10 st. á viku
- Forfallakennari
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Stuðningsfulltrúi í Dægradvöl 50% e.hád.

Kópavogsskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl

Lindaskóli:

- Skólalíði I - Dægradvöl 50% starf
- Forstöðumaður Dægradvalar


Snælandsskóli:

- Kórstjóri allt að 50% starf

Vatnsendaskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl 30-50%
- Stuðningsfulltrúi, fullt starf frá áramótum
- Kennari v/forfalla í 3.-4.bekk frá 1.1.08

Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og www.job.is



Momentum greiðslu- og innheimtupjónusta veitir alhliða þjónustu við innheimtu, allt frá útgáfu greiðsluseiðils þar til ógreidd krafa er send til löginnheimtu.

Momentum starfar í nánú samstarfi við Gjaldheimtuna ehf. sem veitir alhliða þjónustu á sviði löginnheimtu vanskilakrafna; hefst þjónusta Gjaldheimtunnar þegar aðrar innheimtuleiðir hafa verið reyndar til fullnustu.

Momentum og Gjaldheimtan byggja á traustum grunni og mikilli reynslu starfsmanna og eigenda. Lögð er áhersla á að innheimtufé sé skilað jafnskjótt og mögulegt er til kröfuhafa og býðst kröfuhöfum að laga innheimtuférlíð að því sem þeim hentar.

» Ráðningarþjónusta

Framleiðslustarf

Leitum að vandvirkum einstaklingi með áhuga á vélum og tækjum til starfa fyrir rótgróið fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.

» Starfslýsing

Unnið er á vöktum virka daga aðra vikuna frá kl. 07:30 til kl. 15:30 og hina frá kl. 15:30 til kl. 23:30.

Starfið er m.a. fólgið í umsjón vélbúnaðar og eftirliti með framleiðslulínu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.



HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

» Ráðningarþjónusta

Vélstjóri

Leitum að vélstjóra fyrir rótgróið fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Starfið er fólgið í viðhaldi tækjabúnaðar og nýsmíði.

» Hæfniskröfur

- Menntun á sviði vélstjórnar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður og sjálfstæði í starfi
- Rík þjónustulund og sterk ábyrgðakennd

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.



HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

VELKOMIN TIL OKKAR

SMFR sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu leitar eftir faglærðu og ófaglærðu starfsfólki á:

- heimili fatlaðs fólks
- hæfingarstöðvar
- skammtíamavistanir
- meðferðarheimili

Í boði er:

- vaktavinna og dagvinna í mismunandi starfshlutföllum
- öflugur stuðningur í starfi
- fjölbreytt og lærdómsrík störf
- námskeið og þjálfun

Nánari upplýsingar um störfin eru veittar á skrifstofutíma í síma 525 0900 eða á heimasíðu www.smfr.is Laun samkvæmt gildandi kjarasamningum SFR eða BHM.



smfr

● ● Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi ●

Grunnskóli Seltjarnarness

Vantar þig vinnu?

50% starf íþróttakennara er laust vegna forfalla fram á vor.

Upplýsingar veitir Baldur Pálsson aðstoðarskólaskjóri í síma 5959 250. baldur@seltjarnarnes.is

Við í **Skólaskjól** erum að leita að samstarfsfólki í skemmtileg og gefandi störf á góðum vinnustað. Vinnan getur t.d. hentað vel fyrir framhaldskóla- og háskólanemendur. Hlutastörf í boði eftir hádegi. Vinnutími eftir samkomulagi.

Skólaskjól er lengd viðvera fyrir nemendur í 1. til 4. bekk.

Upplýsingar veitir Rut Bjarna forstöðumaður Skólaskjól í síma 5959 200 eða 822 9123, rutbj@seltjarnarnes.is

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa



Augl. - Þórhildur - 22.08.2007 3:07

Markmið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði með þekkingaruppbyggingu og stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla, spröta- og nýsköpunarfyrirtæki. Jafnframt eru þar stundaðar rannsóknir og unnið að tækniþróun á sviði framleiðslu, ferla, orku, bygginga og mannvirkja.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands kemur með nýjar víddir inn í íslenskt samfélag - í þína þágu og atvinnulífsins.

Ertu metnaðarfullur verk- eða tæknifræðingur og hefur þú áhuga á nýsköpun?

Ef svo er þá viljum við á Nýsköpunarmiðstöð Íslands fá þig í okkar hóp.

Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að stofna starfsstöð Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í Vestmannaeyjum og veitt til þess fjármagn til ársloka 2009.

Nýsköpunarmiðstöð auglýsir störf tveggja sérfræðinga laus til umsóknar með starfsaðstöðu í Vestmannaeyjum.

Starfssvið

Vinna að verkefnum á sviði orkutækni, mannvirkjagerðar, frumgerðasmíðar og öðrum nýsköpunarverkefnum í samstarfi við fyrirtæki í Vestmannaeyjum.

Hæfniskröfur

- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Frumkvæði og dugnaður.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af verkefnastjórnun á sviði rannsókna og þróunarverkefna.
- Umsækjendur þurfa að vera verk- eða tæknifræðingar eða með sambærilega menntun.

Upplýsingar um starfið veitir Sigríður Ingvarsdóttir. Fyrirspurnir má senda á netfangið si@nmi.is.

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum. Umsóknunum skal skila fyrir 30. janúar nk. merktum:

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Mannauðs- og þjónustusvið, starfsúmsókn
Keldnaholti
112 Reykjavík



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands

Keldnaholti, 112 Reykjavík • Sími 522 9000 • Fax 522 9111 • www.nmi.is



HAMRAFELLSHÖF

Vélstjóri
óskast á ísfisktogara.
Uppl. í síma 8963939



Smíðir óskast til framtíðarstarfa

Purfa að geta unnið sjálfstætt og skilað vönduðum vinnubrögðum. Starfsvettvangur er þjónusta við ýmsar stofnanir, húsfélög og fyrirtæki í smáum sem stórum verkum. Ásamt viðhaldi og breytingum innan- sem utanhús. Eingöngu góðir smíðir koma til greina.

Upplýsingar gefur Jón Sigurðsson í síma 660 0350

HÉR ER ÁHUGAVERT FYRIRTÆKI! Viltu kaupa eða sameinast?

Við eigum vel rekið og vaxandi fyrirtæki sem hefur með höndum innflutning, heildsölu og smásölu, bæði á fyrirtækja- og einstaklingsmarkaði. Að hluta til er um að ræða rekstrarvörur fyrir atvinnubíla.

Vel skilgreindar vörur og markaðir. Sterk viðskiptasambönd, góð markaðsgögn og sérlega öflug heimasíða.

Ársvelta er rúmlega 100 millj. og góður hagnaður.

Áhugavert fyrir fyrirtæki sem leita leiða til að stækka í gegnum kaup eða sameiningu. Mjög áhugavert fyrir fyrirtæki sem einnig eiga vannýtt atvinnuhúsnæði. Einnig mjög viðráðanlegt fyrir einstaklinga sem vilja hasla sér völl í fyrirtækjarekstri.

Möguleiki er að einn eigenda starfi áfram við fyrirtækið til skemmri tíma við stjórnun og/eða markaðsmál.

Áhugasamir sendi nánari upplýsingar um sig með tölvupósti á netfangið jan2008@visir.is fyrir 25. janúar nk.



Deildarlæknir á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Staða deildarlæknis á legudeild HSS er laus frá og með 1. febrúar 2008. Staðan er víðurkennd sem hluti kandidatsnáms. Æskilegur ráðningartími er 3-6 mánuðir.

Um er að ræða vinnu á 25 rúma deild með sérfræðingum í almennum lyflækningum, lungnasjúkdómum, hjartasjúkdómum, meltingarsjúkdómum, krabbameinslækningum, almennum skurðlækningum, beinaskurðlækningum, kvensjúkdómum, háls- nef og eyrnasjúkdómum og barnasjúkdómum.

Við leggjum mikla áherslu á kennslu og þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum. Við þurfum á duglegum einstaklingi sem hefur áhuga á klíník, er lipur í umgengni og treystir sé vel til þess að vinna með fjölskrúðugum, þverfaglegum hópi starfsfólks.

Vaktir tengjast heilsugæslu HSS og eru tveir læknar á vakt allan sólarhringinn og þar af annar sérfræðingur. Greiður aðgangur er að bakvöktum lyflækna og skurðlækna.

Laun samkvæmt samningum. Umsóknarfrestur er til 1. febrúar og geta umsóknir gilt í 6 mánuði.

Upplýsingar veita yfirlæknarnir Sigurður Þór Sigurðarson (sigurdur@hss.is) og/eða Sigurður Árnason (sigurdurarna@hss.is) í síma 4220500

HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURNESJA

SKÓLAVEGI 6 • 230 REYKJANESBÆ • WWW.HSS.IS • HSS@HSS.IS

» Ráðningartjónusta

Bókhald/skrifstofustarf

Fyrirtæki í framleiðslu og verslunarrekstri leitar að starfsmanni í fjölbreytt bókhaldsstarf.

Vinnutími er frá kl. 08:00/09:00 til kl. 16:00/17:00.

» Starfssvið

- Frágangur bókhalds í hendur endurskoðanda
- Útsending reikninga og utanumhald
- Launavinnsla
- Söluuppgjör

» Hæfniskröfur

- Haldbær reynsla/þekking á bókhaldi
- Tölugleggni og vönduð vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

» HH Ráðgjöf • Fiskilóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

» Ráðningartjónusta

Heildverslun á sviði innflutnings á lyfturum, vélum og tækjum leitar að starfsmanni í fjölbreytt skrifstofustarf annars vegar og lagerstjórnun og útkeyrslu hins vegar.

Skrifstofustarf/innkaupafulltrúi

» Starfssvið

- Innkaup varahluta og sala til viðskiptavina
- Samskipti við erlenda birgja
- Pantanamóttaka og símsvörun
- Ýmis tilfallandi verkefni

» Hæfniskröfur

- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Þekking/áhugi á vélum og tækjum
- Rík þjónustulund, stundvísi og reglusemi
- Menntun á sviði bifvélavirkjunar eða vélvirkjunar kostur

Lagerstjórnun/útkeyrsla

» Starfssvið

- Útkeyrsla pantana innanbæjar
- Standsetningar nýrra tækja
- Lagerstjórnun stórlagers

Leitað er að handlögnum einstaklingi með brennandi áhuga á vélum og tækjum.

Nánari upplýsingar um störfín er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um störfín þar.


» HH Ráðgjöf • Fiskilóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



Óskum eftir 10 eldklárum, hana
reyndum, gallhörðum, fluggáfu
mannblendnum, röggsum, s
stundvísnum, samviskusömum,
heiðarlegum, mannlegum, kurt
snyrtilegum en þó umfram allt

PICTURE



VÉLASVIÐ KLETTAGÖRÐUM - ÞJÓNUSTUDEILDIR

Óskað er eftir starfsmönnum á vélaverkstæði HEKLU. Vélasvið HEKLU flytur inn og þjónustar m.a. eftirtalin vörumerki: Caterpillar vinnuvélar, aflvélar og sjóvélar, Scania flutningabíla, Caterpillar lyftara, Goodyear hjólbarða og Hiab krana. Boðið er upp á úrvals aðstöðu til viðgerða og viðhalds, gott tæknilegt umhverfi, ásamt miklum möguleikum á þjálfun og endurmenntun.

Vinnuvélar/aflvélar

Starfsmenn í vinnuvélaþjónustu sinna almennri viðhaldsvinnu og viðgerðum á stórum og smáum Caterpillar vinnuvélum og/eða aflvélum. Óskað er eftir fagmenntuðum vélvirkjum, vélfræðingum, bifvélavirkjum eða viðgerðamönnum með reynslu.

Lyftarar

Starfsmenn í lyftaraþjónustu sinna almennri viðhaldsvinnu og viðgerðum á Caterpillar lyfturum. Óskað er eftir fagmenntuðum vélvirkjum eða viðgerðamönnum með reynslu.

Flutningstæki

Starfsmenn í flutningatækjaþjónustu sinna almennri viðhaldsvinnu og viðgerðum á Scania vörubílum og ábyggingum sem þeim fylgja. Óskað er eftir fagmenntuðum bifvélavirkjum eða viðgerðamönnum með reynslu.

Nánari upplýsingar um störf á vélaverkstæði veitir Sveinn Simonarson, þjónustustjóri vélasviðs, (svsi@hekla.is).

dlögnum, úrræðagóðum, þaul-
ðum, sjóuðum, óhræddum,
sjálfstæðum, þrælduglegum,
kankvísnum, smekklestum,
eisum, bráðsnjóllum, hrífandi,
skemmtilegum starfskröftum.



BÍLASVIÐ - SÖLUDEILDIR

Umsjónarmaður rekstrarleigu

Starfsmaður hefur umsjón og utan-
umhald með rekstrarleigusamningum.
Starfssviðið tekur til þjónustu frá
skráningu nýs samnings, á gildistíma
samnings, við svörun fyrirspurna og
við lokun/uppgjör samninga.

Sölumaður á Bílaþing

Sölumaður Bílaþings sinnir daglegum
sölustörfum, veitir ráðgjöf, viðheldur
núverandi viðskiptatengslum og aflar
nýrra viðskiptavina.

Nánari upplýsingar um störf á Bílaþingi veitir
Daði Harðarson, sölustjóri Bílaþings
(dh@hekla.is).

Sölumaður VW atvinnubíla

Sölumaður atvinnubíla sinnir daglegum
sölustörfum, veitir ráðgjöf, viðheldur
núverandi viðskiptatengslum og aflar
nýrra viðskiptavina.

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Marínó B. Björnsson sölustjóri nýrra bíla
(mb@hekla.is).

BÍLASVIÐ - ÞJÓNUSTUDEILDIR

Bifvélavirki, vélvirki og vanur viðgerðamaður

Starfsmenn á verkstæðum sinna
almennri viðhaldsvinnu og viðgerðum
á þeim bifreiðum sem HEKLA hefur
umboð fyrir. Vörumerki sem HEKLA
flytur inn og þjónustar eru VW, Skoda,
Audi, VW atvinnubílar og Mitsubishi.
Boðið er upp á úrvals aðstöðu til
viðgerða og viðhalds, gott tæknilegt
umhverfi ásamt miklum möguleikum
á þjálfun og endurmenntun.

Þjónustuver/móttaka

Starfsmenn í þjónustuveri og í verk-
stæðismóttöku sjá um tímabókanir, skrá
upplýsingar í verkþókhaldskerfi, veita
upplýsingar um stöðu verkefna og sjá
um útskrift reikninga að þjónustu
lokinni.

Nánari upplýsingar um störfin veitir
Gunnar Val Friðriksson, þjónustustjóri bílasviðs,
(gvf@hekla.is).

HEKLA er stærsti sölu- og þjónustuaðili bíla og véla á Íslandi. Árið 2007 var það stærsta í sögu félagsins og við stefnum enn hærra á þessu ári.
Markmið HEKLU er að vera áfram í fararbroddi hvað varðar þjónustu til viðskiptavina og markaðssetningu þeirrar vöru sem fyrirtækið selur og þjónustar.

Vinsamlegast sendið umsókn og ferilsskrá til Valdísar Arnórsdóttur, starfsmannastjóra, á netfangið va@hekla.is. eða á heimasíðu okkar.

Svið nýrra virkjana OR auglýsir eftir rafmagnsverkfræðingi

Svið nýrra virkjana Orkuveitu Reykjavíkur skiptist í rannsóknardeild, hönnunardeild og framkvæmdadeild. Stærstu verkefni sviðsins eru Hellisheiðarvirkjun, stækkun hennar og nýjar virkjanir við Hverhlíð og Bitru.

Við sækjumst eftir dugmiklum og jákvæðum einstaklingi, sem getur axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni.

Helstu ábyrgðarsvið

- Verkefnastjórn og yfirumsjón einstakra verkefna vegna virkjanaframkvæmda

Hæfniskröfur

- Rafmagnsverkfræði
- Haldbær reynsla af verkefnastjórn
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum

capacent RÁÐNINGAR

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks við að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er. Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

www.or.is

Sérfræðingar á fjármálasviði

Orkuveita Reykjavíkur leitar að öflugum einstaklingum til starfa á fjármálasviði fyrirtækisins. Fyrirtækið sækist eftir dugmiklum og jákvæðum starfsmönnum sem geta axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni.

Sérfræðingur á fjármálasviði

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Umsjón með fjárhagsupplýsingakerfi (Agresso) Orkuveitu Reykjavíkur og aðstoð við notendur
- Þátttaka í uppgjörum fyrirtækisins og dótturfyrirtækja
- Þróun verkferla og skýrslugerða

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða hagfræði eða sambærilegt
- Góð tölvukunnátta skilyrði
- Frumkvæði og öguð vinnubrögð,
- Metnaður og hæfni í mannlegum samskiptum

Sérfræðingur hjá innkaupastjórnun

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Samningastjórn
- Umsjón með útboðum fyrirtækisins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði lögfræði eða sambærilegt
- Reynsla af verkefnastjórn
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði, öguð vinnubrögð, metnaður og hæfni í mannlegum samskiptum

capacent RÁÐNINGAR

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður Dröfn Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með 3. febrúar.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er. Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

www.or.is

Framleiðslusvið OR auglýsir eftir sérfræðingum

Framleiðslusvið er eigandi og forsjáraðili allra virkjana og virkjunarsvæða sem OR á og rekur. Hlutverk sviðsins er rekstur eigin kerfa til að mæta þörfum viðskiptavina OR á sem bestan hátt. Framleiðslusvið hefur frumkvæði að framtíðarþróun, skipuleggur fjárfestingar og stýrir þeim.

Við sækjumst eftir dugmiklum og jákvæðum einstaklingum, sem geta axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni.

Stjórnkerfi og tengdur búnaður:

Um er að ræða tvær stöður rafmagnsverk- eða tæknifræðings í verkefni tengd stýri- og stjórnkerfum tengd vélbúnaði.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Þróun stýrikerfa og stjórnbúnaðar
- Gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana fyrir slíkan búnað
- Hagkvæmnirannsóknir og bestun kerfa
- Forsendugerð og gangsetning verkefna
- Eigendahlutverk á verkefnum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í rafmagnsverk- eða tæknifræði
- Starfsreynsla og þekking á iðnstýringum er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, áhugi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar og þekking á verkefna-stýringu

Hitaveitukerfi og tengdur búnaður:

Um er að ræða eina stöðu vélaverk- eða tækni-fræðings í verkefnum tengd hitaveitukerfum.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Umsjón með uppbyggingu og þróun dælu-stöðva hitaveitu
- Umsjón með virkjun lághitasvæða
- Gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana fyrir hitaveitukerfi
- Hagkvæmnirannsóknir og bestun kerfa
- Forsendugerð og gangsetning verkefna
- Eigendahlutverk á verkefnum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í vélaverk- eða tæknifræði
- Starfsreynsla og þekking á iðnstýringum er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, áhugi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar og þekking á verkefna-stýringu

Jarðgufuvirkjanir:

Um er að ræða sérfræðing í vélbúnaði og kerfum jarðgufuvirkjana.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Umsjón og viðhald á búnaði virkjana
- Forsendugerð og gangsetning verkefna
- Umsjón með borverkum fyrir Framleiðslusvið
- Eigendahlutverk á verkefnum
- Áætlanagerð, hagkvæmnirannsóknir og bestun kerfa

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í vélaverk- eða tæknifræði eða sambærileg menntun
- Starfsreynsla og þekking á jarðgufuvirkjunum er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, áhugi og sjálfstæði í vinnubrögðum

capacent
RÁÐNINGAR

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. **Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar nk.**

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks við að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er. Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

www.or.is

KÍKTU Á CAPACENT.IS

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is.

Starfsmenn Capacent Ráðninga starfa eftir mótuðum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

- Capacent Ráðningar móttekur skráningar í gagnagrunn og umsóknir um ákveðin störf
- Ráðgjafi hefur samband við umsækjanda telji hann viðkomandi koma til greina í það starf sem í boði er
- Umsækjanda er ráðlagt að fylgjast með auglýstum störfum á heimasíðu Capacent
- Umsækjendum gefst kostur á að fylgja umsókn / skráningu eftir með því að panta viðtal hjá ráðgjafa
- Hægt er að fylgjast með framvindu auglýstra starfa á vef Capacent
- Ráðgjafi fær samþykki umsækjanda til að senda ferilskrá til fyrirtækis
- Umsagna er ekki leitað hjá þriðja aðila nema að fengnu samþykki umsækjenda
- Öllum umsækjendum um auglýst störf er svarað þegar gengið hefur verið frá ráðningu í starfið

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Viðskiptafulltrúi

Hátækni óskar eftir viðskiptafulltrúa

Viðkomandi þarf að hafa góða reynslu af sölustörfum, mikla þjónustulund, geta unnið sjálfstætt, hafa frumkvæði og haldgóða þekkingu á fjarskiptalausnum, talstöðvum og tetrabúnaði.

Viðkomandi mun annast sölu á vörum Hátækni til fyrirtækja, með sérstaka áherslu á fjarskiptabúnað.

Hátækni leitar að einstaklingum af báðum kynjum. Leitað er að einstaklingum með haldgóða tölvukunnáttu, góða þjónustulund og samskiptahæfni. Öguð og nákvæm vinnubrögð, auk stundvísi og reglusemi. Lágmarksaldur er 20 ár.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist í tölvupósti á tölvupóstfangið hataekni@hataekni.is. Umsóknarfrestur er til **31. janúar**.



Ármúli 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

Hátækni var stofnað árið 1985 og er nú orðið eitt öflugasta fyrirtæki landsins í sölu farsíma, flatskjáa, magnara, hátalara og fleiri vara. Hátækni dreifir vörum til endursöluaðila um land allt, auk þess sem fyrirtækið rekur glæsilega verslun að Ármúla 26 og eina þekktustu loftræstideild landsins að Dalvegi í Kópavogi. Hjá Hátækni starfa um 50 manns, samhentur og öflugur hópur starfsmanna sem keppir ótullega að því að þjóna viðskiptavinum fyrirtækisins á sem bestan hátt. **Við leggjum mikið upp úr góðum liðsanda og vellíðan fólks í starfi.**

NOKIA | HITACHI | YAMAHA | HTC | CREATIVE | MOTOROLA | KEF | PALLADINE



Styrkir

vegna starfsmenntunar

Starfsmenntaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna starfsmenntunar í atvinnulífnum, sbr. lög nr. 19/1992 um starfsmenntun í atvinnulífnum

Hefðbundnir styrkir

Starfsmenntaráð hvetur umsækjendur til að sækja um verkefni sem falla undir eftirfarandi áherslur:

1. Verkefni sem snúa að starfsmönnum:

Gæðaverkefni sem nýtast þeim hópum sem höllum fæti standa á vinnumarkaði s.s. vegna félagslegrar stöðu, uppruna, tungumálaerfiðleika, líttillar fyrri menntunar, lestrarörðugleika, fötlunar, eða skorts á tölvuþekkingu.

2. Verkefni sem snúa að fyrirtækjum:

Verkefni á vegum fyrirtækja sem hvorki hafa starfskrafta né sjálfstætt fjárhagslegt bolmagn til öflugrar innri starfsþróunar og þekkingar-uppbyggingar.

Forgangs við úthlutun njóta verkefni sem falla undir ofangreindar áherslur starfsmenntaráðs. Að venju er ráðið samt reiðubúið að meta umsóknir um mikilvæg verkefni sem falla utan áherslna ráðsins.

Rannsóknarverkefni

Við úthlutun úr starfsmenntasjóði á árinu 2008 verður ákveðnum hluta þess fjár sem Starfsmenntaráð hefur til úthlutunar, varið í rannsóknarverkefni sem nýst geta frekari framþróun starfsmenntunar í landinu. Umsækjendur eru hvattir til að sækja um verkefni sem falla undir eftirfarandi skilgreiningar:

Stór

- Rannsókn eða greining á því hvað það er sem veikir stöðu einstaklinga á vinnumarkaði s.s. félagsleg staða, uppruni, tungumálaerfiðleikar, líttill fyrri menntun, lestrarörðugleikar, fötlun, eða skortur á tölvu-þekkingu. Verkefnið feli jafnframt í sér tillögur til úrbóta.
- Greining á stöðu starfsmenntamála á Íslandi og í nágrannalöndunum og framsetning á þeim niðurstöðum.

Smærri

- Greining á veikleikum í núverandi stöðu eða kerfi. Þarfagreining – hvar starfsmenntun sé mest þörf og hverjir séu best til þess fallnir að sjá um hana.
- Nýjungar í aðferðum.

Áhersla er lögð á að öll verkefni sem sótt er um styrk til séu vel undirbúin og umsóknir vandaðar.

Eingöngu er tekið við umsóknum á rafrænu formi á heimsíðu Starfsmenntaráðs, www.starfsmenntarad.is.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Starfsmenntaráðs.

www.starfsmenntarad.is

Atvinna óskast!

24 ára gömul kona, sem lokið hefur prófi í fjölmiðlafræði auk þess að vera á þriðja ári í B.Sc. tölvunámi í HR, óskar eftir vinnu með námi.

Skrifar og talar ensku auk þökkalegrar íslensku. Talar og skrifar lýtalausa rússnesku.

Upplýsingar í síma 895 0594
isl-russ@simnet.is

Húsgagnaverslun óskar eftir:

*Lagerstjóra

almenn lagerstjóri ásamt úrkeyslu - góð laun í boði

*Starfsmanni í afgreiðslu

hálfadags- eða hlutastarfi í verslun - góð laun í boði

Umsóknir með upplýsingum um aldur og fyrri störf sendist á david@husaco.is eða á Akralind 4, 201 Kópavogur. Frekari upplýsingar veitir Davíð Ólafsson í síma 544 2290 eða á david@husaco.is.

BOHEMIA Akralind 4 - Kópavogur - sími 544 2290 - www.bohemia.is



Starfsmaður óskast til afgreiðslu og sendlastarfa.

Umsækjandi þarf að vera eldri en 20 ára.

Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund og áreiðanleiki.
- Stundvísi og góður í mannlegum samskiptum.
- Enskukunnátta.
- Einhver tölvukunnátta æskileg.

Umsóknir sendist á netfangið jon@abvarahlutir.is



Aðstoðarmaður í iðjuþjálfun

Laus er staða aðstoðarmanns við iðjuþjálfun nú þegar. Starfið er fjölbreytt og felst m.a. í að leiðbeina skjólstæðingum við ýmis konar handverk og vinnu við tölvur, léttir tiltekt, símsvörun og tilfallandi skrifstofustörfum. Kjörið tækifæri fyrir þá sem hyggja á nám í iðjuþjálfun að kynna sér fagið. Starfið krefst góðrar færni í samskiptum, tölvukunnáttu, þjónustulundar og æskilegur er áhugi á handverki.

Upplýsingar veitir Lilja Ingvarsson forstöðuiðjuþjálfari í síma 585-2153 eða senda má tölvupóst á liljaing@reykjalundur.is Umsóknarfrestur er til 4. febrúar 2008.

Á Reykjalundi fer fram öflug endurhæfing á 9 sviðum. Á iðjuþjálfunardeildinni starfa 17 iðjuþjálfar og 3 aðstoðarmenn.



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Grandaskóli

óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi störf:

- **Proskapjálfa**, 75 - 100 % starfshlutfall.
- **Matráði starfsmanna**, 75 % starfshlutfall.
- **Umsjónarmanni skóla**, 100 % starfshlutfall.
- **Skólalíða**, m.a. til að sinna baðvörslu stúlkna, 75 - 100 % starfshlutfall

Umsóknarfrestur til 1. febrúar 2008

Nánari upplýsingar gefa Börkur skólustjóri borkur@grandaskoli.is og Inga aðstoðarskólustjóri inga@grandaskoli.is, sími 5611400

Grandaskóli stendur við sjávarsíðuna í vesturbæ Reykjavíkur. Nemendur eru um 290 talsins í 1. - 7. bekk og við skólann starfa um 50 starfsmenn. Mikill stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi skólans og í hópnum ríkir fagmennska, metnaður og góður andi.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðingur má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá síma 5611400 Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

BYGGINGA- OG TÆKNIDEILD

BYGGINGATÆKNIFRÆÐINGUR

Við Bygginga- og tæknideild er laust til umsóknar starf byggingatæknifræðings, sem vinnur með byggingastjóra að mál-efnum sem lúta að framkvæmdum á vegum Háskólans.

Krafist er menntunar á sviði byggingatæknifræði eða sambærilegrar menntunar en auk þess er gerð krafa um reynslu af verklegum framkvæmdum, eftirliti, úttektum og gerð verk- og kostnaðaráætlana. Þá er góð almenn tölvuþekking nauðsynleg og þekking á AutoCAD er æskileg. Sjálfstæði í störfum, frumkvæði, metnaður í starfi, skipulagshæfileikar, nákvæmni í vinnubrögðum, lipurð í samskiptum og góð þjónustulund eru nauðsynlegir eiginleikar.

Sjá nánar á www.hi.is/page/storf og www.starfatorg.is/

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans

Háskóli Íslands v/Suðurgötu, 101 Reykjavík, s. 525 4000



ÆVINTÝRALEG STÖRF Í BOÐI!

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins óska að ráða starfsfólk í fullt starf/hlutastarf. Um er að ræða fjölbreytt og skemmtileg störf í hreinu fjallalofti, s.s. lyftuvörslu, miðasölu og veitingasölu um helgar.

- ▶ Umsækjendur verða að vera áreiðanlegir, tilbúnir í mikla vinnu og hafa gaman af útiveru.
- ▶ Ekki er nauðsynlegt að hafa bíl til umráða. Störfin henta fólki á öllum aldri, konum og körlum, strákum og stelpum.
- ▶ Vinnutími fyrir 100% starf er breytilegur. Mikill þegar opið er og í kringum opnun en annars minni.
- ▶ Vinnutími fyrir hlutastarf: Eingöngu unnið þegar opið er í fjöllumum. Einnig er hægt að bjóða upp á fastar vaktir.

Um tímabundna ráðningu er að ræða eða út apríl 2008. Laun eru skv. kjarasamningum Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkur.

Áhugasamir vinsamlegast sækjið um á heimasíðu skíðasvæðanna www.skidasvaedi.is eða sendið umsókn á Magnús Árnason, magnus@skidasvaedi.is

Íþrótt- og tólmundastofu Reykjavíkur | Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 | Bréfsími 411 5009 | www.itr.is | itr@itr.is



ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Vefforritari Web Designer/Programmer

Við óskum að ráða forritara til starfa í tengslum við nýtt verkefni, deCODEme.com. deCODEme er fyrsta vefþjónusta sinnar tegundar í heiminum og veitir notendum einstaklingsbundar erfðaupplýsingar, byggðar á yfir milljón mæligildum fengnum úr lífsýnum þeirra. Um er að ræða sérlega spennandi tækifæri fyrir einstaklinga sem hafa áhuga á að vinna með öflugum teymi forritara við fjölbreytt og krefjandi verkefni í einstöku vefhugbúnaðarkerfi. deCODEme er þróað í Ruby on Rails ásamt Java, Python og Oracle gagnagrunni.

Hæfniskröfur: Við leitum að öflugum forriturum með haldgóða reynslu og trausta þekkingu á helstu tækni er tengist vefgerð, m.a. HTML, XHTML, CSS, JavaScript, Flash, Flex og ActionScript. Þekking á helstu þróunartólum deCODEme ásamt reynslu af vennisluðum gagnagrunnum er einnig gagnleg.

Verkefnisstjóri í Smitsjúkdómadeild Project leader - Infectious Diseases

Við leitum að vísindamanni til að leiða verkefni innan smitsjúkdómadeildar sem hafa það að markmiði að einangra og rannsaka erfðabreytileika sem tengjast smitsjúkdómum. Við rannsóknirnar eru tvíannaðar saman aðferðir sameindalíffræði, tölfraði, erfðafræði og lífefnafræði. Unnið er í hópum í náinni samvinnu erfðarannsóknarviðs við aðrar deildir fyrirtækisins sem og stofnanir og háskóla í Bandaríkjunum, Evrópu, Afríku og Asíu.

Hæfniskröfur: Háskólapróf (Ph.D. eða M.D.) í sameindalíffræði, lífefnafræði, læknisfræði, tölfraði og stærðfræði eða skyldum greinum. Reynsla af störfum á rannsóknarstofu er nauðsynleg. Við leitum að öguðum, duglegum og sjálfstæðum einstaklingi sem vinnur vel í hóp.

Sérfræðingur á erfðarannsóknarviði Research Associate/Scientist – Population Genomics

Íslensk erfðagreining leitar að sérfræðingum til starfa á erfðarannsóknarviði, við rannóknir á algengum sjúkdómum. Verkefni felast í úrvinnslu gagna í meingengaleit þar sem tvíannaðar eru saman aðferðir sameindalíffræði, erfðafræði og lífefnafræði. Störfin eru unnin í hópum sem starfa saman að ákveðnum sjúkdómsverkefnum í samvinnu við aðra sérfræðinga og hópstjóra Íslenskrar erfðagreiningar.

Hæfniskröfur: Háskólapróf (B.Sc. eða M.Sc.) í sameindalíffræði, lífefnafræði eða skyldum greinum. Við leitum að duglegum, sjálfstæðum og metnaðarfullum einstaklingum sem sem eru skipulagðir og eiga auðvelt með að vinna í hóp.

Sérfræðingur í Lífsýnadeild Research Associate – Biological materials

Íslensk erfðagreining leitar að sérfræðingi í Lífsýnadeild fyrirtækisins, um er að ræða einangrun á DNA úr lífsýnum, frumuræktun, undirbúning DNA sýna fyrir arfgerðagreiningu ásamt umsjón með lífsýnabanka.

Hæfniskröfur: Háskólapróf (B.Sc.) í sameindalíffræði, lífeindafræði, lífefnafræði eða skyldum greinum. Við leitum að duglegum, þjónustulundum og röskum einstaklingi sem er sjálfstæður, skipulagður og á auðvelt með að vinna með öðrum.

Umsækjendur um sérfræðingsstöður eru beðnir að láta fylgja með umsókn stutt yfirlit um reynslu af rannsóknarstörfum, þ.m.t. aðferðir sem notaðar voru, auk lýsingar á áhugasviði. Íslensk erfðagreining býður góð launakjör, góða starfsþjálfun og starfsumhverfi sem einkennist af nýsköpun og góðum starfsanda.



Íslensk erfðagreining er í fararbroddi rannsókna á erfðum algengra sjúkdóma. Sú þekking sem skapast í erfðarannsóknnum er nýtt til þróunar greiningarprófa og til lyfjapróunar. Fyrirtækið býður starfsmönnum upp á mikla möguleika á starfsþróun og símenntun í alþjóðlegu starfsumhverfi sem einkennist af nýsköpun, hugmyndavinnu og góðum starfsanda.

Nánari upplýsingar má finna á vefnum www.decode.is eða hjá starfsmannþjónustu ÍE Tölvupóstur: careers@decode.is



TRYGGINGASTOFNUN

Barnalæknir

Tryggingastofnun ríkisins hefur verið falin framkvæmd á lögum um greiðslur til foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Því hefur verið ákveðið að ráða barnalækni í hlutastarf. Helsta verkefni læknisins verður læknisfræðileg ráðgjöf í málum sem snúa að börnum og fjölskyldum þeirra. Læknirinn mun taka þátt í mótun verkferla í hinum nýja málaflökki.

Hæfniskröfur:

- Sérfræðiréttindi og reynsla í sérgrein sem nýtist í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni í þverfaglegu samstarfi og miðlun þekkingar
- Nákvæm og vandvirk vinnubrögð
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður í starfi

Nánari upplýsingar veita Haraldur Jóhannsson yfirlæknir og Hallveig Thordarson deildarstjóri í síma 560 4400.

Umsóknarfrestur er til 4. febrúar 2008.

Vinsamlegast sendið umsóknir og starfsferilskrár rafrænt (starf@tr.is) eða í pósti til starfsmannþjónustu Tryggingastofnunar, Laugavegi 114, 150 Reykjavík. Í umsóknum skulu koma fram ítarlegar upplýsingar um menntun og fyrri störf. Öllum umsóknum verður svarað þegar niðurstaða um ráðningu liggur fyrir.

Sjá einnig upplýsingar um auglýst störf á www.tr.is

Rahmqvist

Rahmqvist-félagið er með starfsemi í 10 Evrópulöndum og Bandaríkjunum og hjá okkur vinna um 500 manns. Við helgum okkur þróun og sölu á einstökum framleiðsluvörum undir eigin vörumerkjum, sem sérsníðnar eru fyrir viðskiptavinum. Vörulínan samanstendur af skrifstofu- og kennsluvörum, fylgihlutum fyrir tölvu, ergónómískar vörur og hringingingarvörur. Við leggjum okkur fram um að bjá daglegt vinnuumhverfi fólka með því að bjóða einfaklar, hagnýtar og umhverfisvænar sérvörur í hesta gæðaflokki beint til notandans.

Við leitum að SÖLURÁÐGJAFÁ sem vill ná LANGT í starfi!

Rahmqvist-félagið eykur umsvif sín á Íslandi.

Við leitum því að manneskju sem vill ná langt í starfi. Reynsla af sölumennsku er nauðsynleg til að vera góður fyrirlíði í Rahmqvist-félaginu. Við leggjum því áherslu á leiðtogaþálfun þar sem byrjað er á sölu og endað sem kandidat fyrir leiðtogastöðu. Að lokinni þálfun er möguleiki á að þú verðir ábyrgur fyrir íslenska markaðnum.

Við bjóðum

persónulega kennslu
persónulegan yfirmann
einstakar vörur sem hafa fengið góðar viðurðingur á evrópskum markaði
launatryggingu + sólulaun
traust
framsamgæmleika í starfi

Við væntum þess að þú:

sért 25 ára eða eldri
sért vinnusöm/samur og vitir að það að leggja sig fram borgar sig
viljir vinna í hröðu og skemmtilegu umhverfi
sért opin(n), ung(ur) í anda og eigir auðvelt með að koma á samböndum
vinnir markvisst og skipulega
hafir sjálfstraust
getir unnið sjálfstætt
viljir af heilum huga vera góður leiðtogi



Sendu umsókn fyrir 28. janúar 2008 á netfangið:
sigurdur.kristjansson@rahmqvist.com

Eric Rahmqvist A/S
Vibeholms Allé 21 • 2605 Brøndby • www.rahmqvist.com

Við erum mjög sveigjanlegir hvað varðar menntun og starfsreynslu, við höfum mestan áhuga á þér og hvernig persónuleiki þú ert.

► Með skilningi á þörfum fólks, alúð og góðum vörum vex hagur Brimborgar hratt. Á aðeins fjórum árum hefur fyrirtækið þröfaldast að stærð og stefnir það á að verða vinsælasta bílaumboð landsins þar sem traust og öryggi í viðskiptum er haft að leiðarljósi. Í Reykjavík og á Akureyri starfa um 190 manns við að veita viðskiptavinum Brimborgar faglega ráðgjöf og þjónustu fyrir Ford, Volvo, Citroën, Lincoln, Daihatsu,

Mazda, Volvo vörubíla, Volvo vinnuvélar, Volvo Penta bátavélar, Volvo strætisvagna og Volvo rútur. Hiab bílkrana, Pirelli og Nokian hjólaröð.

Brimborg leitar að einstaklingi sem hefur metnað til að láta hæfileika sína njóta sín í stórum hópi frábærra fagmanna sem starfa undir fána Brimborgar.

Umsóknarfrestur er til 28. jan. n.k.

Bifvélavirki eða vélvirki á Akureyri

Við leitum að bifvélavirkja eða vélvirkja á atvinnutækjaverkstæði okkar við Tryggvabraut 5 Akureyri

Stutt lýsing á starfi

- Bilanagreining á dráttavélum, landbúnaðartækjum, vinnuvélum og vörubílum
- Viðgerðir á dráttavélum, landbúnaðartækjum, vinnuvélum og vörubílum

Hæfniskröfur

- Menntun: Bifvélavirki, vélvirki eða nemi, nokkuð langt kominn í námi
- Reynsla af viðgerðum á landbúnaðartækjum, vinnuvélum eða vörubílum
- Grunnþekking í tölvum
- Góð enskukunnátta
- Gilt bílpróf

Nánari upplýsingar

Vinnutími er frá 8:00 -16:30 mánudaga til fimmtudaga og frá 8:00 -16:00 föstudaga. Skelltu þér á netið www.brimborg.is og sæktu um starfið. Frekari upplýsingar veitir Jón Árelíus Þorvaldsson, framkvæmdastjóri hjá Brimborg Akureyri í síma 462 2700.

Umsóknarfrestur er til 28. janúar 2008.

Þú sækir um á netinu, www.brimborg.is. Núna.

brimborg

Öruggur staður til að vera á



Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is | brimborg@brimborg.is

HVERNIG VERÐUR MAÐUR... STJÖRNUFRÆÐINGUR?

Undirstaðan eðlisfræði og stærðfræði

Þrátt fyrir að á Íslandi verði maður ekki var við að stjörnufræðingur séu margir þá hafa þúsundir vísindamanna um heim allan stjörnufræðina að lifibrauði. Hér á landi er hægt að velja námsleiðir í Háskóla Íslands sem undirbúa fólk vel fyrir frekara nám í stjarnvísindum.

Nám

Skynsamlegt er fyrir menntaskólanema að velja stærðfræði- eða náttúrubraut sem undirbúning fyrir háskólanám. Undirstaðan í stjörnufræði er eðlisfræði og því mikilvægt að kunna góð skil á henni. Í Háskóla Íslands er boðið upp á ýmsar námsleiðir í grunnnámi eðlisfræði til BA-prófs (eðlisfræði, há-tæknieðlisfræði og jarð-eðlisfræði) og nokkur námskeið sem tengjast beint stjörnufræði. Þó svo að eðlisfræði sé undirstöðugrein þá hafa sumir stjörnufræðingar líka bakgrunn í efnafræði, jarðfræði eða líffræði. Í Háskóla Íslands er einnig boðið upp á meistaranám í stjarnvísindum en síðan þarf að leita út fyrir landsteinana.


Helstu námsgreinar

Námskeiðin almenn stjarnvísindi, stjarnvísindi 1 og 2 og líf í alheimi eru öll kennd í eðlisfræðinámi til BA-prófs. Sérsviðin eru fjölmörg og má þar nefna reikistjörnufræði, sólstjörnufræði, vetrarbrautfræði, stjörnufræði, heimsfræði og fleiri. Fjölbreytnin er mikil og vettvangurinn er liflegur þar sem rannsóknarmenn úr öllum heimshlut-

um vinna að því í sameiningu að kanna himingeiminn og svara spurningum um eðli alheimsins.

Að loknu námi

Svið stjörnufræðinnar skiptist í tvo hluta: athugunarstjörnufræði og kennilega stjörnufræði. Margir stjörnufræðingar tilheyra báðum hópum. Í stuttu máli snýr athugunarstjörnufræði að því að nota sjónauka til að taka myndir og litróf af fyrirbærum á himninum og túlka þær en kennilega stjörnufræði snýst um að búa til eðlisfræðileg líkön af fyrirbærunum og reikna út eiginleika þess. Augu atvinnustjörnufræðinga geta ekki fylgst með nema broti af við-áttum geimsins og því kemur sér vel að til er fjöldi sjálfmenntaðra áhugastjörnufræðinga sem kanna himingeiminn líka og hefur framlag þeirra reynst mikilvægt. Oft starfa stjörnufræðingar við rannsóknir og kennslu jöfnum höndum.



Rétt val á persónuhlífum nauðsynlegt

Persónuhlífar án tilskilinna merkinga er að finna á íslenskum markaði.

Vinnueftirlitið hefur upplýsingar um að persónuhlífar sem ekki eru CE-merktar séu á markaðnum og í notkun á vinnustöðum. Með orðinu persónuhlíf er átt við hvers konar búnað eða tæki sem einstaklingar klæðast eða halda á, sér til verndar við vinnu, til dæmis endurskins- og hlífðarfátnað, öryggishjálma, heyrnarhlífar, öryggisskó, hlífðarhanska, fallvarnbúnað og öndunarfarahlífar.

Óheimilt er að setja á markað og taka í notkun persónuhlífar sem ekki eru CE-merktar. Mikilvægt er að hafa í huga að

ekki er hægt að treysta því að persónuhlíf sem ekki er CE-merkt uppfylli þær lágmarkskröfur um gæði og öryggi sem til hennar eru gerðar í reglum um gerð persónuhlífa.

Á vefsíðunni www.vinnueftirlit.is má fá upplýsingar um persónuhlífar.



Persónuhlífar eru búnaður eða tæki sem einstaklingur klæðist eða heldur á sér til verndar við vinnu.



Sunnulækjarskóli
Skóli með áherslu á þróunarstarf
og nýbreytni í starfsháttum
auglýsir eftir starfsfólki

Aðstoðarskólastjóri við Sunnulækjarskóla

Staða aðstoðarskólastjóra við Sunnulækjarskóla á Selfossi eru laus til umsóknar

Umsækjandi þarf að hafa kennarapróf, góða stjórnunar- og skipulagshæfileika, mikla hæfni í mannlegum samskiptum og frumkvæði í starfi. Þekking og færni á sviði stjórnunar, reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar.

Umsókn fylgi greinargerð þar sem fram komi hver er reynsla og menntun umsækjanda, hvaða sýn hann hefur á skólastarf, nýbreytni og hlutverk skólastjórnenda í skólastarfi.

Við Sunnulækjarskóla eru 340 nemendur í 1. - 7. bekk veturinn 2007 - 8 en einn árgangur mun bætast við skólann næstu þrjú árin. Frekari upplýsingar má finna á vef skólans <http://www.sunnulaekjarskoli.is> og hjá skólastjóra, Birgi Edwald í síma 480-5400 eða tölvupósti, birgir@sunnulaek.is.

Umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2008.

Laun fara eftir kjarasamningi LN og KÍ.

Umsókn sendist til skólastjóra Sunnulækjarskóla, Norðurhólum 1, 800 Selfossi.



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



Skapandi störf með skapandi fólki

Laus störf í leikskólum Reykjavíkurborgar

Leitað er eftir:

- Leikskólakennurum
- Proskapjálfum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

Leikskólakennarar/leiðbeinendur

Blásalir, Brekknaás 4, sími 557-5720
Brekuborg, Hlíðarhús 1, sími 567-9380
Drafnarborg, Drafnarstíg 4, sími 552-3727
Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515
Geislabaugur, Kristnibraut 26, sími 517 2560
Hamraborg, Grænuhlíð 24, sími 553-6905
Hálsaborg, Hálsaseli 27, sími 557-8360
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
Jöklaborg, Jöklalesi 4, sími 557-1099
Klettaborg, Dyrhómrúm 5, sími 567-5970
Laufskálar, Laufríma 9, sími 587-1140
Lækjaborg, við Leirulæk, sími 568-6351

Múlaborg, Ármúla 8a, sími 568-5154
Rofaborg, Skólabæ 6, sími 567-2290
Sjónarhóll, Völundarhús 1, sími 567-8585
Sólhlíð, við Engihlíð, sími 551-4870
Sæborg, Starhaga 11, sími 562-3664
Ösp, lðufelli 16, sími 557-6989

Leikskólasérkennari /proskapjálfi/atferlisþjálfari

Hálsaborg, Hálsaseli 27, sími 557-8360

Aðstoðarmaður í eldhúsi

Jöklaborg, Jöklalesi 4, sími 557-1099

Upplýsingar um lausar stöður veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum og mannauðsráðgjafar á Starfsmannabjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á www.leikskolar.is. Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuuglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Vélaverkstæði
Hjalta Einarssonar ehf.

LEITAR ÞÚ AÐ... ... NÝJUM FRAMTÍÐARMÖGULEIKUM?



Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar (VHE) óskar eftir að ráða til starfa:

- Vélvirkja
- Rennismiði
- Aðra málmiðnaðarmenn
- Vélhönnuði

Rekstur VHE er í miklum vexti og rekur fyrirtækið meðal annars:

Vélaverkstæði
Renniverkstæði
Fartækjaverkstæði
Smurstöð
Hönnunar og Tæknideild

Auk þessa erum við að byggja upp starfsemi fyrirtækisins í Fjarðabyggð.

Við leitum að fólki sem er tilbúið að vinna með okkur að uppbyggingu fyrirtækisins á komandi árum.

Upplýsingar gefur Ingi Rútsson í síma 896 1173 / 555 1170

Einnig er hægt að senda umsóknir og fyrirspurnir á ingi@stimir.is

VÉLAVERKSTÆÐI HJALTA EINARSSONAR EHF.
www.vhe.is - vhe@vhe.is
Sími: 565 1240 - Fax: 565 2243

KÍKTU Á CAPACENT.IS

ÁRANGUR Á ÖLLUM SVIÐUM

capacent

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

► Með skilningi á þörfum fólks, alúð og góðum vörum vex hagr Brimborg hratt. Á aðeins fjórum árum hefur fyrirtækið þrefaldast að stærð og stefnir það á að verða vinsælasta bílaumboð landsins þar sem traust og öryggi í viðskiptum er haft að leiðarljósi. Í Reykjavík og á Akureyri starfa um 190 manns við að veita viðskiptavinum Brimborgar faglega ráðgjöf og þjónustu fyrir Ford, Volvo, Citroën, Lincoln, Daihatsu,

Mazda, Volvo vörubíla, Volvo vinnuvélar, Volvo Penta bátavélar, Volvo strætisvagna og Volvo rútur. Hiab bílkrana, Pirelli og Nokian hjólbarða.

Brimborg leitar að einstaklingi sem hefur metnað til að láta hæfileika sína njóta sín í stórum hópi frábærra fagmanna sem starfa undir fána Brimborgar.

Volvo atvinnutækjasvið:

Þjónustufulltrúi í verkstæðismóttöku Volvo vinnuvéla og bátavéla

Volvo atvinnutækjasvið leitar að liprum þjónustufulltrúa og söluráðgjafa varahluta í verkstæðismóttöku fyrir Volvo vinnuvélar og Volvo bátavélar

Stutt lýsing á starfi

- Samskipti við viðskiptavinum Volvo vinnuvélasviðs
- Móttaka viðskiptavina fyrir viðgerðir á Volvo vinnuvélum og Volvo bátavélum
- Varahlutaráðgjöf til viðskiptavina og starfsmanna verkstæðis
- Gerð og frágangur reikninga oflr.

Hæfniskröfur

- Vélvirki/vélstjóri/bifvélavirki og/eða reynsla og þekking af tæknilegum atriðum sem snýr að vinnuvélum/bátavélum
- Gilt bílpróf
- Meirapróf - ekki skilyrði
- Góða þjónustulund
- Góða samskiptahæfileika
- Almenna tölvuþekkingu
- Góða íslensku- og enskukunnáttu

Nánari upplýsingar

Vinnutími er frá 7:45 -18:00 mánudaga til fimmtudaga og frá 7:45 -17:00 föstudaga.

Skelltu þér á netið www.brimborg.is og sæktu um starfið. Frekari upplýsingar veitir starfsmannasvið Brimborgar í síma 515-7188.

Umsóknarfrestur er til 28. janúar 2008.

Þú sækir um á netinu, www.brimborg.is. Núna.



Öruggur staður til að vera á



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 - 8, sími 515 7000 | www.brimborg.is | brimborg@brimborg.is



Einar Skúlason segir að sér finnst samfélagsleg verkefni skemmtilegast.

Í spennandi erindagjörðum

Einar Skúlason hefur sinnt starfi framkvæmdastjóra Alþjóðahússins í Reykjavík síðastliðin tæp fimm ár.

„Starfið mitt gengur út á að stýra daglegu starfi Alþjóðahússins og sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við vilja stjórnarinnar. Standa við þá samninga sem við höfum gert við samstarfsaðila og stjórna þessum tuttugu starfsmönnum sem starfa hér ásamt um 240 verkföllum,“ segir Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins. Einar er með BA-gráðu í stjórnmálafræði auk þess sem hann lauk MBA-námi frá Edinborgarháskóla í Skotlandi skömmu áður en hann tók við starfinu árið 2003.

Alþjóðahúsið er einkahlutafélag og sjálfseignarstofnun. Húsið er í senn upplýsingamiðstöð og málsvári fyrir innflytjendur, jafnframt sem veittar eru upplýsingar um málefni innflytjenda. „Við erum með tvo ráðgjafa í fullu starfi auk lögfræðings sem veitir innflytjendum upplýsingar og aðstoð við ýmis mál,“ útskýrir Einar, og segir frumkvæðið að stofnun hússins hafa komið frá Reykjavíkurborg. „Borgin rak á sínum tíma nýbúamiðstöð í Skerjafirði sem var undir Íþrótt- og tómstundaráði. Síðan vildu menn víkka út starfsemina og þá komu inn sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu: Kópavogur Hafnarfjörður, Seltjarnarnes og Reykjavíkurborg. Rauða kross Íslands. Ríkið var einnig með í undirbúningsferlinu en dró sig út og síðan stofnaði félagsmálaráðuneytið Fjölmenningssetur á Ísafirði í staðinn. Hins vegar kom ríkið að Alþjóðahúsinu í fyrsta sinn í fyrra. Þá fengu við örlítið af fjárlögum og gerðum samning við félagsmálaráðuneytið,“ segir Einar.

Týpískur dagur hjá Einari snýst mikið um fundarhald, bæði innanhúss og utan. „Innanhúsfundirnir snúast til dæmis um starfs-

mannamál og þau verkefni sem við erum með í gangi hverju sinni. Utanhúsfundirnir eru síðan um ýmis samstarfsverkefni, stefnumótun og upplýsingamiðlun. Þetta er umsvifamikil starfsemi og heilmikið umstang bæði varðandi rekstur og starfsmannahald. Síðan er þetta mikil pólitik og hugmyndafræði. Þess vegna er líka mikilvægt að átta sig á því hvað er að gerast í samfélaginu hverju sinni,“ segir Einar og bætir við: „Samfélagsleg verkefni eru það skemmtilegasta við starfið. Og ég vildi að ég hefði meiri tíma til þess að velja mér hvað er að gerast, sjá fyrir ákveðna þróun og reyna að hafa jákvæð áhrif á mál innflytjenda á Íslandi. Enda er margt sem þarf að breyta til að ná jöfnum rétti,“ útskýrir Einar og segir það leiðinlegasta við starfið að hafa ekki nægilegt fjármagn. „Það versta er að geta ekki framkvæmt allar þær góðu hugmyndir sem rata inn á borð til mín og þurfa sífellt að vera stífur í peningamálum og halda aftur, til að reksturinn gangi upp.“

Alþjóðahúsið er að sögn Einar's fjármagnað með 25 prósentu framlagi frá ríki og sveitarfélögum sem eru í samstarfi við húsið. Restinni er sjálfaflað með sölu á þjónustu á borð við námskeiðahald og túlkajónustu. „Við túlkum á 60 tungumálum og ráðum til þess verkataka og tókum umboðslausn. Síðan erum við með ýmis námskeið, meðal annars íslenskunámskeið fyrir útlendinga og námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir um fjölmenningsleg samskipti sem við sérsníðum að starfsemi hvers og eins,“ segir Einar sem er á leið til Danmerkur eftir helgi í spennandi erindagjörðum. „Fram undan er fundur hjá nýskipaðri nefnd með fulltrúum allra Norðurlandanna. Þessi nefnd mun síðan veita norræna menningarsjóðnum ráðgjöf um hvernig nálgast megi betur nýja íbúa Norðurlandanna og það verður spennandi að sjá hvað kemur fram á þessum fundi,“ segir Einar.

rh@rettladid.is



- Lifið heil

www.lyfja.is

Forstöðumaður Verslana- og markaðssviðs



Lyfja hf. leitar að metnaðarfullum og drífandi starfsmanni í starf forstöðumanns Verslana- og markaðssviðs. Á verslana- og markaðssviði eru 5 starfsmenn.

Starfs- og ábyrgðarsvið

Yfirumsjón með daglegum rekstri verslana Lyfju, Apóteksins og Heilsuhússins, sölu- og markaðsmálum, útliti verslana og vörufuramsetningu. Mótun markaðsstefnu, framkvæmd hennar og gerð sölu- og markaðsáætla. Yfirumsjón með innkaupum annarra vara en lyfseðilsskyldra lyfja og birgðastýring. Eftirlit með að rekstur verslana Lyfju hf. sé samkvæmt áætlun og brugðist sé við frávikum. Sýna frumkvæði að nýjungum í rekstri og leita leiða til hagræðingar. Seta í framkvæmdastjórn Lyfju hf.

Menntun og hæfniskröfur

Háskólapróf á sviði viðskipta. Menntun og/eða þekking í lyfjafræði er kostur. Reynsla af rekstri er æskileg. Reynsla og þekking á markaðsmálum. Færni í mannlegum samskiptum og geta til að vinna með ólíkum hópum fólks. Öryggi í framkomu og geta til að halda kynningar á yfirvegaðan og skipulagðan hátt. Góð yfirsýn yfir smásölumarkaðinn, reynsla á því sviði er æskileg. Geta til að taka skjótar ákvarðanir. Góð tölvukunnátta og gott vald á töluðu og rituðu máli.

Í boði er stjórnunarstarf hjá leiðandi fyrirtæki, starf sem hentar metnaðarfullum einstaklingi sem vill ná árangri í starfi.

Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson, starfsmannasviði, sími 530-3800, hallur@lyfja.is og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá til hans. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Umsóknarfrestur er til 1. febrúar nk.

Við leitum að sjálfstæðu, skipulögðu og metnaðarfullu starfsfólki sem hefur áhuga á að ganga til liðs við framsækið og spennandi fyrirtæki.

Hlutverk Lyfju er að stuðla að góðri heilsu og velliðan. Frá upphafi hefur Lyfja verið brautryðjandi í lækun lyfjaverðs og boðið upp á ýmsar nýjungar í faglegri þjónustu. Fyrirtækið rekur apótek og heilsuþjónu víðs vegar um landið ásamt því að starfrækja lyfjaskömmum til einstaklinga og stofnana. Hjá fyrirtækinu starfa um 300 manns. Lykillinn að árangri er starfsfólkið okkar og því höfum við það að markmiði að fá hæft fólk til liðs við okkur, skapa eftirsóknarverða vinnustaði þar sem góður starfsandi ríkir og að starfsfólk fái tækifæri til að öðlast faglegan og persónulegan þroska í starfi. Einkunnarorð okkar eru áreiðanleiki, umhyggja og metnaður.

Styrkir



Barnavinafélagið Sumargjöf
auglýsir styrki til rannsókna, lista og
þróunarverkefna, sem nýst gæti börnum
á leik- og grunnskólaaldri.

Umsókn, ásamt greinargerð um verkefnið,
skal senda fyrir 15. febrúar 2008.

Stjórn Barnavinafélagsins Sumargjafar áskilur sér rétt
til að óska eftir nánari upplýsingum um verkefnið og
fjármögnun þess og leita umsagnar fagaðila.

Reykjavík 17. janúar 2008
Barnavinafélagið Sumargjöf.
Pósthólf 5423, 125 Reykjavík
Netf: sumargjöf@simnet.is

Verkstjórnarnámskeið

**Námskeiðið er ætlað öllum verkstjórnendum
eða þeim sem hafa áhuga á þannig starfi**

Markmiðið er að þjálfna millistjórnendur sem geta tekið á
málum sem varða hagsmunum fyrirtækja og starfsmanna.

Námsþættirnir eru yfir 20. Meðal þeirra eru:

- Almenn samskipti
- Hvatning og starfsánægja
- Samningatækni
- Valdframsál
- Áætlanagerð
- Stjórnun breytinga

Námskeiðið er samtals **100 stundir** og skiptist í tvo
hluta. Næstu námskeið hefjast **11. febrúar** og **10. mars**.

Nánari upplýsingar og skráning hjá **Nýsköpunarmiðstöð
Íslands** í síma **522 9000** og á vefsíðu okkar **www.nmi.is**.



Sendifulltrúa- námskeið Rauða krossins

**Hefur þú áhuga á að starfa
við hjálparstörf erlendis?**

Rauði kross Íslands auglýsir eftir umsóknum
um þátttöku í samnorrænu sendifulltrúanám-
skeiði sem haldið verður í **Munaðarnesi**
9.-14. mars 2008. Alls munu 25 þátttakendur
taka þátt í námskeiðinu, þar af fimm á vegum
Rauða kross Íslands.

Þátttaka í námskeiðinu er forsenda þess að geta starfað
sem sendifulltrúi Rauða kross Íslands á alþjóðavettvangi
en veitir ekki tryggingu fyrir slíku starfi.

Inntökuskilyrði eru menntun á háskólastigi og minnst
þriggja til fimm ára starfsreynsla. Mjög góðrar ensku-
kunnáttu í töluðu og skrifuðu máli er krafist en kostur
er ef umsækjandi hefur þar fyrir utan kunnáttu í einu af
þeim tungumálum sem notuð eru innan Alþjóða Rauða
krossins, (frönsku, spænsku og arabísku).

Í miðpunkti myndarinnar er sjálfhverfa bókmenntagufan Jón. Þetta er tvístigandi náungi sem átti einhvern tímann drauma um að slá í gegn í bókmenntaheiminum en flýtur nú áfram í lífinu og tekur því sem að höndum ber. Hilmir Snær túlkar Jón á því sem virðist tilþrifa-lausri sjálfsstyrkingu, en hvernig er svo sem hægt að leika svona mann öðru vísi? Það er þó ekki laust við að manni finnist Hilmir nákvæmlega eins í þessari mynd og einhverju öðru sem maður hefur séð hann í.

Þótt „geðveika konan“ sé þekkt minni í íslenskum bíómyndum bætir Margrét Vilhjálmsdóttir nýjum vinklum við persónuna og sýnir stórleik á köflum, til dæmis í Jónsmessunæturkastinu. Laufey Elíasdóttir er mjög eðlileg og góð sem jákvæða ungpían Þóra sem vill „bjarga“ Jóni. Maður skilur þó ekki alveg hvers vegna Þóra er svona hrifin af bókmenntaþunnildinu. Kannski er það af því hann er svo sætur, eða kannski af því hún gróf upp gamalt ástarljóð eftir hann sem hún telur sýna hans innri mann.

Í hópi aukaleikara blómstrar fólk hægri vinstri. Stjórnur myndarinnar eru tvímælalást Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Jóhann Sigurðarson sem leika tengdafólk brúðgumans. Þau eru hreinlega frábær og á meðan á myndinni stendur bíður maður spenntur eftir að sjá þau birtast aftur á tjaldinu. Þau eiga stóran þátt í djúpu hlátrasköllunum sem myndin framkallar. Þóttur Leó Gunnarsson og Ólafur Darri Ólafsson leika grínleittandi erkitýpur. Þóttur Léóallúðann Börk, sem í lítilli hlíðarsögu hefur tekist að fá Jón til að koma upp golfvelli í eyjunni, og Ólafur fulla fíflíð Sjonna. Báðir eru góðir. Sömuleiðis Ilmur Kristjánsdóttir í hlutverki seinfæru systur brúðarinnar og Ólafur Egill Egilsson í hlutverki Séra Ólafs. Allar þessar persónur eru dregnar upp ljóslifandi, frábærlega unnar af leikurum og leikstjóra. Þótt hér sé bíómyndaklasjan „skritna fólk“ á landsbyggðinni“ til staðar er mun meira kjöt á þeim beinum en áður. Allar persónur myndarinnar eru lúserar hver á sinn hátt. Viðkunnanlegir lúserar í hamingjuleit. Svona eins og við öll hin.

Bjarta íslenska sumarnóttin og eyjan snotra Flatey eru umgjörð sögunnar. Mörg skot og senur í myndinni eru með því allra flottasta sem maður hefur séð í íslenski mynd. Til dæmis „kriuatríðið“ þegar Anna kemst að framhjáaldi Jóns og fylliríðið á hæðinni og eftirmálar þess. Baltasar velur ekkert nema toppfólk til að vinna með sér. Bæði leikmyndin og tónlist Jóns Ólafssonar og Sigurðar Bjólú fellur sem dæmi svo eðlilega að heildarpakkanum að maður tekur ekki eftir þeim. Að velja rammíslensk dægurlög í myndina – Stuðmannaslagara og Samferða eftir Magnús Eiríksson í gullfallegum hápunkti myndarinnar – rammar inn það sem Baltasar er að gera með þessari mynd: að búa til íslenska skemmtun sem er stælalau og eins langt frá því að vera hipp og kúl og hugsast getur. Baltasar svissar meistaralega á milli tímaplananna tveggja og framvinda myndarinnar er þægileg og stíghandi góður. Hægt hefði verið að enda myndina fyrr en Baltasar kys að gera en halinn, þótt stuttur sé, er afhjúpanði og bætir heilmiklu við söguna og hvernig maður upplifir hana.

Brúðguminn er mjög vel heppnuð skemmtimynd um leitina að hamingjunni. Hún kemst ekki að frumlegri niðurstöðu heldur standa í myndarlok eftir klisjurnar „Sá sem er hamingjusamur lengur en í tíu mínútur er fífl“, og það sama og Jón Ársæll þylur nú í bílaauglýsingu: „Hamingjan er ekki áfangastaðurinn heldur leiðin“. Hitt er svo annað mál að klisjur eru klisjur af því þær eru sannar.

Dr. Gunní



Brúðguminn er skemmtileg mynd sem lætur áhorfendur hlæja og líða vel.

ENDURVINNSLAN Á ERRÓ

Ný bók Danielle Kvaran um feril Errós hefur vakið nokkra aðdáun, en Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur og höfundur ævisögu listamannsins sem kom út 1982, hefur athugasemdir við verkið.

MYNDLIST
ADALSTEINN
INGÓLFSSON

Endurvinnsla er hugtak sem skýtur upp kollinum á flestum stigum samfélagslegrar umræðu, og kannski var ívitunarstefna póstmóðernismans angi af þeirri umræðu. Nú skilst mér að takmörk séu fyrir því hve oft er hægt að endurnýta suma hluti; fróðir menn segja mér að eftir þrjá til fjóra umganga hafi til að mynda flestar gerðir pappírs tilhneigingu til að leysast upp í frumeindir sínar.

Ég veit ekki hver þolmörkin eru þegar bækur eru annars vegar. Kannski má halda áfram að endurvinnna sömu texta og myndir og setja á prent svo lengi sem einhverjir eru fyrir hendi til að kaupa afurðirnar. Þess vegna er enn ekki útséð um það hvort bókin Erró í tímaröð; Líf og list, eftir Danielle Kvaran kemur til með að gera í blóðið sitt fyrir útgefandann. Trúlega hjálpar að gefa graffíkþrykk með bókinni, eins og Erró hefur gert af alkunnu örlæti.

Vissulega er þetta ásjálegur annáll og auðflettanlegur, ýmiss konar útlitsvandi haganlega leystur af auglýsingastofunni Næst og Sigurður Pálsson betri en enginn þegar kemur að því að yfirfæra tyrfna franska listfræði á íslensku. Og engu er logið um elju höfundar, sem virðist hafa fínkembt allar heimildir sem til eru um hinn ástsæla listamann, en þær eru legið.

Allt þetta hefur PBB réttlæga tíundað í umsögn sinni hér í Fréttablaðinu fyrir skömmu. Og hægt að taka undir ýmislegt annað sem hann segir um fálæti landsmanna um þennan einstaka listamann sem Erró er. Meðan ég man, væri ekki hægt að finna stað í Flugstöð Leifs Eiríkssonar fyrir veggmyndina sem fjarlægð var úr Kringlunni?

Til gagns eða ógagns

Engu að síður hlýtur íslenskur listunnandi, sem fylgst hefur með ferli Errós og gert sér far um að eignast helstu bækur um líf hans og list, að velta fyrir sér hvort svari

kostnaði að bæta nýjum annál í safnið. Því fyrir eru nokkrar nýlegar bækur um listamanninn á íslensku, þær eru langt í frá ófáanlegar, og innihalda megnið af því efni, bæði texta og myndir, sem finna má í annálum. Hér á ég t.d. við döðrant Marcs Augé (1994), risastórinn í Listasafni Reykjavíkur (1998) og bók L.R. um Erró frá 2001. Einnig er auðvelt að komast yfir glæsilegan katalóg Jeu de Paumesafnsins vegna sýningar Errós í París árið 2000, þar sem er að finna styttri útgáfu af títtnefndum annál Danielle Kvaran um listamanninn.

Það efni sem höfundur hefur sjálf lagt í púkkið verður tæplega til þess að auka á heimildagildi annálsins fram yfir þau ritverk sem hér hafa verið nefnd. Það felst aðallega í bréfum sem nokkrir franskir gagnrýnendur og franskir vinir listamannsins hafa skrifað höfundi til birtingar, og upplýsingum sem eru á mörkum þess að vera smásmugulegar. Er til dæmis nauðsynlegt að vita af því að ein graffíkmynd eftir Erró hafi ratað á tiltekna bók á því herrans ári 1964?



Adalsteinn Ingólfsson, listfræðingur og forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands, er höfundur fjölda rita um íslenska myndlist og hönnun. Nýleg verk hans eru Lifandi silfrið – um skartgripi Ásdísar Sveinsdóttur Thoroddsen og Mikines, en fram undan er stórsýning á verkum færeyska meistarans í Listasafni Reykjavíkur sem Adalsteinn stjórnar.


Ekki verður heldur séð hvernig þessi annáll getur gagnast áhugafólki sem ekki hefur aðgang að öðrum bókum um listamanninn. Þeir sem einungis hafa áhuga á myndum hans verða sér vísast úti um eldri bækurnar með sínum stóru litprentunum. Þeir sem vilja kynna sér ýmsa listheimspeki og umfjallanir um listamanninn á alvarlegum nótum velja sér frumheimildir þar sem textar eru birtir í heild sinni, en ekki í bútum. Og þeir sem langar að lesa um ævi listamannsins í stærra samhengi eru örugglega ekki á höttunum eftir upptalningu staðreynda og nafnaskrá.

Um áreiðanleika annála

Nú er annáll í eðli sínu jafn brigðull texti og hin svokallaða „túlkandi ævisaga“. Hins vegar gefur lesandinn sér að höfundur ævisögunnar velji úr staðreyndum og túlki þær eftir eigin höfði – til þess hefur hann bessa- og skáldaleyfi – en annálaritarinn, sá sem gefur sig út fyrir að draga einungis saman staðreyndir, ávinnur sér sjálfkrafa óskorad traust lesandans. Við trúum því sem sagt að minnst annálaritarinn ekki á eitthvað, hafi það einfaldlega ekki gerst. Sennilega er þetta sálfræðilegt fyrirbæri.

Því segi ég þetta, að ekki er hægt að ráða annað af annál Danielle Kvaran, þar sem dregin er saman margháttuð umfjöllun um verk Errós í hartnær hálfa öld, að ekki hafi Íslendingur brotið til mergjar verk listamannsins af skynsamlegu viti, eins og sagt er, fyrr en 1986, þegar maður að nafni Gunnar B. Kvaran fylgir úr hlaði sýningu hans á Tvíær-ingnum í Feneyjum. Og þá undanskil ég ýmisleg viðbrögð blaðamanna og gagnrýnenda við verkum Errós í íslenskum dagblöðum fyrstu árin heima á Íslandi, þegar fáar aðrar prentheimildir voru fyrir hendi.

Nú er auðvitað eðlilegt að fyrst verið er að halda til haga fræðilegum greinum um listamanninn í svona annál, þá fari mest fyrir framlagi erlendra, fyrst og fremst franskra, listfræðinga og listgagnrýnenda.



Erró – í tímaröð eftir Danielle Kvaran kom út síðla árs 2007. Erró er staddur hér á landi og áritaði í gær eintök af bókinni fyrir áhugasama en fyrstu kaupendur verksins fengu graffíkverk í kaupbæti.

Erró hefur jú búið og starfað úti í Frans í hartnær hálfa öld; og þar hafa góðir menn á borð við Alain Jouffroy, Pierre Tillman og Jean-Jacques Lebel verið óþreytandi að fjalla um verk hans og kynna þau fyrir umheiminum.

En að gefa í skyn með þögninni að allan þennan tíma, ég tala nú ekki um eftir að listamaðurinn hóf aftur að sýna reglulega á Íslandi á áttunda áratugnum, hafi enginn íslenskur listspekulant, ekki Bragi Ásgeirsson, Matthías Johannessen, Eiríkur Þorláksson, Hannes Sigurðsson, sá sem þetta skrifar og sjálfsagt fleiri, haft uppi nógu marktækar skoðanir á myndlist Errós til að vera tækar á bók, verður til þess að draga verulega úr heimildargildi annálsins, a.m.k. fyrir lesendur hér uppi á Íslandi. Ekki veit ég hvort þessa ávöntun ber að skrifa á fáfræði eða hroka höfundar.

Að lokum eitt innslag af persónulegum toga. Fyrir nokkrum árum ritaði undirritaður ævisögu Errós í náinni samvinnu við listamanninn. Í þessa ævisögu vitnar Danielle Kvaran nokkrum sinnum beinum orðum, a.m.k. einu sinni í löngu máli, og allt í lagi með það. Oftar endursegir hún ýmsar upplýsingar sem birtust fyrst í þessari ævisögu. Ekkert er heldur við það að athuga.

Hins vegar er sérkennilegt, að þegar höfundur þakkar með nafni öllum höfundum „sem vitnað er til í þessari krónólógíu og ennfremur öllum sem hafa komið með sitt innlegg með einum eða öðrum hætti“, þá á hún engar þakkar afgangis til handa höfundi áður nefndrar ævisögu. Hér er sniðgengin það sem í fræðasamfélaginu er nefnd „fagleg háttvísi“ og kostar ekki neitt.



Handan um höf – Helgi Hálfðanarson



Handritin – saga handrita og hlutverk um aldir



Ferðalok – Jónas Hallgrímson 1807–1845



Surtsey – jörð úr ægi



SÝNINGAR Á ÖLLUM HÆÐUM

Þjóðmenningarhúsið – The Culture House
National Centre for Cultural Heritage
Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík
Sími 545 1400, www.thjodmenning.is
Veitingar á virkum dögum.
Sýningar – leiðsögn – verslun

Opíð daglega kl. 11.00 – 17.00
Leiðsögn á íslensku um handritasýninguna í hádeginu kl. 12.10 á fimmtudögum. Leiðsögn á ensku um handritasýninguna kl. 15.30 á mánudögum og föstudögum.
Í versluninni: Myndlistarsýning Erlu Þórarinsdóttur – Sameign. Opinber rými.





SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

BANG & OLUFSEN **B&O**

Síðumúla 21 Reykjavík | Sími 581 1100 | www.bang-olufsen.com

HELVÍTI Á JÖRÐ

Staða frjálsra fjölmiðla í Rússlandi veldur víða áhyggjum en hagsmunaaðilar tengdir ríki og valdablokkum í landinu hafa tangarhald á fjölmiðlum.

FJÖLMÍDLAR HELGA BREKKAN

Grigory Pasko vinnur oftast einn án verndar gegn stöðugum hótunum. Með því að skrifa um ástand mannréttinda og umhverfismála í Rússlandi í dag tekur hann mikla áhættu. Hann hefur starfað sem blaðamaður undanfarnir tuttugu og fimm ár og upplifað miklar breytingar í kjölfar Perestrojku Gorbatsjovs og falls Sovétríkjanna, þjóðu og auknið frelsi fjölmiðla og síðan aftur hertar reglur í ríki Pútíns.

Pasko fæddist í Úkraínu árið 1962 og stundaði nám í blaðamennsku við herflotaháskólann í Lvov. Hann flutti til Valdívostok og skrifaði fyrir flotblaðið *Vojeva Vachta* (Varðturninn). Í október 1997 var hann handtekinn við heimkomu frá Japan og sakaður um njósnir. Sannleikurinn var sá að Pasko hafði kvikmyndað starfsmenn rússneska flotans varpa kjarnorkuúrgangi í hafið þrátt fyrir alþjóðlegt bann við því. Í kjölfarið var honum varpað í fangelsi en sleppt árið 2003 en þó aðeins skilorðsbundið. Hann var sviptur gráðum sínum hjá flotanum og margar lygar birtar um hann sem „svikara og njósnara“ í opinberum fjölmiðlum. Nú berst hann fyrir máli sínu hjá mannréttindadómstólum í Strassbourg.

Grigory Pasko hefur m.a. fengið Human Rights Watch verðlaun árið 2002 og í september 2007 hlaut hann þýsku friðarverðlaunin sem kennd eru við rithöfundinn Erich-Maria Remarque. Í yfirlýsingu dómnefndar sagði að Pasko hlýti verðlaunin fyrir bók sína *Rauða svæðið* og vegna þess að hann væri „virkur baráttumaður frelsis og mannréttinda“.

Bókin *Rauða svæðið* fjallar um dvöl Paskos í fangelsi og vinnubúðum norðvestur af Valdívostok. Hún byggir á stórum hluta á dagbók sem hann skrifaði með örsmárri skrift á ýmsa miða. Sagan minnir um margt á bók *Solschenitsyns*, *Dagur í lífi* *Iwans Denissowits*. Pasko segir frá ómanneskjulegum aðstæðum og yfirvöldum. Hvernig 35 menn skiptust á að sofa í hörðum rúmum í þröngum klefa þar sem lífið var háð geði yfirmanna og varða. Pasko veiktist og skilaboðin frá lögfræðingum, þegar þeir loks fengu að koma til hans, voru ekki uppörvandi. Hann skrifar um angist, von og algera órvæntingu á mjög ljóðrænan og sterkan hátt. Lýsingar hans á lofti eða fremur skorti á því í yfirfullum fangaklefum eru oft yfirþyrmandi og ekki auðveldar aflestrar. Aftur á móti er einlægni höfundar og hugleiðingar um lífið og manneskjurnar fullar lífi og kímni. Léttur og lifandi stíll Paskos er eflaust ein af ástæðum þess að bókina hefur hlotið góðar viðtökur í Þýskalandi. Nú er verið að þýða bókina á ensku og fyrirhugaðar útgáfur á

fleiri tungumálum. Hann skrifaði einnig aðra bók um lífið í fangelsi sem heitir *Hunangskakan*. Bæði verkin voru prentuð í einni bók á rússnesku fyrir tveimur árum. En flutningabíllinn sem ók öllu upplaginu úr prentsmiðjunni „hvarf“ ofan í stórfljót á leiðinni til Moskva. Þannig misstu lesendur í Rússlandi af því að fá að lesa sögur Paskos úr fangelsi Rússlands í dag. Áhrifaríkar frásagnir sem gætu allt eins verið frá tímum Dostojevskís eða úr Gúlagi Stalíns.

Í Stokkhólmi talaði Pasko meðal annars á fundi á vegum Amnesty um líf hundraða þúsunda fanga í Rússlandi í dag og „steinaldarstig“ reglnanna sem þar gilda. „Fangar mega til dæmis aðeins hringja heim fjórum sinnum á ári,“ sagði hann.

Við setjumst niður saman eftir kvöldfundinn hjá Amnesty og ég get ekki stillt mig um að kvarta yfir einum fundargesta: Rússneskumælendi konu sem stöðugt spurði Pasko frekjulega eins og hann væri í yfirheyrslu. Pasko lítur á mig öruggur og segir: „Þessi kona var frá leyniþjónustunni, FSB.“

Ertu viss?
„Já,“ segir hann án þess að brosa: „Þegar ég er í útlöndum að tala, til dæmis í Bandaríkjunum, þá skoða ég hópinn og get alltaf séð strax hverjir eru frá sendiráði Rússlands eða FSB.“

Ertu ekki hræddur við að halda áfram að skrifa?

„Ég skrifa um staðreyndir. Fyrir mig er bara til eitt yfirvald og það er sannleikurinn. Ég er ekki meðlimur í neinum stjórnmálaflokki eða nokkrum samtökum. Það sem ég geri og hef verið að gera þessi tuttugu og fimm ár sem ég hef starfað sem blaðamaður er að segja sannleikann.“

Eftir dvölinni í fangelsi og vinnubúðum var þér boðið að ritstýra tímariti fyrir fanga. Hvernig stóð á því?

„Það var viðskiptajöfur í Moskva sem langaði til að leggja peninga í þannig blað og þá var farið að leita að blaðamanni með háskólamenntun, reynslu af ritstjórn og sem hafði setið í fangelsi. Og ég var eini maðurinn sem kom til greina. Ég ritstýrði þessu tímariti í eitt ár og það naut mikilla vinsælda meðal fanga. Þeir sendu okkur sögur, ljóð og annað í þúsundatali. En eftir eitt ár var blaðið skýndilega lagt niður.“

Pasko starfaði síðan á blaðinu *Novaya Gazeta* og deildi skrifstofu með Önnu Politkovskaju í þrjú ár. Þau ferðuðust oft saman um Rússland eða til útlanda: „Síðan var ég ritstjóri tímaritsins *Ecologia* í *Pravo*. Tímaritið, sem var fjármagnað með erlendu fé, fjallaði um umhverfismál og mannréttindi. En vegna hinna nýju laga um óhád félagsamtök sem komu í veg fyrir erlenda fjár-



mögnun varð ég að leggja blaðið niður vorið 2007.“

Nú birtast greinar Paskos um Rússland á ensku á internetinu. Jafnvel þótt hann skrifi um grafalvarleg efni þá er stíll hans oft skemmtilega íróískur og hittinn. Allar greinar hans má lesa á blogginu: www.robertamsterdam.com

Nú ertu að skrifa um gasleiðsluna sem Norð Stream áætla að leggja gegnum Eystrasalt.

„Já, ég kvikmynda líka og tek viðtöl við fólk í löndunum sem þetta verkefni snertir.“

Er það ekki líka hættulegt, hið ríkisrekna Gasprom á jú 51 prósent í verkefninu?

„Ef ég skrifa um það að gamlar ómmur í Rússlandi fái ekki gas inn í hús sín þar sem leiðslan er lögð, þrátt fyrir að þeim hafi verið lofað því, þá er það ekki hættulegt. En...“ segir hann alvarlegri: „Ef ég fer að grafast fyrir um það hvers vegna kostnaður við leiðsluna hefur margfaldast frá því fyrstu áætlanir voru kynntar, já, þá getur það orðið hættulegt fyrir mig.“

Æ færri blaðamenn í Rússlandi vinna eins og þú?

„Þeir eru enn til eins og til dæmis Andrey Novonkov frá Ribinsk. Það eru um það bil einn eða tveir þannig blaðamenn í hverjum landshluta og auðvitað fleiri í Moskva.“

Pasko skiptir nú um umræðuefni: „Ég hef tekið eftir því í Rússlandi að í fyrsta lagi er verið að setja æ fleiri fyrrverandi KGB menn á dómastóla. Annað sem ég hef tekið eftir er að gömlum próffessorum og deildarstjórum í háskólunum er hent út og KGB-menn settir í staðinn. Stjórnendur og stjórnir háskóla og stofnana eru að fyllast af þeim sem eru hlíðhollir Pútín.“

Og hvað gera þeir?
„Þeir eru að endurrita skólabækurnar. Ekki bara söguna. Þeir breyta áherslum.“

Hyvernig?
„Á núunda áratugnum kom bylgja af nýjum lögum um frjálsara markaðskerfi í Rússlandi, sem komu í staðinn fyrir gömlu sovésku lögum. En um leið og Pútínímabilið hófst fóru þeir að „lagfæra“ þessi lög. Þessar breytingar eru ekki slæmar af því að þær séu vonda heldur vegna þess að þær eru lögfræðilega slæmar. Þeir byrjuðu á breytingum en nú eru þeir farnir að henda þessum tuttugu ára gömlu lögum og einfaldlega semja ný sem henta þeim. Og þetta geta þeir gert vegna þess að Dúman er algerlega undir valdi þeirra.“

Og hvað er svona slæmt við þessi nýju lög?
„Til dæmis nýju lögum um ferðir til og frá Rússlandi, innflytjendalög. Þeir bættu aðeins einni grein við.“

LISTMUNAUPPBOÐ

Erum að taka á móti verkum á næsta listmunauppboð Gallerís Foldar sem verður haldið á Hótel Sögu, Súlusal, sunnudagskvöldið 3. febrúar

Á uppboðinu verður að venju gott úrval verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna.



Karólína Lárusdóttir




Jóhannes Jóhannesson



Nína Tryggvadóttir





Málverkasýning

Hjalmar Þorsteinsson

Gallerí List • Skipholt 50A
sími: 581 4020 • www.gallerilist.is

FÓSTBRÆÐUR
▶ **Á DVD**

FÓSTBRÆÐUR
Loksins á DVD!
Tryggðu þér allar
5 seríurmar!

flickr·flakk og heljarstökk

1. 12. 2007 – 17. 2. 2008

skemmtilegri

sena
okkar heimur // þín skemmtun

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavik Museum of Photography

Grófarhús · Tryggvagötu 15 · 101 Reykjavík · Sími 563 1790 · www.ljosmyndasafnreykjavikur.is
Opið mánudaga til föstudaga frá 12–19 · helgar frá 13–17 · AÐGANGUR ÓKEYPIS

BYLGJAN
989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

gottfolk

Hún hljóðar svona: „Þeim sem sækir um vegabréfsáritun má neita ef viðkomandi hefur skrifað eða sagt eitthvað niðrandi um Rússland eða stjórn þess.“ Rúmlega þrjátíu erlendum blaðamönnum hefur verið neitað um vegabréfsáritun í skjóli þessarar nýju greinar laganna. Ástæðan sú að þeir hafa einhvern tíma skrifað grein sem stjórnvöldum er ekki að skapi.

Nýjasta dæmið er Natalia Morar sem bjó og vann í Moskvu en var neitað um að koma inn landið í desember. Hún er enn í Moldavíu og ekkert gerist í hennar máli og á meðan heldur hún áfram að búa hjá móður sinni í Moldavíu.

Hvað gerist með erlenda blaðamenn í Rússlandi?

„Vinur minn Boris Reichster í Moskvu skrifar fyrir þýska vikuritíð Focus. Lögreglan lemur hann af og til.“

... gömlum próffessorum og deildarstjórum í háskólunum er hent út og KGB-menn settir í staðinn. Stjórnendur og stjórnir háskóla og stofnana eru að fyllast af þeim.

Hvernig þá?
„Þeir handtaka hann, fara með hann á stöðina og berja hann hressilega. Síðan er honum sleppt. Ég hef tekið eftir því að þýsku blaðamennirnir virðast vera þeir sem eru hvað hugrakkastir í skrifum sínum. Það er almennt vitað að Pútín elskar Þýskaland og því mun enginn þora að reka þýska blaðamenn frá Rússlandi. Af því „okkur líkar Þýskaland“ er minni hætta á því að þeim verði kastað út, þeir eru bara lamdir af og til.“

Þetta var bara eitt dæmi um nýju lögin,“ heldur Pasko ákveðinn áfram: „Það eru önnur lög sem eru algerlega hræðileg og þau eru kölluð andsvartslög gegn hryðjuverkum og hryðjuverkastarfsemi.“

Hvernig virka þau?
„Ef ég til dæmis skrifa að Pútín sé þjófur og slæmur fyrir Rússland og sé að láta myrða Rússa og hafi hafið glæpsamlegt stríð í Tsjetsjeníu, þá er hægt að ákæra mig samkvæmt þessum nýju lögum fyrir hryðjuverk og dæma í fangelsi.“

En nú birtast skrif þín bara á netinu á ensku. Er það ekki öruggara?

„Anna (Politkovskaja) hélt hún væri óhult vegna þess að hún væri þekkt á Vesturlöndum en svo reyndist ekki. (Anna var myrt fyrir utan heimili sitt í Moskvu árið 2006.) Pútín hafði rétt fyrir sér þegar hann sagði að hún væri ekki þekkt í Rússlandi. Þegar hún var myrt var hún að vinna að grein um fjármála- starfsemi sem tengdist stríðinu í Tsjetsjeníu og þá var greinilega tekin ákvörðun um að taka hana af lífi. Og ég veit að ef þeir ákveða að stöðva mig þá munu þeir ekki vara mig við.“

Heldur?
„Heldur drepa mig beint.“
Nú þegjum við um stund því það er ekkert hægt að segja, þar til Pasko segir: „Skrifaðu vinsamlegast ekki í greinina þína það sem franskur blaðamaður gerði um daginn.“

Hvað skrifaði hann?
„Að ég birti greinar mína á and-rússnesku síðunni www.robertamsterdam.com. Þetta er ekki and-rússneskt heldur bara staður þar sem nýjustu greinar, kvikmyndir og upplýsingar um það sem er að gerast í Rússlandi birtast á fimm tungumálum. Ég hef verið beðinn um að skrifa greinar í rússnesk blöð undir dulnefni en það vil ég ekki.“

Nú hefur fjöldi Rússa yfirgefið landið. Hefur þú ekki hugleitt það?

„Ef fjölskyldu minni verður hótad þá mun ég gera það. En ég er blaðamaður og Rússland



og rússneska er mitt mál. Þetta er stórt land og svo mikið meira en bara Pétursborg og Moskva. Þótt ég skrifi núna fyrir þessa net-síðu þar sem greinar mínar birtast á ensku þá er ég alltaf að skrifa um Rússland.“

Á Amnestyfundinum talaðir þú um að samtökin ættu að taka mál Mikhaíls Khodorkovskí upp á sína arma, hvers vegna?

„Vegna þess að hann hefur ekki fengið réttláta meðferð. Allt málið gegn honum er gegnumsyrt af andúð Pútíns á honum og hvert lögbrotið fylgt á fætur öðru. Amnesty skilgreinir samviskufanga á sérstakan hátt en ég vona samt að í anda þessara mikilvægu mannréttindasamtaka sé hægt að veita honum og fleirum í Rússlandi aðstoð. Það er


mikilvægt að vekja athygli á því að mannréttindi þeirra séu brotin,“ segir Grigory Pasko sem er þakklátur fyrir stuðninginn frá Amnesty og tuttugu og fjögur þúsund bréf sem meðlimir samtakanna um allan heim skrifuðu á meðan hann sat í fangelsi.

Hvers vegna skrifaðir þú þessar tvær bækur um lífið í fangelsum?

„Ég skrifaði bækurnar til þess að veita innsýn í þennan heim og hvernig maður breytist við þessa reynslu. Þrátt fyrir að svipaðar sögur hafi verið sagðar fyrir.“ Hann segir að lokum alvarlegur: „Einhver sagði að fangelsi í Rússlandi væru eins og helvíti á jörð en það er ekki rétt. Þau eru helvíti á jörð.“



Almanak HÍ 2008
Dr. Þorsteinn Sæmundsson stjórnfræðingur reiknaði og bjó til prentunar.
Auk dagatala eru margvíslegar upplýsingar, svo sem um sjávarföll og gang himintungla, yfirflit um hnetti himingveimsins, mælieiningar, veðurfar, stærð og mannfjöldi allra sjálfstæðra ríkja og tímami í höfuðborgum þeirra.
96 bls.
1.285,- kr




Villa á öræfum
/Allein durch die Einöde
eftir *Pálma Hannesson*
Tvímála útgáfa á svinsælum hrakningasögum Pálma Hannessonar, f.v. rektors MR og alþingismanns. Þær leika meira að segja hlutverk í glæpasögum Arnaldar Indriðasonar þar sem söguhetjan Erlendur er sífellt að lesa þær og má kannski halda því fram að þær gegni því hlutverki þar að undirstrika íslensk sérkenni þessa rannsóknalögreglumans. Bókin er á tveimur tungumálum, íslensku og þýsku, og er mikill fengur að þessu verki fyrir áhugamenn um hálendið og þessar hrakningasögur sem hafa verið ófánlegar árum saman.
3.300,- kr.



Söngvarnir frá Písa
Ezra Pound
Söngvarnir frá Písa teljast til stórvirkja í ljóða- bókmenntum Vesturlanda og eru að margra mati hápunkturinn í hinu mikla æviverki Ezra Pound sem hann nefnir Cantos. Ljóðaflokkurinn er ortur í fangabúðum Bandaríkjahers norðan við Písa á Ítalíu 1945, en þar sat Pound um nokkur mánaða skeið, ákærður fyrir landráð og með dauðadóm vökandi yfir sér. Hann gerir upp líf sitt og les brot úr því saman við rústir Evrópu sem og við leiftur úr líðinni sögu og þá goðsagnakjarna sem hann taldi óförgengilega.
3.400,- kr.



Menntun, forysta og kynferði
Guðný Guðbjörnsdóttir, próffessor
Hvaða máli skiptir menntun fyrir framgang kvenna og karla til forystustarfa? Er það ekki þeirra sjálfrá að stýra menntun sinni? Hvers vegna beindist umræðan um jafnrétti kynjanna í skólum nýverið og óvænt að stöðu drengja?
325 bls.
4.300,- kr




HEGRAVARPIÐ
Lise Tremblay
Smásagnasafn sem vakið hefur mikla athygli í heimalandi höfundar Kanada fyrir einfaldan og beinskeyttan stíl. Sögurnar lýsa lífi íbúa í smábæ í Québec-fylki, sem byggja afkomu sína á veiðimönnum, fuglafræðingum og borgarbornum í leit að ró. Fyrir þetta verk hlaut höfundurinn ein merkustu bókmenntaverðlaun sem veitt eru í Kanada.
2.800,- kr.



Félagsfræði rótfestunnar
Kenningar um uppruna og eðli borgarsamfélagsins
Enriques del Acebo Ibáñez
Hér er gerð grein fyrir þróun borgarsamfélaga sem fyrirbæri nútímans en um leið sem afsprengi fyrri samfélagsáttá. Fjallað er um helstu kenningar frumkvöðla félagsfræðinnar sem snúa að þróun samfélagsins. Höfundurinn fléttar saman kenningum sínum og túlkunum um rótfestu og rótleysi við myndun borgarsamfélagsins og sýnir hvernig brautrygjendur félagsfræðinnar á 19. og 20. öld tókust á við félagslegt eðli nýja samfélagsins sem einkenndist m.a. af stórborginni.
3.500,- kr.



Afburðaárangur
Agnes Hólm Gunnarsdóttir og Helgi Þór Ingason
Um stjórnunaraðferðir sem grundvallast á gæðastjórnun og rannsóknir á fyrirtækjum sem náð hafa afburðaárangri. Hvaða aðgerðir og aðferðir eru líklegar til að stuðla að afburðaárangri í rekstri fyrirtækis eða stofnuna. Í þessari bók er leitast við að skapa yfirsýn yfir nokkrar vel þekktar rannsóknir á þessu sviði, sem og nokkrar vinsælar stjórnunaraðferðir. 139 bls.
3.990,- kr.




Ljóðmæli
Einars Sigurðssonar í Eyðölum
Einar Sigurðsson var höfuðskáld þjóðarinnar í árdaga lúthersks siðar hér á landi. Bókin skiptast í þrjá hluta. Inngangur fjallar um sálmafræðisáhrif lútherskum sið og ævi Einars í Eyðölum. Þá tekur við kveðskapur Einars, alls 45 sálmar og kvæði. Í síðasta hluta, Skýringum og athugasemdum, er gerð ræðileg grein fyrir einstökum sálrum og kvæðum og varðveislu þeirra. Bókinni fylgja heimildaskrá, handritaskrá og nafnaskrá.
5.600 kr.



Leitin lífandi
Líf og störf sextán kvenna
Sextán konur, sem allar hafa lokið doktorsnámi við erlenda háskóla, eiga kaffa í bókinni. Þær starfa við ýmsa háskóla landsins og hafa allar, um lengri eða skemmri tíma, stundað eigin rannsóknir og miðlað þeim ríkulega í ræðu, kennslu og riti. Í bókinni greina konurnar frá eigin fræða- og rannsóknarsviði, hvernig áhugi þeirra á því vaknaði og hvernig þeirra eigin lífs saga og persónuleg reynsla hafði áhrif á starfsval þeirra. Þær fjalla einnig um hugmyndafræðilega þróun innan síns fræðisviðs og hvernig hún hefur endurspeglast í lífi þeirra, störfum og rannsóknum.
3.500,- kr.

LA TRAVIATA

VERDI



SIGRÚN PÁLMAÐÓTTIR
JÓHANN FRÍÐGEIR VALDIMARSSON
TÓMAS TÓMASSON

KURT KOPECKY
JAMIE HAYES
ELROY ASHMORE
FILIPPÍA ELÍSDÓTTIR
BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON
LÁRA STEFÁNSDÓTTIR



ÍSLENSKA ÓPERAN
2008

Janúar 2008

menning

[SÉRBLAD FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]

... AÐ TJALDABAKI

Hulda Stefánsdóttir myndlistarkona fékk í gær viðurkenningu úr styrktarsjóði sem Erró stofnaði til í minningu Guðmundu S. Kristinsdóttur, móðursystur sína frá Miðengi. Sjóðnum er ætlað að efla og styrkja listsköpun kvenna sem þykja skara fram úr og hvetja þær til frekari dáða. Listsjóður Guðmundu S. Kristinsdóttur er sjálfseignarstofnun í vörslu Borgarsjóðs Reykjavíkur en umsjón með honum hafa Reykjavíkurborg og Errósafn.

Erró kom til landsins til að veita verðlaunin og árita bók um feril sinn í gær, en stoppar stutt við. Hann sýnir snemma á þessu ári í Kína og á að auki verk á stórsýningu um pop-listina í Zürich sem opnar um miðjan næsta mánuð. Sams konar yfirlitssýningu lýkur í Róm um mánaðamótin.



Listasjóður Dungals veitti sína árlegu styrki á fimmtudag. Hæsta styrkinn fékk Davíð Örn Halldórsson sem nú sýnir í Gallerí Ágúst við Baldursgötu. Þá fengu þær Björk Viggósdóttir og Birta Guðjónsdóttir einnig viðurkenningu sjóðsins. Dungalsjóður hefur veitt listamönnum styrki í fimmtán ár og hyggur nú á útgáfu bóka sem helgaðar verða einstaka listamönnum. Sjóðinn stofnaði Gunnar Dungal til minningar um foreldra sína.

HILMIR SMÆR GUÐNASON MARGRÉT VILHJÁMSDÓTTIR LAUFEY ELÍASDÓTTIR JÓHANN SIGURBARNSON ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR ÞRÖSTUR LEÓ GUÐNASSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON ÓLAFUR EGILL EGILSSON ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR

SÝND Í KVÍKMYNDAHÚSUM UM LAND ALLT

★★★★★
 "Íslenska kvíkmyndavörinu lauk 16. janúar sl. Þá hófst langþráð íslenskt kvíkmyndasumar með frumsýningu Brúðgumans eftir Baltasar Kormák sem er best heppnaða kvíkmynd Íslendinga til þessa."
 - Jakob Frimann Magnússon

★★★★★
 "Hreint út sagt frábær mynd í alla staði, leikararnir skila stórkostlegum frammistöðum, fyndni og dramatískt í senn. Besta íslenska fil-gúdd myndin fyrr og síðar"
 - Stefan Sigurjónsson, X-ið FM 9.77

★★★★★
 Frábær mynd. Hún er falleg, sár og fyndin. Allt gekk upp, leikur, leikmynd, saga, hljóð, mynd og allt sem þarf til að gera fina bíómynd.
 -Sigurjón M. Egilsson, Mannlíf

"Brúðguminn er heilsteypt og skemmtileg mynd sem kemur eins og ferskur andvari inn í skammdegjð."
 -Sigríður Pálsdóttir, Kvika Rás 1

SÖGN EHF KYNNIR KVÍKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK

BRÚÐGUMINN

FRAMLEIÐINGARFÉLAG: SÖGN EHF / BLUEEYES PRODUCTIONS | SAMANVIÐ WDRIVSK FILM | HILMIR SMÆR GUÐNASON, MARGRÉT VILHJÁMSDÓTTIR, LAUFEY ELÍASDÓTTIR, JÓHANN SIGURBARNSON, ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR, ÞRÖSTUR LEÓ GUÐNASSON, ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON, ÓLAFUR EGILL EGILSSON, ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR | MÓTUN RAGNA FÓSSBERG | HJÓNDAN HELGA STEFÁNSDÓTTIR | LITAVIRKI ATLI GEIR GRÉTARSSON, GRÉTAR REYVÍSSON | KLÁRTAN KLÁRTANSSON | HÉRSTEINN B. JÓRGÚLFISSON | KLÉTTUR ELÍASBET RÓNALDSDÓTTIR | HÓLST SIGURHEIÐ BJÓLA CARBARSSON | GLETTUR JÓNI ÓLAFSSYNI | FRAMLEIÐINGARFÉLAG AGNYS JÓHARSEN, BALTASAR KORMÁKUR | AÐRAN FRAMLEIÐINGARFÉLAG LILJA PÁLMAÐÓTTIR, KIM MAGNÚSSON | FRAMLEIÐINGARFÉLAG HERRA ÓLAFSDÓTTIR | HJÓNDAN LISA KRISTJÁNSDÓTTIR | HJÓNDAN BALTASAR KORMÁKUR, ÓLAFUR EGILL EGILSSON | HJÓNDAN BALTASAR KORMÁKUR

Viðskiptavinir Glitnis fá 20% afslátt af miðaverði á kvíkmyndina BRÚÐGUMINN þegar þeir greiða með greiðslukorti frá Glitni. **GLITNIR**



eithvað alveg einstakt



Galleri List
Skiopholt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is

segja að þeir hafi verið búnir að ákveða dóm hans fyrirfram? „Ef þeir hafa ekki verið búnir að því mega þeir heita nær yfirnáttúrulega lögskarpir,“ segir hann þungur á brún. „Þar með var búið að lögleiða stærsta rán Íslands-sögunnar,“ bætir hann við.

Áttu að verða víti til varnaðar

Í framhaldinu missti Erlingur einbýlishús sitt. „Mér var líka hótað að húsið mitt yrði sett á uppboð en ég var aðeins betur settur en Erlingur svo mér tókst að verja það,“ útskýrir Örn Snævar. Erlingur flutti til Grindavíkur og fóru hans mál fyrir Héraðsdóm Suðurnesja. Örn Snævar segir að þar hefðu menn gengið harðar og snaggaralegar fram en á Vestfjörðum. Erlingur fékk dóm sem hann gat afplánað með því að vinna í samfélagsvinnu í hálf ár en Örn Snævar fékk ekki slíkan dóm. „Vissulega hefur þetta kostað mig vanlíðan og margar andvökunætur enda var tekið hart á okkur þar sem við áttum að vera víti til varnaðar fyrir þá sjómenn sem væru líklegir til að gera eitthvað svipað. Ég get þó ekki sagt að ég hafi nokkurn tímann séð eftir þessu. Mér gafst þarna tækifæri til að vinna gegn óréttlætinu og ég hefði séð eftir því alla tíð hefði ég ekki gripið það.“

Er ekki enn búinn að ákveða skaðabótakröfur

Málið er sent fyrir Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna þar sem ályktað er gegn stjórnvöldum. En hvað hefði þeir gert hefði ályktunin verið stjórnvöldum í vil? „Þá hefði þetta bara verið búið,“ er hann snöggur að svara. En hvað tekur nú við? „Þetta mál allt saman er búið að hanga eins og sverð yfir okkur Erlingi en nú hangir það yfir stjórnvöldum. Við erum alveg tilbúnir hvenær sem er að ræða við þá en ég hef nú ekkert heyrt í þeim enþá. Þeir verða þó að vera búnir að gera eitthvað í málinu áður en eftirlitsmennirnir koma frá mannréttindanefndinni eftir hálf ár til að meta hvort þeir hafi brugðist ásættanlega við ályktuninni. Ég teldi það skynsamlegast að sett yrði á óháð nefnd sem myndi meta það hvernig stjórnvöldum bæri að bæta sitt ráð. En þeir skulu ekki halda að þeir geti kæft málið í einhverjum nefndum, við munum sko aldeilis blása lífi í það ef þeir reyna það. Við gefum ekki tommu eftir og ef með þarf förum við með málið til Mannréttindadómstólsins í Strassborg.“

En hvernig myndu kröfur hans hljóma ef hann yrði boðaður á samningafund? „Ég hef nú ekki sett upp neina tölu, ég er enginn lögspekingur og veit ekki hvernig bæri að meta skaðann. Ég man nú ekki alveg hver fjárhagslegi skaðinn er en þetta eru einhverjar milljónir. Ekki veit ég heldur hvernig ber að bæta skaðann fyrir það að vera sviptur ærunni, að fá ekki að búa á sínum heimaslóðum og fá ekki að stunda atvinnu sína. Hitt er alveg klárt að við hvikum hvergi frá þeirri kröfu að það verður að skipta um fiskveiðikerfi. Þetta kvótakerfi eru móðuharðindi af mannavöldum, það sjá það allir sem þekkja til landsbyggðarinnar. Best væri að taka upp sóknardagakerfi líkt og Færeyingar eru með.“

En hvernig varð honum innanbrjósts þegar hann heyrði af ályktun mannréttindanefndar? „Það var nokkuð skrytið hvernig ég frétti af því. Ég hafði verið að tala við Erling og hann spurði mig hvað væri að fréttu af málinu. Ég sagði að ég hefði ekkert frétt svo það væri ekki slæm hugmynd hjá mér að hringja í Lúðvík Emil Kaaber lögmann okkar og spyrja hann út í gang mála. Þegar ég hringdi í hann var lögmaðurinn afskaplega kátur en hann spurði hins vegar hvernig stæði á því að ég hringdi einmitt á þessari stundu. Ég sagðist bara vera að forvitnast. Þá sagðist hann hafa ætlað að taka upp tölið til að hringja í mig þar sem álitíð hefði verið að berast honum og það væri okkur í vil. Ég var í nokkurn tíma að átta mig á þessu en vissulega var mér létt enda hefði þetta allt dottið niður hefði mannréttindanefndin farið að eins og dómssvaldið hér á landi.“

Auglýsingasími

512 50 50

– Mest lesið



Gítarnámskeið

Hefst 21. janúar

12 vikur - 40 mínútna tímar - 1 sinni í viku

Einkatímar: kr. 47.000-

Geisladiskur með upptöku nemandar í lok námskeiðs.

Hóptímar fyrir 6-9 ára: kr. 35.000-

Gítarskólinn er aðili að frístundakorti Í.T.R. www.itr.is

Öll stílbrigði!

Fyrir byrjendur á öllum aldri og lengra komna

Gítarkennsla er okkar fag!

Gítarskóli Íslands Síðumúla 29 Sími 581-1281

gitaraskoli@gitaraskoli.is

www.gitaraskoli.is

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:

**FYRIR ÞRETTÁN ÁRUM
VORU ÞRJÚ BÖRN MYRT.
MÁLIÐ ER ÓLEYST.**

Cold Case snýr aftur í kvöld kl. 21:15



SJÁLSTÆTT FÓLK - kl. 19:50



PRESSA - kl. 20:25



PRISON BREAK - kl. 22:00



Besti bar Reykjavíkur rifinn?

Sirkus á Klapparstígnum lokar alfarið dyrum sínum í byrjun febrúar en í hans stað á að reisa verslunarhúsnæði og bílastæði. Anna Margrét Björnsson minnst hinnar frægu stemningar sem hefur ríkt á staðnum, stemningar sem verður sárt saknað ef framkvæmdir ganga sem horfir. Myndir eftir Jóa Kjartans.

Enginn bar eða skemmtistaður hefur öðlast jafnmikla frægð á erlendri grund eins og hinn litli og sóðalega sjarmerandi Sirkus á Klapparstíg. Fyrir heimamenn hefur hann náð „költ“ status og hefur verið helgidómur síðustu árin fyrir tónlistarmenn, tískuhönnuði, listamenn, rithöfunda og forvitna ferðamenn. Utandyra er þetta lítið hrörlegt hús málað glæðlegum litum og innandyra eru gömul borð og stólar, jólaseríur, plaköt og alls kyns glingur. Allt frá því að Sirkus breyttist úr litlum frönskum vínbar og var keyptur af Sigríði Guðlaugsdóttur, betur þekktur sem Siggu Boston, í lok tíunda áratugarins

virkaði hann sem segull á skapandi fólk í 101 Reykjavík og tók við af Kaffibarnum sem villtasti næturklúbbur borgarinnar. Á nokkrum sveittum fermetrum dönsuðu og drukku tugir manns sem skapaði það andrúmsloft sem ferðamenn kölluðu „hið brjálada hjarta Reykjavíkur“.

Fræg andlit og fastagestir settu sitt mark á staðinn. Þekktir erlendir tónlistarmenn voru tíð sjón við barborðið, til að mynda Raveonettes, Blonde Redhead og Anton Newcombe úr Brian Jonestown Massacre. Innlendir hljómsveitir eins og GusGus, Singapore Sling, Trabant og Sigur Rós gerðu staðinn að sínum. Björk þeytti ósjaldan skífum, hélt áramótapartí og tók upp



myndband með Spike Jonze á Sirkus. Sirkus var reyndar nefndur Boston af fastagestum eftir eiganda barsins þar til að hinn raunverulegi Boston var opnaður á Laugavegi. Á ári hverju komu hótanir um að það yrði að loka vegna brunahættu eða annarra ástæðna, og brann meira að segja að einhverju leyti fyrir tveimur árum. En Sirkus átti sín ný líf og hélt ótrauður opinn hvað sem

á dundi. Í garðinum myndaðist skemmtileg stemning á sumrin þar sem rokkbönd spiluðu eða fatamarkaðir gæddu götuna lífi. Það fannst ekki sú umfjöllun um Ísland á erlendri grund þar sem ekki var talað um Sirkus, „skrýtnasta, skrautlegasta og frumlegasta bar“ sem fólk hafði augum litið. „Því miður mun þessi menningarkimi okkar hverfa,“ segir Sigga Boston. „En það er borgin sem ræður þessu.“ Undirskriftalisti liggur frammi á þessum síðustu dögum Sirkuss þar sem velunnarar geta gert síðustu tilraun um að bjarga barnum frá borgarskipulaginu, og stórskemmtileg tónleikadagskrá mun eiga sér stað þessar síðustu vikur sem enginn má missa af.

”

Því miður þá mun þessi menningarkimi okkar hverfa. En það er borgin sem ræður þessu.“

BONUS BONUS BONUS BONUS

Opnum í dag kl. 12



498

Ferskur kjúklingur
heill forkryddaður
498 kr/kg
TILBÚINN Í ÁLBAKKA
BEINT Í OFNINN

Frosinn kjúklingur
1. fl heill
398 kr/kg



398

Ferskur eða frosinn kjúklingur

Holta kjúklingur 40% afsláttur



395

Kjúklingaleggir 395 kr/kg.
Merkt verð 659 kr.



395

Kjúklingalæri 395 kr/kg.
Merkt verð 659 kr.



239

Kjúklingavængir 239 kr/kg.
Merkt verð 399 kr.



1019

Grisakótilettur í raspi
1019 kr/kg. Merkt verð 1698 kr.



98

Pepsi Max 2 ltr. 98 kr.
Egils kristall 2 ltr. 98 kr.



899

Gull-harðfiskur 200 gr
899 kr. pokinn



1019

Vínarsnitset ósvikinn í raspi
1019 kr/kg. Merkt verð 1698 kr.



798

Ferskt íslenskt nautahakk
798 kr/kg.



98

Bónus brauð 1 kg 98 kr.

BONUS

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10-18 SUNNUD. 12-18

VIKA Í LÍFI REYKKAFARA

Með reykin í fangið

Slökkviliðsmenn hafa staðið í ströngu undanfarna mánuði en jólahátíðarnar eru oftast en ekki mikill annatími hjá slökkviliðsmönnum. *Magnús Halldórsson* blaðamaður og *Eyþór Árnason* ljósmyndari fylgdu með Kristjáni Þór Henryssyni, reykkafara í Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, á vaktinni í vikutíma.

„Þetta getur verið svolítið þud í nokkurra hundraða gráðu hita,“ segir Kristján Þór Henrysson, slökkviliðsmaður og reykkafari í Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, að lokinni örstudttri æfingu þar sem hann leiddi blaðamann um húsakynni slökkviliðsins í fullum reykkafaraskrúða. Með fimmtán til tuttugu kílóa súrefnskút á bakinu og hlíf fyrir augum, fékk blaðamaður smjörþefinn af starfinu.

Starfsumhverfi reykkafara er lífshættulegt öllum öðrum en fagmönnum á sviði björgunar. Agað starfsdag, yfirvegun og vilji til þess að bjarga mannlífum drífur menn áfram, oft við óbærilegar aðstæður. Oftast en ekki fá menn reykin í fangið, þegar hafist er handa. „Vaktin byggist meira og minna á því að vera í

viðbragðsstöðu enda veit maður aldrei hvenær kallið kemur. Allt byggist því á að vera viðbúinn kallinu. Slökkviliðsgallinn er því alltaf klár og bílarnir einnig,“ segir Kristján Þór.

Menntun slökkviliðsmanna er talsvert mikil. Fornámið er áttatíu stundir en til þess að verða atvinnuslökkviliðsmaður þarf að lágmarki hálf árs starfsreynslu og skyldunám sem er um 540 stundir. Því þarf að ljúka innan þriggja ára. „Námskeiðahald og viðbótarnám er algengt í þessu starfi og maður sækir sér þekkingu eins og maður hefur tíma til,“ segir Kristján um leið og hann fer ásamt Guðmundi Halldórssyni varðstjóra í útkall niður í Nauthólsvík. Það reyndist sem betur fer ekki vera neitt.



Í RÆKTINI Slökkviliðsmenn reyna að fara í líkamsrækt einu sinni á hverri vakt, ef tími gefst til. Slökkvilið er með samning við líkamsræktarstöðina Hreyfingu þar sem þessi mynd er tekin. Auk þess er góð líkamsræktaraðstaða í Skógarhlóðinni. Kristján Þór sést hér einbeittur við æfingar í fótpressu. Guðmundur Halldórsson varðstjóri stendur skammt undan og fylgis með félagi Kristjáns Þórs í bekkpressu.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Í FAÐMI FJÓLSKYLDUNNAR Kristján Þór sést hér við matarborðið ásamt Ásgerði H. Jóhannsdóttur konu sinni og börnum þeirra fjórum, Sandra Björt níu ára, Janus Þór þrettán ára, Aron fjögurra ára og við hlið mómmu sinnar sést glitna í Ara sem er tveggja ára. Á boðstólum er hefðbundinn og næringarríkur matur; hakk og spagetti. Að honum loknum var tólf tíma næturvakt framundan.



KRISTJÁN ÞÓR OG GUÐMUNDUR Kristján Þór og Guðmundur varðstjóri sjást hér við sérútbúinn köfunarbíl sem ávallt er til taks ef á þarf að halda. Hann var ræstur út vegna gruns um að maður hefði farið í sjóinn í Nauthólsvík þegar blaðamaður og ljósmyndari voru í heimsókn.

→ VIKAN

Mánudagur og þriðjudagur
Frivakt hjá Kristjáni Þór. „Þá tekur maður það bara rólega og sinnir fjölskyldunni,“ segir Kristján Þór. Slökkviliðsmenn eru þó alltaf til taks ef á þarf að halda. Stundum krefjast aðstæður þess að allir starfsmenn hjálpi til.

Miðvikudagur
Kristján Þór á dagvakt. Vaktin hefst hálf átta að morgni og lýkur hálf átta að kvöldi. Slökkviliðsmenn fara í ræktina um tíuleytið og sinna útköllum, sjúkraflutningum og öðru yfir daginn.

Fimmtudagur
Dagvakt. Líkt og daginn á undan er Kristján Þór mættur á vaktina klukkan hálf átta. Blaðamaður og ljósmyndari hitta hann áður en slökkvilið fer saman í ræktina um tíu. Starfsaðstæður er skoðaðar hátt og lágt. Eftir hádegisþáka Kristján Þór og Guðmundur varðstjóri á mót blaðamanni og ljósmyndara að nýju og kynna fyrir þeim undirstöðuatriði reykköfunar.

Föstudagur
Næturvakt. Vinna slökkviliðsins er vaktavinna. Unnið er á tveimur tólf tíma vöktum. Kristján Þór er nú kominn á næturvakt. Ljósmyndari hittir hann fyrir á heimili sínu áður en hann fer á næturvaktina. Borðað er í fyrri fallinu þar sem vaktin hefst hálf átta. Unnið er alla nóttina og fram á morgun.

Laugardagur
Næturvakt. Oftast en ekki er meira að gera hjá slökkviliðinu um helgar en aðra daga. Stórslysalaust hafði verið hjá slökkviliðinu þegar Fréttablaðið fór í prentun.

**MÆLISTIKAN****■ Á uppleið**

Snjóspor. Jibbi! Nú kyngir niður snjó og allir geta skellt sér á skíði, bretti og snjópotur.



Hafra mjöl og kartöflur. Uppistaða matseldar á krepputímum.

Skautatískan. Þröngar ullarpeysur, við pils og eymahlífar.

Matarboð. Of kalt til að fara í bæinn og ekkert skemmtilegra en að sitja með vinum yfir rauðvíni og góðri súpu.

Gáfuleg tímarit. Mun smartara að sjást lesa Sjónauskann eða TMM heldur en slúður um hverjir voru hvar. Hverjum er ekki sama.

Sjónvarpsdag-skráin. Nú er virkilega hægt að sitja fyrir framan kassann á síðkvöldum þegar þættir eins og Dexter eru að koma aftur.

**■ Á niðurléið**

Allt tal um megrun og föst-ur. Ef þið nennið virkilega að standa í þessu þá skuluð þið hætta að drepa aðra úr leiðindum.



Þröng beltí í mittið. Okkur fannst þetta frábær hugmynd í byrjun desember en virkar ekki eftir jólasvallið.

Jólaseriur. „E þetta er svo sætt, eigum við ekki að hafa þær áfram?“ Svarið er nei.



Gyllt og silfur-lítað. Við erum komin með ógeð á glamúrnum eftir áramótin.

Bindi og skyrtu við gallabuxur. Nei strákar, þetta er ekki töff.

Miðbærinn. Fara ekki öll kennileiti að hverfa? Greinilega enginn sem veit hvað þeir eru að gera í skipulagsmálunum.



Hálfleikstölur voru 16-5 og þar af komu þrjú marka Slóvaka úr vítum. Níu af sextán mörkum íslenska liðsins komu úr hraðaupppláupum. Það gekk gjórsamlega allt upp í þessum hálfleik og liðið spilaði meira að segja vel manni fleiri. Logi Geirsson batt endahnútinn á frábæran hálfleik með stórkostlegu marki á lokasekúndunni.

Eins og við mátti búast mætti íslenska liðið nokkuð værukært til síðari hálfleiksins. Slóvakarnir,

sem voru að spila fyrir stoltið, komu aftur á móti grimmir úr klefanum og skoruðu fjögur fyrstu mörk hálfleiksins. Fyrsta íslenska markið kom ekki fyrr en eftir 4 mínútur.

Hreiðar náði því miður ekki að fylgja eftir fyrri hálfleiknum, varði ekki skot og var tekinn af velli eftir 8 mínútur. Birkir kom inn á en fann sig aldrei almennilega þó svo að hann hafi varið nokkra bolta.

Þegar Slóvakarnir voru farnir að þjarma að íslenska liðinu komu alltaf góðir, en stuttir, kaflar hjá íslenska liðinu. Það dugði til sex marka sigurs, 28-22, en síðari hálf-

leikurinn var alls ekki nógu góður.

Íslenska liðið er aftur á móti búið að hrista af sér mesta skrekkinn og það var augljóslega pungu fargi létt af mönnum enda sat Svíatapið nokkuð í þeim. Það er mjög jákvætt hversu vel varnarleikurinn gengur og mikil batamerki voru á sóknarleiknum þótt hann eigi enn nokkuð í land.

Engu að síður er alveg ljóst að liðið verður að leika betur í dag ætli það sér að leggja gríðarsterka Frakka að velli. Strákarnir sýndu þó í fyrri að það er vel hægt og takist það fer liðið með ágætis stöðu inn í milliriðilinn.



EM Í NOREGI
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
skrifar frá Þrándheimi
henry@frettabladid.is



SÉRFRÆÐINGURINN GEIR SVEINSSON FJALLAR UM EM Í HANDBOLTA

Mikilvægt að fá fyrstu stigin í hús

Íslenska landsliðið í handknattleik sýndi í gær að viljinn og metnaðurinn til að gera vel á Evrópumótinu í Noregi er til staðar.

Allt annað var að sjá til leiks liðsins í gær en í leiknum gegn Svíum og einbeiting og ákveðni leikmanna var til fyrirmyndar og menn vel með það á hreinu hvað til þyrfti.

Liðið byrjaði leikinn gríðarlega vel og þá sérstaklega varnarlega þar sem Hreiðar sýndi stórbrotna markvörslu á köflum, sérstaklega framan af á meðan vörn íslenska liðsins var að komast almennilega í gang.

Þessi frábæra markvarsla sem og mjög góður varnarleikur liðsins í fyrri hálfleiknum skóp fjöldann allan af ódýrum mörkum í formi hraðaupppláupa og var þessi frammistaða varnar og Hreiðars í raun

lykillinn að sigri íslenska liðsins.

Hvað sóknarleik liðsins varðar þá reyndi ekki mikið á hann í fyrri hálfleik þar sem liðið stóð lungann af hálfleiknum í vörn og 2/3 marka liðsins komu eftir hraðaupppláup.

Seinni hálfleikurinn byrjaði illa og spilaðist því miður ekki eins vel og sá fyrri og kom þar sérstaklega til að sóknarleikur liðsins var engan veginn viðunandi og þó að varnarleikur liðsins sem og markvarsla hafi verið í lagi í hálfleiknum voru þeir þættir ekki jafn sterkir og í þeim fyrri.

Taka verður þó með í reikninginn að í raun var leiknum lokið í hálfleik og frammistaðan í seinni hálfleiknum því kannski ekki nægjanlega marktæk.

Góður íslenskur sigur var því staðreynd og pungu fargi

eflaust af mörgum létt því auðvitað var maður eilítið áhyggjufullur eftir frammistöðuna gegn Svíum.

Hins vegar veldur það mér áhyggjum hvað framhaldið varðar að sóknarleikur liðsins skuli ekki vera betri og það er alveg kristaltært að hann verður við að bæta fyrir leikinn gegn Frökkum ætluð við okkur sigur þar.

Frammistaða leikmanna liðsins var til fyrirmyndar og þá sérstaklega þeirra sem stóðu vaktina í vörninni. Ég hef þegar nefnt frábæra frammistöðu Hreiðars í markinu og Sigfús stjórnaði vörninni sem herforingi og skilaði því hlutverki sem til er ætlast af honum. Guðjón Valur stóð fyrir sínu, Alex var öflugur sem fyrr, jafnt í sókn sem vörn og alltaf er jafn gaman að fylgjast með óserhlfni

og dugnaði Robba á línunni.

Logi komst einnig nokkuð vel frá leiknum sem og Ásgeir en það voru einkum Einar og Snorri og þá sérstaklega Einar sem ekki fundu sig nægjanlega vel. Aðrir komu minna við sögu.

Það er gríðarlega mikilvægt að Snorri fari að komast í gang. Allur okkar sóknarleikur veltur á frammistöðu Snorra og nú þegar Óli er ekki til staðar til að leysa hann af hólmi þá er það enn mikilvægara en áður að Snorri fari að sýna sínar bestu hliðar því án þess munum við eiga erfitt uppdráttar.

Sigurinn í gær gefur engu að síður góð fyrirheit um framhaldið og auðvitað gríðarlega mikilvægt að fyrstu stigin og væntanlega sæti í milliriðli skuli vera komin í hús.

Svo er bara að hlakka til leiksins í dag gegn Frökkum!

ÚRSLITIN Í GÆR

EM í handbolta

C-riðill
 Ungverjaland-Þýskaland 24-28 (12-13)
 Ferenc Ilyes 4, Tamas Mocsai 4, Balazs Laluska 4 - Torsten Jensen 5, Markus Baur 5/4, Pascal Heinz 4. Johannes Bitter varði 12 skot
 Hvíta Rússland-Spánn 31-36 (15-18)
 Barys Pukhouski 8/1, Ivan Brouka 6/2 - Albert Rocas 11/9, Alberto Enterrios 9.

STADAN

Þýskaland	2	2	0	0	62-50	4
Ungverjaland	2	1	0	1	59-56	2
Spánn	2	1	0	1	64-66	2
Hvíta Rússl.	2	0	0	2	57-70	0

D-riðill
 Ísland-Slóvakía 28-22 (16-5)
Mörk Íslands (skot): Guðjón Valur Sigurðsson 7 (12/1), Alexander Petersson 5 (9), Logi Geirsson 4 (9), Róbert Gunnarsson 4 (6), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (4), Snorri Steinn Guðjónsson 2/1 (5/2), Hannes Jón Jónsson 1 (1), Jalliesky Garcia Padron 1 (1), Einar Hólmgeirsson 1 (6), Vignir Svavarsson 1 (1).
Varin skot: Hreiðar Guðmundsson 9 (21/4) 43%, Birkir Ívar Guðmundsson 6 (16/2) 38%.
Hraðaupplauþ: 13 (Guðjón 5, Alexander 5, Logi, Ásgeir, Vignir).
Fiskuð viti: 3 (Róbert 2, Guðjón)
Útan vallar: 12 mínútur.

Mörk Slóvakía (skot): Radoslav Kozlov 7/5 (12/6), Frantisek Sulc 5 (11), Vlastimil Funak 2 (3), Michal Baran 2 (4), Martin Stranovsky 2 (3), Csaba Szucs 2 (2), Radoslav Antl 1 (2/1), Peter Dudas 1 (3).
Varin skot: Richard Stochl 17/2 (45/3) 38%.
Hraðaupplauþ: 5
Fiskuð viti: 6
Útan vallar: 14 mínútur.

Svíþjóð-Frakkland 24-28 (13-18)
 Martin Boquist 4, Kim Andersson 4/1, Dalibor Doder 4 - Oliver Girault 5, Luc Abalo 5, Nikola Karabatic 5/1, Bertrand Gille 4, Jerome Fernandez 4, Daniel Narcisse 4.

STADAN

Frakkland	2	2	0	0	60-55	4
Svíþjóð	2	1	0	1	48-47	2
Ísland	2	1	0	1	47-46	2
Slóvakía	2	0	0	2	53-60	0

Stjörnudagur KKÍ

Karlandsliðið-Úrvalsliðið 137-136 (74-68)
Stig Íslands: Páll Axel Vilbergsson 28 (hitti úr 12 af 15 skotum), Hlynur Bæringsson 19 (10 frá, 12 stoðs.), Magnús Þór Gunnarsson 15 (hitti úr 5 af 8 3ja stiga, 8 stoðs.), Jóhann Árni Ólafsson 13, Hreggviður Magnússon 13, Helgi Már Magnússon 12 (hitti úr 4 af 7 3ja stiga), Brynjar Þór Björnsson 12 (hitti úr 4 af 6 3ja stiga), Sigurður Gunnar Þorsteinsson 10, Hörður Axel Vilhjálmsson 9, Kristinn Jónsson 4, Sveinbjörn Claessen 2.
Stig Iceland Express: Cedric Isom 29 (hitti úr 12 af 18 skotum), Jonathan Griffin 27, Tommy Johnson 14, Bobby Walker 12, Darri Hilmarrson 10, Joshua Helm 9, Dimitar Karadzovski 9, Justin Shouse 8, Damon Bailey 7, Óðinn Ásgeirsson 6, Fanney Freyr Helgason 5.

Kvennlandsliðið-Úrvalsliðið 74-68
Stig Íslands: Signý Hermannsdóttir 17 (12 frá, 4 varin), Krístrún Sigurjónsdóttir 15, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 9 (7 frá), Hildur Sigurðardóttir 6 (9 frá, 6 stoðs.), Petrunella Skúladóttir 6, Unnur Tara Jónsdóttir 6, Jovana Lijja Stefánsdóttir 6, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 5, Sigrún Ámundadóttir 4, Margrét Kara Sturludóttir 2 (9 frá), Fanney Lind Guðmundsdóttir 2.
Stig Iceland Express: Monique Martin 30 (9 frá, 5 stolnir, 23 mín.), Molly Peterman 12, Keshia Watson 10 (4 stoðs.), Tiffany Roberson 9 (14 frá, 10 stoðs.), Ólöf Helga Pálsdóttir 9, Kiera Hardy 8 (6 frá, 4 stoðs.), Rannveig Randversdóttir 6, LaKiste Barkus 5, Telma Björk Fjalarsdóttir 4, Pálína Gunnlaugsdóttir 3 (4 stoðs.), Þórunn Bjarnadóttir 2, Íris Sverrisdóttir 2.

Landsliðsþjálfarinn Alfreð Gíslason sagði leikinn í gær skref í rétta átt:

Getum ekkert ef við spilum ekki af fullum krafti

HANDBOLTI Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari leyfði sér að brosa eftir leikinn í gær enda hans menn komnir með annan fótinn áfram í keppninni en tap hefði þýtt að Ísland væri líklega á leið heim á morgun.

„Ég var mjög svekktur með síðari hálfleikinn en hann sýndi að ef við spilum ekki af fullum krafti þá getum við ekki rassgat í handbolta. Við spiludum stórkostlegan fyrri hálfleik þar sem vörnin var frábær og markvarslan í hágæðaklassa. Svo byrjar síðari hálfleikurinn hryllilega, menn gera tóma vitleysu og það fór gríðarlega í taugarnar á mér,“ sagði Alfreð en hann veit sem er að hans menn þurfa að gera betur í dag.

„Því miður datt markvarslan aftur niður en við virðumst alltaf bara fá markvörslu í hálf tíma. Ég var gríðarlega ánægður með Hreiðar í fyrri hálfleik og sagði við hann í hálfleik að hans verðlaun væru að standa sig líka vel í síðari hálfleik og stimpla sig inn í alþjóðlegan klassa. Hann hvarf og það var sorglegt fyrir hann þar sem hann var frábær í fyrri hálfleik,“ sagði Alfreð.

Alfreð var ánægður með vörnina og þá sérstaklega Sigfús. „Það gerði Fúsa greinilega gott að vera við það að detta úr hópnum sem og vera sendur til Noregs að hreyfa sig. Hann er búinn að vera vaxandi og ég hef haldið honum við efnið með því að spyrja hvort það slokkti á honum í þriðja leik eins



ÖSKRAR Á STRÁKANA Alfreð Gíslason hvatti strákana óspart á hliðarlínunni og lét þá oft heyrja það þegar þeir gerðu vitleysur.

og á síðasta HM eða hvort hann ætli að halda áfram á sömu braut.

Alfreð játar að tapið gegn Svíum hafi lagst þungt á menn og því hafi þungu fargi verið létt af mönnum í gær.

„Það var ekki bara tapið heldur hvernig við töpuðum. Ef menn vinna saman þá náum við árangri

en ef ekki þá getum við gleymt þessu. Það var margt jákvætt í þessu og ég er talsvert kátari núna,“ sagði Alfreð sem reiknar ekki með því að nota Ólaf Stefáns-son í dag.

„Frakkarnir eru frábærir og hvergi veikan hlekk að finna þar. Það verður mikil prófaun að mæta þeim.“



ÁFRAM ÍSLAND Eiríkur Hauksson var í stúkunni og tók lagið eftir leik.

Stemning í Brándheimi:

Eiki tók lagið

HANDBOLTI Íslensku áhorfendurnir voru hreint út sagt stórkostlegir í gær, sungu og trölluðu allan leikinn undir íslenskum tónum sem voru mikið spilaðir á leiknum.

Teitið hélt áfram eftir leik þar sem Íslendingarnir söfnuðust saman á Monte Cristo-barnum. Þá stóð til að Eiríkur Hauksson tæki lagið en hann hafði lofað því ef Ísland myndi leggja Slóvakía. - hbg

Þjálfari Slóvakía eftir leikinn:

Vanmátu Ísland

HANDBOLTI Það var ekki hátt risið á Zoltan Heist, þjálfara Slóvakía, í gær og vonbrigðin voru mikil.

„Þetta var ekki eðlilegur leikur hjá okkur. Þegar menn fréttu að Ólafur Stefáns-son yrði ekki með Íslandi héldu strákarnir að þetta yrði eitthvað auðvelt en það var svo sannarlega ekki raunin,“ sagði Heist.

„Við erum með ungt lið sem vantar stöðugleika. Það er meiri breidd í íslenska liðinu og við áttum ekki möguleika eftir fyrri hálfleikinn þó svo að menn hafi barist vel í þeim síðari.“ - hbg

Landsliðin voru í sviðsljósinu á Stjörnudegi Körfuknattleikssambandsins í Íþróttahúsinu í Keflavík í gær:

Hlynur með þrennu í eins stigs sigri

KÖRFUBOLTI Karlandsliðið vann eins stigs sigur, 137-136, á úrvalsliði Iceland Express-deildar karla í Stjörnuleik karla í gær en kvennaliðið varð að sætta sig við 22 stiga tap, 78-100, fyrir samskonar úrvalsliði úr Iceland Express-deild kvenna. Stjörnuleikir KKÍ voru að þessu sinni æfingaleikir landsliðanna og því ekki um dæmigerða stjörnuleiki að ræða að þessu sinni.

Karlandsliðið hafði betur á æsispennandi lokamínútum en úrvalsliðið var allan leikinn að vinna upp frábæra byrjun landsliðsins sem var 39-28 yfir eftir fyrsta leikhlutann. Hörður Axel Vilhjálmsson fór mikinn í fyrsta leikhluta og tróð þá meðal annars þrisvar sinnum í körfuna með miklum tilþrifum.

Páll Axel Vilbergsson brenndi varla af skoti hjá landsliðinu og lék mjög vel eins og Magnús Þór

Gunnarsson. Besti maður liðsins var þó Hlynur Bæringsson sem náði glæsilegri þrennu, skoraði 19 stig, gaf 12 stoðsendingar og tók 10 fráköst. Hlynur innsiglaði líka sigurinn á vitalínunni í lokin.

Þórsarinn Cedric Isom og Jonathan Griffin reyndu mikið og skoruðu saman 56 stig fyrir úrvalsliðið en sex leikmenn liðsins skoruðu á bilinu 9 til 14 stig. Bæði lið skoruðu 20 þriggja stiga körfur en landsliðið nýtti sín langskot betur, 49 prósent gegn 44 prósentum og það átti mikinn þátt í sigrinum.

Alltof erfitt próf

Kvennlandsliðið lék sinn fyrsta leik undir stjórn Ágústis Björgvinnssonar þótt ekki hefði verið um opinberan landsleik að ræða. Íslenska landsliðið fékk alltof erfitt fyrsta próf því úrvalsliðið var mun sterkara og vann öruggan sigur.



SIGURTROÐSLAN Grindvíkingurinn Ólafur Ólafsson tryggir sér sigur í troðslukeppninni.

Landsliðsstúlkurnar gáfust þó aldrei upp og áttu nokkra góða spretti og komu muninum niður í 3 stig í þriðja leikhluta og 12 stig í þeim fjórða en nær komust þær ekki.

Landsliðsfyrirliðinn Signý Hermannsdóttir, Krístrún Sigurjónsdóttir og Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir voru atkvæðamestar í landsliðinu en hjá úrvalsliðinu var Monique Martin illviðráðanleg og Tiffany Roberson var aðeins einu stigi frá þrefaldri tvennu en auk stiganna 9 var hún með 14 fráköst og 10 stoðsendingar.

Hinn 17 ára Ólafur Ólafsson frá Grindavík vann troðslukeppnina sem fram fór í hálfleik á karlaleiknum. Ólafur hafði betur í úrslitum á móti þeim Tahirou Sani úr ÍR, Herði Axel Vilhjálmssyni úr Njarðvík og Bobby Walker í Keflavík. - óó

HJÓLHÝSASÝNING UM HELGINA

SÝNUM GLÆSILEGT ÚRVAL HJÓLHÝSA FRÁ LMC, FENDT OG KNAUS

ÁRGERDIR 2008

VERIÐ VELKOMIN!
 OPIÐ LAUGARDAG KL. 12-16 OG SUNNUDAG KL. 13-17.
 WWW.VIKURVERK.IS

VELDU ÞAÐ BESTA!

VÍKUR V • E • R • K
 VÍKURHVARFI 6 SÍMI 557 7720

KNAUS SPORT 450 FU 4 manna 2.199.000.- KNAUS SPORT 500 QDK 6 manna kojuhús 2.344.900.- LMC MÜNSTELAND 475 RD 4 manna 2.685.000.- LMC CASA FAMILIA 720 RBK 7 manna kojuhús 3.398.900.-

> Daryl Hannah

Ótrúlegt en satt þá glímur leik-
konan Daryl Hannah við mjög
hvíleitt vandamál en hún
þjáist af hræðslu við stór og
opin rými. Auk þess þykir
Hannah gríðarlega feimin.
Hannah sýnir hins vegar á
sér aðra hlið í myndinni
Kill Bill sem Stöð 2 Bíó
sýnir í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR ER HRIFIN AF DAUÐA OG DRUNGA

Vinalegi fjöldamorðinginn snýr aftur

Fáir sjónvarpsþættir eru þannig að það má
ekki missa af neinum þætti. Dexter eru hins
vegar slíkir þættir og mér til mikillar gleði snýr
vinalegi fjöldamorðinginn Dexter Morgan aftur
á Skjá einum í kvöld.

Dexter er fjöldamorðingi í Miami sem starfar
sem blóðslettusérfræðingur hjá lögreglunni
þar í borg. Að sjálfsgöðu skapar það vissa
spennu fyrir fjöldamorðingja að starfa svo
náið með sínum helstu óvinum en á móti fær
hann ýmsar upplýsingar sem koma honum að
góðum notum.

Dexter er leikinn af Michael C. Hall sem er mjög sannfærandi
sem hinn heillandi fjöldamorðingi. Fyrsta þáttaröðin sem unnin
var eftir bókinni Dexter Darkly Dreaming voru með eindæm-
um vinsælir og nú hefst sería tvö. Ólíkt öðrum þáttaröðum
um þessar mundir sem sýndar eru hálfkláraðar vegna verkfalls



DEXTER Vinalegi fjöldamorðinginn.

handritshöfunda í Hollywood verður Dexter
sýndur allur í einu lagi þar sem búið var að
ljúka skrifum þáttanna fyrir verkfallið. Þá er
þegar búið að taka ákvörðun um þriðju þátta-
röðina aðdáendum seríunnar til mikillar gleði.

Við upphaf annarrar þáttaraðar getur Dexter
lítið aðhafst til að fullnægja frumþörfum
sínum vegna stöðugs eftirlits erkióvinnar síns,
rannsóknarlögreglumannsins Doakes. Til að
flækja hlutina enn meira finna kafarar fjölda
líka í sjónum þar sem Dexter var vanur að losa
sig við fórnarlömb sín. Morðinginn er nefndur

„Bay Harbor Butcher“ eða Hafnarlátrarin og til sögunnar
kemur FBI-lögreglumaðurinn Lundy sem einsetur sér að finna
morðingjann.

Aumingja Dexter rambar á barmi taugaáfalls og verður spenn-
andi að sjá hvernig hann snýr sér út úr þessari stöðu.

EKKI MISSA AF



▶ **14.30** Alþjóðlegt mót í frjálsum
SJÓNVARPIÐ



▶ **20.00** Dýravinir SKJÁREINN



▶ **20.25** Pressa STÖÐ 2



▶ **22.00** Kill Bill STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **23.30** Green Bay - NY Giants
SÝN

SJÓNVARPIÐ

- 08.00** Morgunstundin okkar
- 08.01** Í næturgarði (16:26)
- 08.29** Róbert Bangsi (23:26)
- 08.39** Kólabræður (36:52)
- 08.49** Landið mitt (10:26)
- 09.01** Herkúles (46:56)
- 09.23** Sigildar teiknimyndir
- 09.30** Finni kostur (18:21)
- 09.52** Fræknir ferðalangar (58:91)
- 10.22** Sigga ligga lá (7:52)
- 10.35** Konráð og Baldur (14:26)
- 10.50** Váboði (12:13) e.
- 11.20** Laugardagslögin
- 12.30** Silfur Egils
- 13.40** Spaugstofan
- 14.05** Stundin okkar
- ▶ **14.30** Alþjóðlegt mót í frjálsum
íþróttum Bein útsending úr Laugardalshöll.
- 16.45** EM-stofan
- 17.15** EM í handbolta Bein útsending frá
leik Íslendinga og Frakka.
- 18.45** Táknálfir
- 19.00** Fréttir
- 19.30** Veður
- 19.40** Sunnudagskvöld með Evu Maríu
- 20.20** Glæpurinn (14:20)
- 21.20** Sunnudagsbíó – Bretar (2:2)
- 23.15** Silfur Egils e.
- 00.25** Sunnudagskvöld með Evu Maríu
- 01.00** EM í handbolta e.
- 02.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.00** Grace of My Heart
- 08.00** Rasmus fer á flakk
- 10.00** Big Momma's House 2
- 12.00** Lake House
- 14.00** Grace of My Heart
- 16.00** Rasmus fer á flakk
- 18.00** Big Momma's House 2
- 20.00** Lake House
- ▶ **22.00** Kill Bill Frábær hasarpennu-
mynd sem sópaði að sér viðurkenningum.
Aðalhlutverk: Uma Thurman, Lucy Liu og
Daryl Hannah Leikstjóri: Quentin Tarantino.
- 00.00** Taking Lives
- 02.00** Girl Fever
- 04.00** Kill Bill



- 07.00** Barney
- 07.25** Krakkarnir í næsta húsi
- 07.50** Pocoyo
- 08.00** Algjör Sveppi Sveppi sýnir teikni-
myndirnar Könnuðurinn Dóra, Gordon
Garðálfur, Refurinn Pablo og margar fleiri.
- 10.45** Ginger segir frá
- 11.10** A.T.O.M.
- 11.35** Tutenstein
- 12.00** Hádegisfréttir
- 12.25** Nágrannar
- 12.45** Nágrannar
- 13.05** Nágrannar
- 13.25** Nágrannar
- 13.45** Nágrannar
- 14.10** All About George (1:6)
- 14.55** Til Death (22:22)
- 15.20** Phenomenon (3:5)
- 16.10** Logi í beinni
- 16.55** 60 mínútur
- 17.45** Oprah (Dr. Oz. A Special Report
On Death)
- 18.30** Fréttir Stöðvar 2
- 19.05** Mannamál (15:40)
- 19.50** Sjálfstætt fólk Jón Ársæll Þórðar-
son snýr aftur með viðtalsþátt sinn sem er
margfaldur Edduverðlaunahafi. 2008.
- ▶ **20.25** Pressa (4:6) Í þáttaröðinni fylgi-
umst við með Láru, nýgræðingi í blaða-
mennsku, sem tekur að sér að rannsaka
dularfullt mannhvarf, sem brátt breytist í
morðrannsókn. 2007. Bönnuð börnum.
- 21.20** Cold Case (1:23)
- 22.05** Prison Break (8:22) Þriðja ser-
ían af þessum vinsælasta spennuþætti
Stöðvar 2.
- 22.50** The Station Agent Sérstaklega
einlæg og áhrifamikil verðlaunavikmynd
um vináttu þriggja gerólíkra einstaklinga
sem allir glíma við mikinn einmanaleika og
depurð. Aðalhlutverk: Paul Benjamin, Peter
Dinklage, Jase Blankfort. Leikstjóri: Thom-
as McCarthy. 2003. Leyfð öllum aldurs-
hópum.
- 00.20** Crossing Jordan (7:17)
- 01.05** Something the Lord Made
- 02.50** The Mystery of Natalie Wood
- 04.15** The Mystery of Natalie Wood
- 05.40** Fréttir
- 06.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SYN besta sætið

- 08.40** Gillette World Sport
- 09.10** Spænski boltinn (Villarreal - Val-
encia)
- 10.50** Box - Felix Trinidad - Roy Jones
Jr.
- 12.20** NBA körfuboltinn (Denver -
Utah)
- 14.20** Skills Challenge
- 15.50** Skills Challenge
- 17.20** NFL - Upphitun
- 17.50** Spænski boltinn Bein útsending
frá leik Atletico Madrid og Real Madrid í
spænska boltanum en kl 20.00 er sýndur
beint á Sýn Extra leikur Barcelona og Racing.
- 19.50** NFL-deildin Sannkallaður stórlag-
ur í NFL-fótboltanum þar sem mætast New
England Patriots með Tom Brady í broddi
fylkingar og San Diego Chargers. New Eng-
land hefur unnið 17 leiki í röð og San Diego
þarf að stoppa tvíeykið Tom Brady og
Randy Moss.
- ▶ **23.30** NFL-deildin Bein útsending frá
leik Green Bay Packers og New York Giants
í úrslitakeppni NFL. Green Bay voru í stuði
um síðustu helgi þar sem þeir skoruðu 42
stig en spurningin er hvort Brett Favre held-
ur áfram að leiða Packers eins og herforingi
gegn New York.

SYN2

- 09.15** Birmingham - Chelsea
- 10.55** Premier League World (Heim-
ur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem
enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum
hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjör-
nurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu
fyrir enska boltanum um heim allan.
- 11.25** PL Classic Matches (Bestu leikir
úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu
og effirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
- 11.55** 4 4 2
- 13.20** Wigan - Everton (Enska úrvals-
deildin) Bein útsending frá leik Wigan og
Everton í ensku úrvalsdeildinni.
- 15.20** PL Classic Matches
- 15.50** Man. City - West Ham (Enska úr-
valsdeildin) Bein útsending frá leik Man.
City og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
- 18.00** Newcastle - Bolton
- 19.45** Fulham - Arsenal
- 21.30** 4 4 2
- 22.55** Reading - Man. Utd.

SKJÁREINN

- 11.00** Vörutorg
- 12.00** World Cup of Pool 2007 (11:31)
- 12.50** Professional Poker Tour (e)
- 14.20** High School Reunion (e)
- 15.10** Bullrun (e)
- 16.00** Canada's Next Top Model (e)
- 17.00** Queer Eye (e)
- 17.55** The Bachelor (e)
- 19.00** The Office (e)
- 19.30** 30 Rock (e)
- ▶ **20.00** Dýravinir (12:14) Guðrún Heim-
isdóttir kemur víða við og skoðar gæludýr
af öllum stærðum og gerðum. Guðrún er
enn í sólinni á Flórída. Nú heimsækir hún
krókódilagarð þar sem hún skoðar meðal
annars sporðreka, tarantúlu og kyrkslöngu.
Svo handmatar hún krókóðil og glímur við
annan.
- 20.30** Ertu skarpari en skólakrakkí?
- 21.30** 5 Tindar (1:2) Fyrri hluti myndar
um sannar íslenskar hetjur. Síðasti hluti
gengu nokkrir galvaskir Íslendingar á hæstu
tindana í öllum landshlutum á einni helgi.
Þessir eitilhörðu fjallgöngugarpar söfnuðu
áheitum og létu allan ágóða renna til Sjón-
arhóls. Hópurinn er sambland af vinnufélög-
um, vinum og kunningjum sem eiga það
sameiginlegt að vera með öllu óvant fjall-
göngufólk. Ferðin reyndist erfiðari en gert
hafði verið ráð fyrir og tók mikið á bæði lík-
amlegan og andlegan styrk þátttakenda.
Seinni hlutinn er á dagskrá næstkomandi
sunnudagskvöld.
- 22.30** Dexter Bandarísk þáttaröð dagfars-
prúða morðingjann Dexter. Á daginn vinnur
hann við að rannsaka morð fyrir lögregluna
í Miami en á kvöldin er hann sjálfur kaldrif-
aður morðingi. Hann dreypur bara þá sem
eiga það skilið. Þetta er önnur þáttaröðin
um Dexter sem slegið hefur rækilega í gegn
vestan hafs.
- 23.30** C.S.I. New York (e)
- 00.30** C.S.I. Miami (e)
- 01.30** Vörutorg
- 02.30** Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Magasinþáttur – mannlíf og
menning á Norðurlandi. Samantekt um-
fjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma
frestí til 10.15 á mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

4X4 UM HELGINA!

MIKIÐ ÚRVAL AF FJÓRHJÓLADRIFNUM BÍLUM



www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Laugavegi 174
Kletthálsi 11

Sími 590 5040
Sími 590 5040

Opið alla helgina
Opið laugardag frá 10 - 14

www.bilathing.is

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notaðum bílum

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.30
Cold Case – Ný þáttaröð

Fimmta sería eins vinsælasta þáttaröð Stöðvar 2 síðustu árin. Lily Rush slasaðist lífshættulega í skotbardaga í síðustu þáttaröð, nú er hún mætt aftur ásamt félögum sínum og heldur uppteknum hætti við að rannsaka óupplýst sakamál, sem safnað hafa ryki í skjálaskápum lögreglunnar.

▶ VIÐ MÆLUM MED
Ísland - Frakkland
Sjónvarpið kl. 17.15

Síðasta leikurinn hjá strákunum okkar í riðli D á Evrópumeistaramótinu í Noregi og nú verður róðurinn þungur. Frakkland hefur verið með betri handboltaþjóðum heims um langt skeið og því er spurningin: Hvað gera Alfreð og strákarnir, ná þeir að endurtaka leikinn frá því á HM í fyrra?



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.05 Morgunandakt
08.15 Ársól
09.03 Lóðrétt eða lárétt
10.15 „Íslands göfugasti sonur“
11.00 Guðsþjónusta í Neskirkju
12.00 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Gárur
14.00 Hvað er að heyra?
15.00 Útvarpsleikhúsið: Steinninn
15.40 Handhafi viðkenningar
16.10 Úr tónlistarlífinu: „Öðruvísi Vinartónleikar“

17.30 Úr gullkistunni
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.26 Seiður og hélog
18.52 Dánarfregnir og augýsingar
19.00 Útúr nóttinni... og inní daginn
20.00 Leynifélagið
20.30 Brot af eilífðinni
21.10 Orð skulu standa
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Til allra átta
23.00 Andrarímur
00.07 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

- 16.00 Hollyoaks
16.25 Hollyoaks
16.50 Hollyoaks
17.15 Hollyoaks
17.40 Hollyoaks
18.05 Hollywood Uncensored
18.30 Footballer's Wives - Extra Time (13:18) Framlenging á einum vinsælasta þætti Stöðvar 2 á síðari árum, ennþá. Spúsar fótboltaþjálfamanna eru mættar enn og aftur til leiks og viðhöldin einnig, ennþá svæsnari.
18.50 Footballer's Wives - Extra Time (14:18)
19.15 George Lopez Show, The (e)
19.40 Sjáðu
20.05 American Dad 3 (e)
20.30 Special Unit 2 (4:19) Gaman-samir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu mál sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftast en ekki eru af yfirmátturulegum toga.
21.15 Johnny Zero (11:13)
22.00 Stelpurnar
22.25 X-Files (e)
23.10 Footballer's Wives - Extra Time (13:18)
23.35 Footballer's Wives - Extra Time (14:18)
00.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12.00 Wild Indonesia 13.00 A Week of Dressing Dangerously 13.30 Grumpy Old Women 14.00 Popcorn 15.00 My Hero 15.30 My Hero 16.00 My Dad's the Prime Minister 16.30 Mad About Alice 17.00 EastEnders 17.30 EastEnders 18.00 Secrets of the Ancients 18.50 The Human Mind 19.50 Complete Obsession - Body Dysmorphia 20.50 Trouble at the Top 21.30 I'll Show Them Who's Boss 22.10 Boss Women 23.00 EastEnders 23.30 EastEnders 0.00 Secrets of the Ancients 1.00 The Human Mind 2.00 Boss Women 3.00 Complete Obsession - Body Dysmorphia

DR 1

10.00 Þá verðs bund 10.30 Arbejdsliv - find et job 11.00 TV Avisen 11.10 Boxen 11.25 OBS 11.30 SPAM 12.00 SKUM TV 12.15 Flemmings Helte De Luxe 12.35 Family Guy 13.00 DR Kirken 13.45 Sommer 14.45 Håndbold Søndag 16.30 Sigurd og Bigbandet 17.00 Når gorillaen forelsker sig 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.10 Landsbyhospitalet 19.00 Sommer 20.00 21 Søndag 20.40 SøndagsSporten 20.50 En falden engel 22.00 Prinsvinderne: Sisai 22.55 Dødens Detektiver 23.20 OBS 23.25 I overgiberens spor

NRK1

10.00 NRKs sportssøndag 10.55 V-cup kombinert 11.30 Sport i dag 11.55 V-cup skiskyting 12.45 V-cup hopp 13.30 Sport i dag 13.45 V-cup hopp 14.20 V-cup skiskyting 15.20 EM skøyter sprint 16.30 Apen himmel 17.00 Kalle og Molo 17.20 Sola er en gul sjiraff 17.30 Newton 18.00 Søndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.15 Drama på savannen 20.05 Nordkalotten 365: Et år på tur med Lars Monsen 20.35 Finding Neverland 22.15 Kveldsnytt 22.30 Keno 22.35 Kampen om sannheten 23.15 Junistane 0.00 Terjes sesongkort 0.25 Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

10.05 Toppform 10.35 Debatt 12.35 Inför Guldbaggegalan 2008 12.45 P3 Guldbaggegalan 2008 14.15 Che Guevaras kropp 15.10 Vem håller i kopplet? 15.30 Carin 21:30 16.00 Per Enoksson - Tärnaby - New York t/r 17.00 BoliBompa 17.30 Ronja Rövardotter 18.20 Tull och tyll 18.30 Rapport 19.00 Andra Avenyn 19.30 Sportspejeln 20.15 Agenda 21.10 Människojägare 22.00 Rapport 22.10 Strindberg - död eller levande 23.10 Brottskod: Försvunnen

ÚTSÖLULOK

NÚ VERÐUR ALLT BRJÁLAD!!!
ATH. Erum með 25 potta á gólfi.

Rýmum fyrir árgerð 2008.

Seljum alla potta árgerð 2007 á hrikalegu verði.

Það er núna eða aldrei. Hvað er betra en að hafa rjúkandi heitann pott í garðinum sínum og slappa vel af í skammdeginu!!!!

Arctic Spas eru Kanadískir gæðapottar
Arctic Spas eru sterkir pottar og þola íslenskt veðurfar
Arctic Spas þola allt niður að -50gr frosti



Eigum mikið úrval af plast tröppum ásamt
vönduðum tröppum úr sérvöldumsedrusviði.
Verð frá: 7.900,- kr



Seljum einnig Panasonic Nuddstóla.
Þetta eru stólar sem þola næstum allt.
2 ára ábyrgð. Gæðastólar



Vorum að taka á mót heilum gám.
Allt fyrir spilaherbergið, Pókerborð,
Billiardbord, spilastólar, Barir og fleira og fleira.
Allt unnið úr gegnheilum við (Ask) frá Kanada



Bryggjuborð úr Azoba tré.
Dönsk hönnun, dönsk gæði,
dönsk vara, lífstíðar ending.
Þetta eru framtíðarútihúsgögn.



Opið alla helgina.
Föstudag 10.00 -18.00
Laugardag 10.00 -18.00
ATH. Opið í dag
Sunnudag 12.00-18.00



Arctic Spas Faxafeni 9 (ATH: aðkoma í kjallara bakhús)
Sími 554 7755 www.arcticspas.is & www.heitirpottar.is

HVAÐ SEGIR MAMMA?



„Ég er alveg rosalega stolt af stráknum mínum og ég horfi alltaf á þættina hans. Hann hefur náð afskaplega langt í sínu fagi og ég var eiginlega alltaf klár á því að honum myndi takast það enda er hann mjög fylginn sér.“

Sigríður Lúthersdóttir er móðir Egils Arar Egilssonar, Eagle Egilsson, sem var tilnefndur annað árið í röð til ASC-fagverðlaunanna í Bandaríkjunum. Egill vinnur við gerð þáttanna CSI: Miami.

Hanni pabbi í annað sinn

Trommarinn Jóhann Bachmann, sem oft er ekki er kenndur við Skítamóral, á von á barni með kærustu sinni, Írisi Aðalsteinsdóttur. Það kynnist í Kaupmannahöfn á síðasta ári, en Hanni dvaldist í Danmörku bróðurpartinn af síðasta ári, eftir að hann fluttist þangað ásamt bróður sínum, Haraldí Bachmann. Þegar hann snéri heim var Íris með í för.

„Þetta er fyrsta barnið okkar saman, en við eigum bæði börn fyrir. Það er auðvitað mikil spennan og rosaleg hamingja með þetta á heimilinu,“ segir Hanni kátur. Hann á fyrir dótturina Emblu Dögg, sem verður tíu ára í sumar, en Íris á soninn Tristan Breka, sem er að verða fimm ára. „Það er ágætt að hafa þetta svona, á fimm ára fresti,“ segir Hanni og hlær við. Erfinginn er væntanlegur í heiminn í júlí, en Hanni segir þau Írisi ekki hafa fengið að vita neitt um kyn ennfá.

Hanni hefur snúið aftur til starfa í Rafkaupum, þar sem hann hefur áður unnið, en til stóð að hann færi í ljósaðhönnunarnám í Danmörku. „Við frestuðum því og komum heim í staðinn. En ég vinn við að selja og hanna lýsingar í hús. Við erum með tvo ljósaðhönnuði hérna sem ég er að læra af,“ útskýrir Hanni.



MIKIL HAMINGJA Hanni Bachmann og kærasta hans, Íris Aðalsteinsdóttir, eiga von á fyrsta barni sínu saman í sumar.

HIN HLIÐIN VIGDÍS HREFNA PÁLSDÓTTIR LEIKKONA

Franskur matur slær allt út

Hvað er að fréttu? Ég er að æfa í Höllu og Kára sem er nýtt íslenskt verk eftir Hávar Sigurjónsson sem við ætlum að frumsýna í Hafnarfjarðarleikhúsinu næsta laugardagskvöld.

Augnlitur: Mógærrenn.

Starf: Leikkona.

Fjölskylduhagir: Góðir.

Hvaðan ertu? Borin og barnfædd í Þingholtunum.

Ertu hjátrúarfull? Já, svona í hófi held ég.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Forbryðelsen, ekki séns að ég missi af einum þætti.

Uppáhaldsmatur: Franskur matur slær allt út, þeir gera einföldustu máltíð að veislu.

Fallegasti staðurinn: Einu sinni fór ég til Capri. Þar er fallegt.

iPod eða geislaspilari: Hvorugt, held fast í vinylinn.

Hvað er skemmtilegast? Að leika á móti Erling Jóhannessyni... hann drepur mig úr hlátri.

Hvað er leiðinlegast? Að rifast.

Helsti veikleiki: Hárið á mér er handgult á litinn í augnablikinu.

Helsti kostur: Hvað hárið á mér vex hratt.

Helsta afrek: Dóttir mín.

Mestu vonbrigðin: Að hafa hætt í ballettinum... var bara sex ára og vildi fá tásku strax.

Hver er draumurinn? Að fara til Suður-Frakklands í sumar og sleikja sólina... dásemd.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Ég á miða á Ladda í kvöld. Hann er snillingur!

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Hóflaus neysla og einstaklingshyggja landans.

Hvað er mikilvægast? Að tapa ekki sjálfum sér.



JÓHANN PÁLL: EVRÓPSK STÓRFÖRLÖG KAUPA SKIPIÐ

Heimsfrægð blasir við Stefáni Mána

„Um upphæðir vil ég ekki upplýsa en bróðurparturinn rennur til Stefáns Mána en Forlagið fær sín umboðslau,“ segir Jóhann Páll Valdimarsson útgefandi hjá Forlaginu.

Við upphaf bókasýningarinnar í Frankfurt síðastliðið haust tryggði bókaforlagið þýska Ullstein sér bókina Skipið eftir Stefáni Mána á undan öllum öðrum með forkaupstillboði á útgáfuréttinum. En að sögn Jóhanns Páls voru það ekki bara þýskir útgefendur sem hrifust af bókinni, í Frakklandi var áhuginn gífurlegur og að lokum varð að efna til uppboðs um útgáfuréttinn. Eftir sviptingar var það hið kunna forlag Gallimard sem hreppti hnosið. Nú í vikunni var svo gengið frá útgáfusamningi við sænska forlagið Albert Bonnier, en áður hafði útgáfurisinn Gyldendal keypt útgáfurétt í Danmörku og forlagið Motto í Tékklandi.

„Það er ævinlega svo að þegar fleiri útgefendur bítast um útgáfurétt bóka og þær fara á uppboð þá leiðir það til betri samnings og hærri fyrirframgreiðslna,“ segir Jóhann Páll spurður nánar út í hvort þetta kapp útgefenda ytra hljóti ekki að gefa væna fólgu í aðra hönd. Jóhann vill sem minnst um það segja. Hann segir öllu skipta að útgefandinn sé öflugur og fær um að

gefa viðkomandi bók út með faglegum hætti. „Enginn franskur útgefandi ætti að vera í betri aðstöðu en Gallimard til þess enda virtasti útgefandi í Frakklandi og áhugi þeirra á Skipinu gríðarlegur. Það tryggir að þeir muni halda bókinni vel fram og leggja sig fram um kynninguna.“

Um hvort þessi velgengni Stefáns Mána komi útgefandanum reynda á óvart segist hann ekki geta sagt það. „Þó að ég standi ávallt tveimur fótum á jörðinni þegar kemur að útrás og heimsfrægð enda engu að treysta í því sambandi og það þarf að fara saman góð bók, heppni og vönduð kynning erlendis ef allt á að ganga upp. Stefán Máni er að mínu viti framúrskarandi höfundur og gríðarlega öflugur þannig að ég hef metið það svo frá upphafi að hann ætti mikla möguleika á erlendum bókamarkaði og það er sannarlega gaman að sjá að sú trú var ekki út í bláinn.“

Stefán Máni er að leggja síðustu hönd á nýja bók og skilar handriti í mars. Jóhann Páll segir ekki tímabært að upplýsa um efni hennar en segir „Mánann“ ekki hafa slegið slöku við síðan Skipið kom út. „Og mun sýna það og sanna að hann er einhver kraftmesti höfundur þjóðarinnar í dag.“

jakob@frettabladid.is



STEFÁN MÁNI Útgáfusamningar eru fyrirbyggjandi við Ullstein, Gallimard, Albert Bonnier, Gyldendal og Motto.

JÓHANN PÁLL Máninn er gríðarlega öflugur og á mikla möguleika á erlendum bókamarkaði.

Allt á sinn stað í þvottahúsinu



2.870,-

ANTONIUS geymslulausnir
B44xH54, H70 cm



Opið 10-20 virka daga Laugard. 10-18 Sunnud. 12-18

Dreymsdi heila bíómynd

„Kvikmyndahandrit og eftirhermur... jájá, það er bara allt að fréttu,“ segir hinn snjalli söngvari Karl Örvarsson – Kalli Örvars. En hann hefur nú skrifað kvikmynda-handrit sem kvikmyndaframleiðendur hafa sýnt áhuga.

„Þessu laust niður í hausinn á mér á sínum tíma. Ég vaknaði einn morguninn skellihlæjandi vegna bíómyndar sem ég var að horfa á í draumi. Meira að horfa á fremur en að taka þátt í. Konan spurði mig hvers vegna ég væri hlæjandi og ég sagði sem var: Nú, út af myndinni sem ég var að horfa á.“

Kvikmyndin lifði skýr í kolli Kalla og í fyrra, á þessum dimmu drungalegu vetrarmánuðum, fékk Kalli brjóslos. Gat ekki sinnt vinnu en ákvað að taka sig til og skrifa handritið upp.

„Svo meldaði ég mig við einhverja mögúla. En þetta er allt í þróun og bígerð – engar endanlegar niðurstöður um hvert þetta fer



KARL ÖRVARSSON Hefur skrifað kvikmyndahandrit samkvæmt forskrift úr draumalandinu.

nákvæmlega. En viðbrögðin eru mjög góð. Mönnum virðist fullalvara með að þetta geti orðið að mynd í fullri lengd með tíð og tíma.“


Handritið fjallar um íslenska smákrinna en Kalli telur kveikjuna að draumnum þá þegar

hann las um að einhver krimminn hefði brotist inn en löggan ekki þurft að hafa mikið fyrir því að finna hinn seka – rakti förin í snjónum beint heim til viðkomandi.

„Það er svo lágur standardinn á íslenskum glæpamönnum. En félagarnir tveir sem myndin fjallar um fara í helgarferð til Bretlands þar sem þeir hitta alvöru glæpamann af gamla skólanum. Þetta verður svo til þess að þeir koma til Íslands og halda námskeið fyrir íslenska krimma. Vilja hækka standardinn. Hvað er það sem við þurfum? Jú, gott kúbein. Og svo framvegis. Svo eru tölufundir í skemmu uppi á Höfða. Sýnd gróf yfir árangur breskra glæpamanna,“ segir Kalli og telur sig þegar vera búinn að kjafta af sér um of af þessari kvikmynd sem hann dreymsdi og íslenskir bíóhúsagestir fá vonandi að líta hið fyrsta.

Borðstofuseti:
Borð og 6 stólar
Útsöluverð: 49.600 kr.

Bókahilla
Útsöluverð: 34.500 kr.



SMÁVARA
50-70% afsláttur

FADO leðursófi - dökkbrúnn

4ra sæta
3ja sæta
2,5 sæta
Stóll

Útsöluverð 99.000 kr.
Útsöluverð 83.400 kr.
Útsöluverð 77.400 kr.
Útsöluverð 49.800 kr.

Florida-glenskápur:
Útsöluverð 38.000 kr.

Sófaborð:
Útsöluverð 7.250 kr.



Sófi: 3ja sæta - Útsöluverð 49.600 kr.
Stóll: Útsöluverð 34.000 kr.

Copra sófaborð:
Útsöluverð 21.000 kr.

Wing-leðurhægindastóll:
Útsöluverð 36.000 kr.

Copra skenkur:
Útsöluverð: 47.400 kr.

Copra Borðstofuseti:
Borð og 6 Dyon-stólar
Útsöluverð: 79.800 kr.

Copra glenskápur:
Útsöluverð: 58.800 kr.

SPEGLAR
50% afsláttur



ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA! Allt að 70% afsláttur

Opið laugardag kl. 10-17 og sunnudag kl. 13-17



BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | Sími 564 4400 | Fax 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

Nánari upplýsingar um útsöluvörur og útsöluverð eru á www.tekk.is

**BAKÞANKAR**
Davíðs Þórs
Jónssonar

Komdu fagnandi, kreppa!

Nýlega bárust fréttir af því að reykvísk athafnakona hefði tapað morð fjár á fjármálamarkaði. Hún bar sig afar aumlega yfir því að hafa tapað hundruðum milljóna sem hún fékk lánaðar til að nota í fjárhættuspil. Á sama tíma er ekki hægt að greiða þeim sem annast börnin okkar mann-sæmandi laun og gamalmennum er hrúgað inn á fjársveltar stofnanir og gert að lifa á smánarlegri hungurlús.

FORÐUM daga sagði vitur maður einmitt að menningarstig þjóða mætti ráða af því hvernig þær búa að börnum og öldruðum. Það er mikill áfellingdómur yfir Íslendingum. Ég vona að mér fyrirgefist að gráta þurrum tárur yfir óföllum athafnakonu þessarar.

MARGT getur haft áhrif á gildismat þjóðar og siðferði. Það gildir líka um einstaklinga. Hömlulaust neyslubrjálæði hefur persónuleikabreytandi áhrif á fólk og veldur stigvaxandi siðblindu. Leggist brjálæði á heilar þjóðir getur það sent þær aftur á siðferðilegt steinaldarstig. Þegar einstaklingar hafa keyrt líf sitt í andlegt gjaldþrot með þrotlausri, hugbreytandi neyslu, er algert úrræðaleysi oft forsenda þess að þeir nái bata.

EKKERT nema fullkomin uppgjöf getur fyllt þá þeirri örvæntingu sem þarf til að þeir endurskoði líf sitt og gildismat, forgangsraði upp á nýtt og átti sig á því hvað það raunverulega er sem gefur lífinu gildi og hvað það er sem byrgir sýnina á hin sönnu lífsins gæði. Þá verður það sjálfkrafa að keppikefli að láta neysluna lönd og leið. Þótt fólk geti þurft að glíma við erfið fráhrarfseinkenni, jafnvel þrálát síðhvörf, þá hætta neyslan að vera eftirsóknarverð. Það að vera laus úr vítahring neyslunnar verður dýrðlegri munadur en fólk óraði fyrir því að væri til. Kannski virkar sama lausn fyrir þjóðir sem blindaðar eru af neysluæði.

EINHVER kann að hugsa sem svo að þetta sé ekki sambærilegt, að þótt bæði fíklar og athafnafólk helgi líf sitt og vilja því að „komast í efni“ hvað sem það kostar, þá sé merking orðasambandsins gerólík á milli þessara tveggja menningarheima. Gott og vel. En þeim, sem eru þeirrar skoðunar að neysla Íslendinga hafi ekki haft persónuleikabreytandi áhrif á þjóðarsálina upp á síðkastið, ráðlegg ég að skrifa upp úr holunni sem þeir hafa hafst við í síðastliðin fimmtán ár og líta í kring um sig.



Páskapakkar Express ferða

Hafðu gaman um páskana og skelltu þér til **London, Berlínar** eða **Barcelona**. Express ferðir bjóða páskaferðir til þessara spennandi stórborga á frábæru verði. Þú finnur allar nánari upplýsingar á vefnum okkar, www.expressferdir.is.



Barcelona

21.-24. mars

Fararstjóri: Halldór Már Stefánsson

Verð á mann í tvíbýli

59.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Covadona-hótelinu með morgunverði, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.



Berlín

21.-24. mars

Fararstjóri: Lilja Hilmarsdóttir

Verð á mann í tvíbýli

56.700 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 4* hóteli með morgunverði, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.



London

19.-23. mars

Fararstjóri: Þóra Karítas Árnadóttir

Verð á mann í tvíbýli

59.700 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Holiday Inn Bloomsbury með morgunverði og íslensk fararstjórn í skoðunarferðum.

GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn
20. janúar, 20. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	10.44	13.28
Akureyri	10.47	13.23

Heimild: Almanak Háskólans

Nánar á expressferdir.is
eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

